


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Safetravel.is








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
28. mars 2012
74. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Hörð keppni í ár

*Tom Selleck-mottukeppnin fer fram í kvöld. Harðri keppni er spáð.*

**popp 42**

## Sendibréf með sál

*Alliance Francaise opnar sýningu á skreyttum sendibréfum vinkvenna.*

**tímamót 28**



## Enginn getur tekið lögin í sínar hendur

*Geir Þorsteinson, formaður KSÍ, tjáir sig um kynþáttaníð í fótboltanum á Íslandi.*

**sport 38**

## veðrið í dag




**VÆTA VESTAN TIL** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s, hvassast NV-til. Væta vestan til síðdegis, annars þurrt að mestu. Hiti 5-12 stig.

**VEÐUR 4**

# Gengistryggð lán milljónum lægri en verðtryggðu lánin

**Tíu milljóna króna verðtryggt lán hjá ÍLS hækkaði í 15,3 milljónir á tíu árum. Gengistryggt lán stendur í átta milljónum að sama tíma liðnum. Kostar 67 milljarða að færa lán að verðbólgumarkmiði Seðlabanka.**

**EFNAHAGSMÁL** Kostnaður við að færa verðtryggð lán Íbúðalánasjóðs, frá árunum 2002 fram að hruni, niður að stöðunni eins og hún væri hefðu verðbólgumarkmið Seðlabankans staðið nemur 67,2 milljörðum króna. Þetta kemur fram í útreikningum sem KPMG hefur unnið fyrir Helga Hjörvar, formann efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Fyrirtækið reiknaði einnig þróun lána eftir því hvort þau væru verðtryggð eða gengislán. Tíu milljóna króna verðtryggt lán sem tekið var í júní 2002 stóð í 15,323 milljónum króna um síðustu áramót. Eftir dóm Hæstaréttar stendur tíu milljóna króna gengislán, tekið á sama tíma, í 7,974 milljónum króna. Sá sem tók verðtryggt lán skuldar því um 7,3 milljónum krónum meira en sá sem tók gengislánið.

Helgi hefur talað fyrir því að stjórnvöld fjármagni almenna skuldaniðurfærslu með því að skattleggja séreignarlífeyrissparnað strax. Í skýrslu KPMG kemur fram að heildartekjur af því hefðu í lok árs 2011 numið 76,6 milljörðum króna, miðað við lægsta skattþrep (37,35%) og 94,8 milljörðum króna miðað við hæsta skattþrep (46,24%).

Miðað við hámarksútsvar eiga sveitarfélögin 29,7 milljarða af þeirri upphæð. Í skýrslunni er hins vegar gengið út frá því að hluturinn renni ekki án skilyrða eða takmarkana til sveitarfélaganna.

Til þess eru nefndar þrjár leiðir: útsvarið verði greitt í formi skuldabréfs sem byrjað verði að borga af eftir 2014, útsvarið verði greitt út samhliða því að lífeyrisþegar taki út eign úr séreignarsjóðum, eða að Alþingi samþykki með lögum að heildarfjárhæðin renni í ríkissjóð og þá ekkert til sveitarfélaganna. Helgi segir þá niðurstöðu ólíklegasta.

Hugmyndirnar hafa verið kynntar fyrir þremur þingflokkum og Helgi segir þær innlegg í umræðu um skuldamál. „Sá mikli munur sem er á stöðu fólks með verðtryggð íslensk húsnæðislán annars vegar og hinna sem tóku gengistryggð lán kallar á að komið verði til móts við fólk með verðtryggð lán.“

**- kóp / sjá síðu 10**

**Lán tekið í júní 2002***

| Upprunalegur höfuðstóll | 10.000.000 |
|---|---|
| Verðtryggt lán | 15.299.382 |
| Gengistr. miðað við dóm HÍ | 7.974.303 |

*Staðan við síðustu áramót



**ÍSLANDSMET Í TANNBURSTUN** Hátt í 500 grunnskólabörn burstuðu tennurnar á sama tíma í Snælandsskóla í gær og settu þar með Íslandsmet í tannburstun. Tannheilsa íslenskra barna er sú sjötta lélegasta í OECD-ríkjunum og hafa Barnaheill nú hafið undirskriftasöfnun til að vekja athygli á vandamálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sjónvarpsstöðin Al Jazeera:

## Morðin ekki sýnd á skjánum

**FRAKKLAND, AP** Sjónvarpsstöðin Al Jazeera tilkynnti í gær að hún ætlaði ekki að sýna myndband sem franski fjöldamorðinginn Mohamed Merah hafði tekið af ódæðum sínum og sent stöðinni.



**MOHAMED BENALEL MERAH**

Forsvarsmenn Al Jazeera tóku enn fremur fram að enginn fengi afrit af upptökunni en beiðnir höfðu borist um slíkt.

Merah myrti sjö manns í þremur skotárásum en var sjálfur drepinn af sérsveit frönsku lögreglunnar í síðustu viku. Mohamed Benalel Merah, faðir morðingjans, íhugar nú að leggja fram kæru á hendur lögreglunni og segist ekki skilja hvers vegna sonur sinn var ekki handtekinn.

„Þeir hefðu til dæmis geta notað gas og náð honum eins og barni,“ sagði Merah eldri í sjónvarpsviðtali í gær.

**- gb**




Fjárfestar og framkvæmdastjóri Icelandair Hotels vilja opna „kasínó“:

# Spilavíti til að taka á spilavanda

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjárfestarnir og bræðurnir Bjarki og Arnar Gunnlaugssynir og framkvæmdastjóri Icelandair Hotels, Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, vilja bregðast við spilavanda Íslendinga með því að opna spilavíti að danskri fyrirmynd, eða svokallað „kasínó“. Reksturinn yrði undir ströngu eftirliti hins opinbera.

Í grein í Fréttablaðinu í dag segja þau að fyrir sjö árum hafi þau viðrað hugmyndina um opnun spilavítis þegar fyrsta skýrslan um spilavanda Íslendinga kom út.

„Strax þá bentum við á að á Íslandi væri fjárhættuspil stundað á óábyrgan hátt og nær eftirlitslaust,“ segja þau.

Að mati þremenninganna er hægt að bregðast við þessum vaxandi vanda með því að banna spilakassa í sjoppum og koma þeim fyrir í húsnæði þar sem skylt verði að sýna skilríki, eftirlit verði öflugt og forvörnum sinnt. Þá er lagt til að stofnuð verði nefnd á vegum Alþingis þar sem spilamarkaðurinn á Íslandi verði kortlagður til að finna haldbærar lausnir á vandanum.

**- sv / sjá síðu 19**






## SPURNING DAGSINS



*Ragnar, var nokkuð reynt að banna ykkur að fara með þáttinn í loftið?*

„Við deildum smá en náðum síðan lendingu.“

Ragnar Hansson er leikstjóri gamanþátta Mið-Íslands-hópsins sem var synjað um leyfi til að mynda atriði fyrir þáttinn við öryggishliðið í Leifsstöð.

Erfitt getur reynst að fá miða í Herjólf án þess að kaupa miða á Þjóðhátíð um næstu verslunarmannahelgi:

# Þjóðhátíðarnefnd keypti tíu þúsund miða

**SAMGÖNGUR** Þjóðhátíðarnefnd í Vestmannaeyjum keypti um tíu þúsund miða í Herjólf fyrir næstu verslunarmannahelgi til að selja áfram til þjóðhátíðargesta. Um er að ræða 350 miða í 13 ferðir til Eyja á fimmtudegi og föstudegi, og 350 í 15 ferðir frá Eyjum, á mánudegi og þriðjudegi.

Nefndin keypti miðana á fullu verði, 1.150 krónur, og mun selja þá á sama verði til gesta. Ekki er þó hægt að fá miða í skipið frá Þjóðhátíðarnefnd án þess að kaupa miða inn á hátíðina. Vísir greindi frá því í gær að fjölmargar kvartanir hafi borist fréttastofunni vegna þessa. Gunnlaugur Grettisson, rekstrarstjóri Herjólfs, segir það ekki hafa komið til greina að selja nefndinni miðana á einhvers konar magnafslætti.

„Vegagerðin var mjög skýr á því að ef þeir ætluðu að gera fengju þeir engan afslátt,“ segir hann. „Það kom ekki til greina. Miðarnir hefðu alltaf selst upp hvort eð er.“

Yfir verslunarmannahelgi er oftast veitt heimild til að fjölga farþegum í Herjólfi úr 390 í 525. Ef það verður gert í ár eiga því enn eftir að fara um 140 miðar í sölu fyrir hverja ferð. Að sögn Gunnlaugs voru um 500 miðar eftir í sölu þegar þjóðhátíðarnefnd fékk sína miða afgreidda og þeir seldust upp á rúmum sólarhring. **- sv**

### Kynjaskipt og vöktuð svefnpokapláss



Boðið verður upp á kynjaskipt svefnpokapláss inni í vöktuðum íþróttasölum á næstu þjóðhátíð. **Páll Scheving**, formaður Þjóðhátíðarnefndar, sagði í samtali við Vísi í gær að úrræðið væri ekki bein viðbrögð við þeirri umræðu sem skapaðist eftir nauðganirnar sem áttu sér stað á hátíðinni í fyrra, en þetta væri vinkill til að geta betur tryggt öryggi. Einnig verður hægt að tjalda inni í nýja knattspyrnuhúsinu.

Hitametið nálægt því að falla:

## Hiti komst hæst í 18,2°C

**VEÐUR** Einungis 0,1 gráðu vantaði upp á að hitamet frá árinu 1948 félli á Austurlandi um helgina. Hitinn mældist mestur 18,2°C á Skjaldþingsstöðum en fyrra metið var 18,3 gráður. Frá þessu greinir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur á bloggi sínu.

Hitinn komst í 17 gráður á nokkrum stöðum á Austfjörðum. Sjá mátti á hitaritum að hitinn hækkaði heldur eftir hádegi en víða var vindur 10-15 m/sek. **- áas**



**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti hefur áhyggjur af kjarnaeldsneyti á glámbekk.

Leiðtogafundur í Kóreu:

## Ítreka áhyggjur af kjarnorku

**SUÐUR-KÓREA, AP** Leiðtogar nærri sextíu ríkja, sem komu saman í Suður-Kóreu í vikunni, hafa áhyggjur af því að hryðjuverkamenn eigi auðvelt með að komast yfir efni til gerðar kjarnorkusprengju.

Slík efni eru til staðar í mörgum húsum í nokkrum tugum landa. Jafnvel þótt aðeins brotabrot af þeim kæmust í hendur hryðjuverkamanna, þá gætu afleiðingarnar orðið skelfilegar.

„Það þyrfti ekki mikið, ekki nema handfylli eða svo af þessum efnum, til að drepa hundruð þúsunda saklausra manna,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti, „og það eru ekki ýkjur, það er staðreyndin sem við blasir.“ **- gb**

# Segja gamaldags að breikka Miklubraut

**Hverfisráð Hlíða segir áform borgarinnar um að breikka Miklubraut um eina akrein við Klambratún algerlega óásættanlega. Ekki sé á mengunina bætandi. Í staðinn verði akstursstefna á tveimur ystu akreinunum breytileg eftir umferð.**

**SAMGÖNGUR** Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar vill breikka Miklubraut um tvo metra í átt að Klambratúni svo unnt sé að taka frá eina akrein fyrir strætisvagna handan götunnar.

Markmiðið með breytingunni er að greiða fyrir umferð strætisvagna austur Miklubraut. Auk þess sem Miklabraut myndi breikka tvo metra til norðurs á kaflanum frá húsinu númer 24 og austur að Lönguhlíð yrði komið fyrir eins metra háum vegg sunnan megin við götuna til að skerma af hljóð og vatnsaustur í átt að íbúðarhúsunum. Jafnframt á að loka fyrir útakstur úr Reykjahlíð inn á Miklubraut og beina þeirri umferð út úr hverfinu um Eskihlíð.

Hverfisráð Hlíða fékk áformin til umsagnar og leggst alfarið gegn þeim. „Hverfisráð Hlíða tekur undir það markmið að greiða strætisvögnum leið en telur að fyrirliggjandi tillaga til að uppfylla þessa ósk Strætó sé með öllu óásættanleg, gamaldags og gangi gegn þeim meginmarkmiðum nútíma borgarsamfélags að auka ekki frekar göturými og þar með tilheyrandi loft- og hljóðmengun af völdum umferðar frekar en orðið er,“ segir hverfisráðið í sinni umsögn.

Enn fremur segir hverfisráðið að tillagan gangi gegn niðurstöðu samráðs íbúanna og borgarinnar frá því í nóvember 2008 þar sem niðurstaðan hafi verið að leggja Miklubraut í niðurgrafinn stokk. Tillagan sem nú liggi fyrir myndi seinka þeirri framkvæmd.

Þá minnir hverfisráðið á skýrslu frá árinu 1997 þar sem fram kom að yfir tvö þúsund íbúar væru „þjakaðir af hávaðamengun“. Fullyrt er að þessi fjöldi sé síst minni í dag „án þess að borgin hafi gert nokkuð til þess að dregið sé úr hávaða frá brautinni“ og að það sýni „andvaraleysi“ sem ríkt hafi lengi hjá borginni gagnvart slíkum málum.

Til þess að leysa málið varðandi strætisvagnana án þess að breikka Miklubraut leggur Hverfisráð Hlíða til að núverandi fjórar akreinar verði „fljótandi“ með ljósastýrðum akreinaskiltum.

„Árdegis yrðu þannig þrjár akreinar í vesturátt og þar af ein sérmerkt strætisvögnum og ein akrein nýtt fyrir akstur í austurátt. Á eftirmiðdögum snerist dæmið svo við og þá væru þrjár akreinar fyrir akstur í austurátt, þar af ein fyrir strætisvagna og ein í vesturátt,“ útskýrir hverfisráðið í umsögn sinni sem borgarráð hefur nú vísað ásamt málinu öllu til umferðar- og samgönguráðs. **gar@frettabladid.is**



**MIKLABRAUT SÉÐ TIL AUSTURS** Samgöngusvið borgarinnar vill bæta akrein fyrir strætó við Miklubraut með því að breikka hana í átt að Klambratúni. Hverfisráðið vill að gatan verði áfram fjórar akreinar en bæta eigi við hjólastígum með því að fjarlægja umferðareyjuna í miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Lést í slysi

**Hans Ágúst Guðmundsson Beck, 25 ára Akureyringur, lést í umferðarslysi á Ólafsfjarðarvegi við bæinn Krossa á Árskógsströnd síðdegis á mánudag.**

**Hans ók sendibíl sem lenti í árekstri við vöruflutningabíl. Báðir ökumennirnir voru fluttir á spítala og þar var Hans úrskurðaður látinn.**

**Hans lætur eftir eftir sig eiginkonu og tvö börn.**



**HANS ÁGÚST GUÐMUNDSSON BECK**

Nauðgunarmál fellt niður:

## Fær hálfa milljón í bætur fyrir varðhaldsvist

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugum manni hafa verið dæmdar 500 þúsund krónur í bætur frá íslenska ríkinu vegna ólögmætrar gæsluvarðhaldsvistar.

Maðurinn, sem er ættaður frá Perú, var handtekinn í maí 2009, grunaður um að hafa, í félagi við annan mann, nauðgað konu í Tryggvagötu nóttina áður. Hann neitaði sök frá upphafi og sagðist hafa verið við vinnu alla nóttina eins og vitni gætu staðfest en var engu að síður úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald og gerð á honum líkamsleit.

Málið var síðan fellt niður. Maðurinn segir það hafa haft djúpstæð áhrif á líf hans, hann hafi skilið við konu sína og misst vinnuna. Dómurinn segir ekki sannað að beint orsakasamband sé þar á milli en dæmir honum engu að síður hálfa milljón af þeim tíu sem hann krafðist. **- sh**






Fréttablaðið efnir til ljósmyndasamkeppni með þemað „Páskastemning“:

# Ljósastúdíó fyrir sigurvegarann

**MENNING** Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins hefst í dag og er þemað „Páskastemning“. Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins laugardaginn 7. apríl næstkomandi.

Verðlaun fyrir fyrsta sætið er heimaljósastúdíó frá Nýherja. Í því eru tveir 150W ljósastandar, regnhlíf og DVD-kennsludiskur. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru ferðir í Borgarleikhúsið fyrir tvo.

Hver þátttakandi skal senda inn eina mynd og gildir fyrsta myndin. Hún skal hafa verið tekin nú í vetur. Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem eru teknar af öðrum en sendanda.

Áskilinn er réttur til að hafna hvaða mynd sem er og til að breyta fyrirsögn og myndatexta í birtingu, jafnframt er áskilinn réttur til birtingar mynda á forsíðu blaðsins. Innsendar myndir eru eign höfunda, en Fréttablaðinu og Vísir.is er heimilt að birta þær í tengslum við keppnina og í kjölfar hennar svo fremi sem höfundarnafn sé tiltekið.

Samkeppnin stendur frá morgni dagsins í dag, 28. mars, til klukkan tólf á hádegi þriðjudagsins 3. apríl.

Tekið er við myndum í netfanginu ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is og skulu þær vera í nægilegri upplausn til að birta í blaðinu. Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer.



**SIGURMYNDIR** Fréttablaðið efnir nú til ljósmyndasamkeppni, en margir verðugir sigurvegarar hafa hingað til fengið myndir sínar birtar á forsíðu blaðsins.

Ford
*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.

# Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.




## Lífið er greit

Spyrðu um fram-lengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 5.390.000 kr.
Lægra verð fyrir beinskiptan með 140 hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari upplýsingar á ford.is hjá ráðgjöfum.

**Ford Kuga Titanium S AWD**
Páskaverð frá: 6.290.000 kr.
Betra verð fyrir sjálfskiptan með 163 hestafla TDCi dísilvél. Fáðu nánari upplýsingar á ford.is eða hjá ráðgjöfum.

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja

**Komdu í kaffi**
**Komdu í Brimborg í dag**
Opið 9 - 17

## Opið í dag
*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 9 - 17*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

## GENGIÐ 27.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,08 | 126,68 |
| Sterlingspund | 201,39 | 202,37 |
| Evra | 168,41 | 169,35 |
| Dönsk króna | 22,647 | 22,779 |
| Norsk króna | 22,195 | 22,325 |
| Sænsk króna | 18,921 | 19,031 |
| Japanskt jen | 1,5221 | 1,5311 |
| SDR | 195,15 | 196,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

230,5082

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einn dæmdur á tólf mánaða skilorð fyrir að brenna fornminjar til grunna og þrír sýknaðir:

# Einn dæmdur fyrir að brenna Krýsuvíkurkirkju

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt rúmlega tvítugan mann í eins árs fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir að leggja eld að Krýsuvíkurkirkju í janúar 2010 með þeim afleiðingum að hún brann til ösku. Dómurinn féll um miðjan febrúar en hefur ekki verið birtur opinberlega.

Einn rúmlega tvítugur maður og tvær tæplega tvítugar stúlkur eru hins vegar sýknuð af aðild að málinu.

Fólkið viðurkenndi allt fyrir dómi að hafa farið að Krýsuvíkurkirkju umrætt kvöld og kannaðist við að kviknað hefði í kirkjunni. Allt skellti það skuldinni á hinn dæmda, sem játaði að hafa hellt úr bensínbrúsa inni í kirkjunni og reynt að kveikja í. Hann sagði hins vegar að tilraunir sínar hefðu allar verið mislukkaðar og að endingu hafi það verið hinn maðurinn sem kveikti eldinn.

Dómurinn hafnar þessu og telur ekkert sanna að hinn maðurinn og stúlkurnar tvær hafi átt þátt í íkveikjunni.

Hinn dæmdi hefur áður komist í kast við lögin. Hann er haldinn vægri þroskaskerðingu sem þó hefur ekki áhrif á sakhæfi hans. Það er virt honum til refsilækkunar að hann hafi að mestu leyti játað sök í málinu.

Krýsuvíkurkirkja var á fornminjaskrá og er maðurinn dæmdur til að greiða Þjóðminjasafninu 7,3 milljónir í skaðabætur. Til stendur að endurbyggja kirkjuna. **- sh**



**KRÝSUVÍKURKIRKJA** Kirkjan er metin á tæpar tólf milljónir. Þar af fást fjórar og hálf úr brunatryggingum en afganginn þarf sá dæmdi að greiða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**VÍTISENGLAR** Fjórmenningunum var sleppt að loknum yfirheyrslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögregla handtók fjóra:

## Tóku vopnabúr af Hells Angels

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók fyrir helgi fjóra liðsmenn samtakanna Hells Angels og leituðu í kjölfarið á sex stöðum í Reykjavík, Vogum og Reykjanesbæ.

Þar fannst nokkuð af vopnum, afsöguð haglabyssa, rafstuðbyssa, lásbogi, loftbyssur og hnífar, sem lögregla tók í sína vörslu. Þá var lagt hald á fíkniefni, eftirlýsta bifreið og töluvert af munum sem taldir eru vera þýfi, meðal annars bílvélar og loftpressu, að því er segir í tilkynningu frá lögreglunni.

Lögreglulið af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum tók þátt í aðgerðunum og naut liðsinnis tollgæslu og manna frá Ríkislögreglustjóra. Hinum handteknu var sleppt að loknum yfirheyrslum. **- sh**

### ALÞINGI

**Framsókn vill banna gengi**

Þingflokkur Framsóknarflokks lagði fram tillögu á Alþingi í gærkvöld um bann við skipulagðri glæpastarfsemi. Flokkurinn vill að innanríkisráðherra leggi fram frumvarp sem banni brotahópum sem stundi skipulagða glæpastarfsemi að starfa hér á landi.

### HALDIÐ TIL HAGA

Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, var titlaður formaður þess í blaðinu í gær. Guðmundur lét af formennsku fyrir um ári og tók Kristján Þórður Snæbjarnarson við.

# Umfangsmiklar húsleitir hjá Samherja

**Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, með aðstoð embættis sérstaks saksóknara, gerði í gær húsleitir hjá Samherja vegna gruns um brot á lögum um gjaldeyrismál. Forstjóri Samherja segir fyrirtækið alfarið hafa farið eftir lögum.**

**LÖGREGLUMÁL** Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands, með aðstoð embættis sérstaks saksóknara, gerði í gær húsleitir í starfsstöðvum Samherja, stærsta sjávarútvegsfyrirtækis landsins, í Reykjavík og á Akureyri. Leikur grunur á að Samherji hafi gerst brotlegur við lög um gjaldeyrismál. Fyrirtækið neitar sök.

Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans, staðfesti að húsleitirnar hefðu farið fram og sagði að um 25 manns hefðu tekið þátt í þeim á vegum beggja embætta. Að öðru leyti vildi Stefán ekki tjá sig um málið.

Leitað var gagna á skrifstofum Samherja á Akureyri og í Reykjavík en auk þess í starfsstöðvum annars fyrirtækis sem hefur átt í viðskiptum við Samherja. Ekki liggur fyrir hvort einhverjir hafa verið handteknir eða yfirheyrðir í tengslum við málið.

Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær var fullyrt að Seðlabankinn hefði rökstuddan grun um að Samherji hefði um árabil selt dótturfélagi fyrirtækisins í Þýskalandi íslenskar sjávarafurðir á undirverði. Þannig hefði fyrirtækið brotið lög um gjaldeyrismál því fullt verðmæti sjávarafurðanna hefði ekki skilað sér til Íslands í formi gjaldeyris.

Síðar um kvöldið birti Kastljós fréttaskýringu um verðlagningu sjávarafurða á Íslandi. Kom þar fram að við vinnslu fréttaskýringarinnar hefði þátturinn komist yfir upplýsingar sem bentu til þess að dótturfélag Samherja hefði keypt sjávarafurðir af íslenskum skipum fyrirtækisins á undirverði. Upplýsingarnar hefðu verið bornar undir gjaldeyriseftirlit Seðlabankans sem hefði í kjölfarið hafið rannsókn á málinu.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, neitar því hins vegar að fyrirtækið hafi gerst brotlegt við lög um gjaldeyrismál. „Hjá Samherja hefur í einu og öllu verið farið að lögum hvort sem það varðar gjaldeyrisviðskipti eða önnur málefni. Þessar aðgerðir Seðlabankans í dag eru tilefnislausar og hljóta að vera byggðar á röngum upplýsingum eða öðrum ástæðum sem okkur er ekki kunnugt um hverjar eru," segir Þorsteinn.

Þá segir í tilkynningu sem Samherji sendi frá sér í gær vegna málsins að fyrirtækið selji mikið magn afurða í gegnum erlend sölufyrirtæki sín, Ice Fresh og Seagold. Verðlagning í þeim viðskiptum sé í alla staði rétt og eðlileg og engum gjaldeyri haldið eftir sem beri að skila.

**magnusl@frettabladid.is**



**VIÐ SKRIFSTOFU SAMHERJA Í REYKJAVÍK Í GÆR** Húsleitir fóru fram samtímis í starfsstöðvum Samherja á Akureyri og í Reykjavík auk þess sem gagna var leitað í starfsstöðvum annars fyrirtækis sem átt hefur í viðskiptum við Samherja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Boða sektir á Strawberries:

## Alltof stór skilti í kráargluggum

**REYKJAVÍKURBORG Skemmtistaðurinn Strawberries hefur ekki orðið við fyrirmælum byggingarfulltrúa frá í nóvember um að fjarlægja auglýsingafilmur úr gluggum og ljósaskilti sem ekki er leyfi fyrir.**

**Borgarráð hefur því samþykkt að gefa staðnum sjö daga fresta og beita hann síðan fimm þúsund króna sekt á dag þar til skiltið og auglýsingarnar eru á brott. Ekki var sótt um leyfi fyrir skiltinu og auglýsingarnar eru of stórar; fjórir fermetrar þegar hámarkið er 1,5 fermetrar. Á auglýsingunum er annars vegar kampavínsglas og hins vegar „kvenmannsvarir sem eru við það að leggja sér jarðarber til munns," eins og segir í bréfi lögmanns Strawberries til borgarinnar. - gar**

SAF og ráðuneyti í átaki:

## Saga ferðaþjónustunnar í bók

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stefnt er að útgáfu sögu ferðaþjónustunnar á Íslandi innan þriggja ára, samkvæmt samkomulagi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og iðnaðarráðuneytisins.



**ÁRNI GUNNARSSON**

Árni Gunnarson, formaður SAF, segir að ýmislegt hafi verið gert til að skrásetja einstök sögubrot úr ferðaþjónustunni, svo sem með kostun og vefútgáfu víðtala við ýmsa af frumkvöðlum íslenskrar ferðaþjónustu. Hann segir stjórn SAF hafa ákveðið að verja fimm milljónum króna til að koma af stað ritun sögunnar, en ráðuneytið leggi fram sömu upphæð á móti. **- óká**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR Á FÖSTUDAG** Veður breytist ekki mikið fyrr en á föstudag en þá snýr hann sér í norðanátt með heldur kólnandi veðri. Fram að því verður áfram nokkuð milt og lítils háttar rigning eða súld.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 17° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 16° |
| París | 20° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

toyotakopavogi.is

# Hjá okkur eru gæði lífsstíll



## Verið ávallt velkomin

Komdu í sýningarsal Toyota Betri notaðra bíla á Nýbýlavegi 4, við tökum vel á móti þér.
Allir bílar fara í 125 punkta gæðaskoðun, ef bíllinn stenst ekki skoðun bjóðum við þér hann ekki.

- Lágmarksábyrgð: 12 mánuðir
- Gæðaeftirlit: 125 punkta skoðun Toyota
- Sjö daga skiptiréttur
- Raunhæf verðlagning
- Tökum gamla bílinn uppí
- Gott endursöluverð
- Framúrskarandi Toyota þjónusta
- Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Ítarlegar upplýsingar um hvern bíl útskýrðar með þessum táknum!

| 1 ár | 75% | 8,1 lítrar | $CO_2$ 213g | P |
|---|---|---|---|---|
| Lágmarks-ábyrgðartími | Lánshlutfall | Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri | Útblástur $CO_2$ gr. | Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk. |




**Lexus RX350 Luxury**
3500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna 04/07 Ekinn: 81.000 km
Verð 6.290.000 kr. Raðnr.: 998231




**Toyota Avensis Sol S/D**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna 06/10 Ekinn 52.000 km
Verð 3.840.000 kr. Raðnr.: 998298




**Toyota Auris Sol**
1600 Bensín, 5 gírar
Á götuna: 06/09 Ekinn: 54.000 km
Verð 2.660.000 kr. Raðnr.: 998316




**Toyota Yaris Terra**
1000 Bensín, 5 gírar
Á götuna: 6/10 Ekinn 47.000 km
Verð: 1.990.000 Raðnr.998235




**Toyota Land cruiser 120 GX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 06/08 Ekinn: 63.500 km
Verð 6.650.000 kr. Raðnr.: 998330




**Toyota Verso Luna, 7 sæta**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 11/11 Ekinn: 4.000 km
Verð 5.050.000 kr. Raðnr.: 998321




**Toyota Hilux D/C**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 08/07 Ekinn: 61.000 km
Verð 3.850.000 kr. Raðnr.: 998288




**Toyota Avensis Sol W/G**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07/09 Ekinn: 54.000 km
Verð: 3.390.000 Raðnr. 998322




**Toyota Land cruiser 200 VX**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07/09 Ekinn: 26.000 km
Verð: 12.100.000 Raðnr. 998271




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna 06/07 Ekinn 94.000 km
Verð 2.550.000 kr. Raðnr.: 998297




**Toyota Rav4 X**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05/11 Ekinn: 21.000 km
Verð 5.470.000 kr. Raðnr.: 998308




**Toyota Avensis Sol W/G**
2200 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 12/09 Ekinn 101.000 km
Verð: 4.500.000 Raðnr.998246

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is, toyotakopavogi.is**

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

**Betri notaðir bílar** TOYOTA

## KJÖRKASSINN



*Þekkir þú dæmi um að númeraplötu hafi verið stolið af bíl?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,7% |
| Nei | 76,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Stjórnvöld í Sýrlandi samþykktu friðaráætlun Kofi Annan en hörð átök áttu sér þó stað í gær:

# Sýrlandsstjórn samþykkti friðaráætlun

**SÝRLAND, AP** Stjórnvöld í Sýrlandi samþykktu í gær að fara eftir friðaráætlun sem Kofi Annan, sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins, lagði til. SÞ telja að 9.000 manns hafi fallið í uppreisninni í landinu.

Áætlunin felur meðal annars í sér vopnahlé og viðræður um pólitíska lausn. Annan sendi Bashar Assad forseta bréf þar sem hann hvetur til að henni verði hrint í framkvæmd strax.

Hörð átök urðu þó á milli hermanna og uppreisnarmanna í gær, og teygðu sig um tíma að landamærum Líbanons. Hernaðaryfirvöld þar í landi sögðu að engir sýrlenskir hermenn hefðu komið yfir landamærin, en sjónarvottar báru þó að tugir þeirra hefðu farið yfir markalínuna. Skotið var yfir landamærin á strjálbýlt svæði.

Annan telur samþykkt stjórnarinnar mikilvægt upphafsskref sem gæti bundið enda á ofbeldið, að sögn talsmanns hans. Uppreisnarmenn eru þó fullir efasemda. Hópar uppreisnarmanna hittust í Istanbúl í Tyrklandi til að stilla saman strengi og ná sátt sín á milli en þeir hafa lengi verið sundurleitir.

Assad heimsótti borgina Homs í gær. Hann fór í Baba Amr-hverfið, sem var eitt helsta vígi uppreisnarmanna þar til fyrir stuttu. Íbúar tóku á móti Assad með stuðningshrópum. Hann lofaði fólki að hverfið yrði endurreist.

Á sunnudag funda fulltrúar Tyrklands, Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og Arababandalagsins í Istanbúl um leiðir til að þrýsta frekar á Assad og styðja uppreisnarmenn. **- þeb**

### Þetta felur friðaráætlun í sér

1. Pólitískar viðræður um væntingar og áhyggjur sýrlensks almennings.
2. Allir aðilar hætti vopnuðum átökum til þess að vernda almenna borgara. Sameinuðu þjóðirnar hafi eftirlit með þessu.
3. Allir aðilar tryggi að hægt verði að veita neyðaraðstoð á þeim stöðum sem hafa orðið illa úti í átökum. Það verði gert með tveggja tíma vopnahléi á hverjum degi.
4. Stjórnvöld hraði lausn þeirra sem teknir hafa verið til fanga í uppreisninni.
5. Stjórnvöld tryggi blaðamönnum ferðafrelsi um allt landið.
6. Stjórnvöld virði félagafrelsi og rétt fólks til að mótmæla friðsamlega.

*Engin tímamörk eru sett í friðaráætluninni og í henni er ekki gerð krafa um að Assad forseti fari frá völdum.*






# Stjórnmálamenn vilja fé lífeyrissjóða

**Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna segir margháttaða baráttu fram undan sem varði framtíðarhagsmuni lífeyrissjóða. Stjórnmálamenn vilji komast yfir fjármuni þeirra. Raunávöxtun á fjármunum er töluvert undir kröfu.**

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) átti 345,5 milljarða króna í hreinni eign til greiðslu lífeyris í lok síðasta árs. Sú eign hækkaði um 35,6 milljarða króna á árinu 2011. Alls voru greidd iðgjöld í sjóðinn 17,3 milljarðar króna á árinu og hann greiddi 7,4 milljarða króna út í lífeyri. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2011 var 2,9% og hrein raunávöxtun hans á tíu ára tímabili er 2,8%. Það er undir þeirri 3,5% raunávöxtunarkröfu sem hvílir á lífeyrissjóðum. Þetta kemur fram í ársskýrslu LV sem kynnt var á aðalfundi hans í gær.

Í ræðu sinni á aðalfundinum sagði Helgi Magnússon, stjórnarformaður LV, að fram undan væri margháttuð barátta um raunverulega stórmál sem vörðuðu framtíðarhagsmuni sjóðsins. „Kröfur eru gerðar á hendur lífeyrissjóðunum úr ýmsum áttum. Í sumum tilvikum er verið að fara fram á að sjóðirnir bregðist við kröfum með þeim hætti sem þeim er óheimilt samkvæmt lögum. Það á til dæmis við hugmyndir um niðurfellingar á hluta sjóðsfélagalána þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum. Stjórnmálamenn hafa valið að tala um að lífeyrissjóðirnir séu þverir og staðir þegar kemur að lausnum af þessu tagi. Það gera þeir til að beina athyglinni frá eigin vandræðagangi við að finna lausnir á vanda fólks. Staðreyndin er sú að lífeyrissjóðir hafa engar lagaheimildir til að fella niður kröfur sem mögulegt er að innheimta.“

Helgi vék líka að hugmyndum um afnám verðtryggingar, sem hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu. Hann sagði ljóst að afnám hennar myndi hafa gífurleg áhrif á stöðu lífeyrissjóða þar sem stór hluti eigna þeirra væri verðtryggður í íslenskum krónum. „Þeir sem tala fyrir afnámi verðtryggingar verða samhliða að taka afstöðu til þess hvort eigi þá samtímis að hætta að hafa lífeyri úr lífeyrissjóðum verðtryggðan […] verðtrygging skuldbindinga er forsenda þess að lífeyrir okkar sjóðsfélaga geti verið verðtryggður.“

Í ræðu sinni sagði Helgi að marga stjórnmálamenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, dreymdi um að komast yfir fjármuni lífeyrissjóðanna. „Ekki gleyma því að lífeyrissjóðirnir skiptast í meginatriðum upp í tvö mismunandi kerfi. Það er frjálsa kerfið sem við erum hluti af […] svo hins vegar opinbera kerfið sem er ríkistryggt. Það kerfi er í mínus upp á 500 milljarða króna og við skattgreiðendur berum ábyrgð á þeim halla. Stjórnmálamenn bera ábyrgð á því kerfi með þeirri löggjöf sem um það gildir. Þeir eru reyndar allir sjóðsfélagar þar og þurfa ekki að taka við neinum skerðingum þegar á móti blæs. Við stjórnmálamenninna segi ég: leysið fyrst vanda opinbera lífeyriskerfisins áður en þið farið að bjóða fram aðstoð ykkar við að móta almenna kerfið og segja okkur fyrir verkum.“ **thordur@frettabladid.is**



**STJÓRNARFORMAÐUR** „Þeir sem tala fyrir afnámi verðtryggingar verða samhliða að taka afstöðu til þess hvort eigi þá samtímis að hætta að hafa lífeyri úr lífeyrissjóðum verðtryggðan,“ sagði Helgi Magnússon í ræðu sinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### Tap vegna gjaldmiðlavarna gæti aukist

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) var með gjaldmiðlavarnarsamninga líkt og margir aðrir sjóðir fyrir bankahrun. Í ársskýrslu sjóðsins kemur fram að hann hafi alls gert slíka samninga að fjárhæð 93,2 milljarðar króna. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi við þrotabú gömlu bankanna vegna þessara samninga. Í janúar 2012 ákvað LV að fela lögmönnum að gæta hagsmuna sjóðsins við uppgjör þeirra.

Sjóðurinn bókfærir því skuld sína vegna samninganna á grunni sérfræðiálita og áætlar hana 20,9 milljarða króna. Þá er gert ráð fyrir því að þeir verði gerðir upp á öðru gengi en þrotabúin hafa viljað og að búið sé að skuldajafna þeim kröfum sem mögulegt er gagnvart skuldinni. Í ársskýrslunni segir að „verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins“.


## Opinn kynningarfundur Landsnets

Landsnet býður til opins kynningarfundar um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð (salur H-I), fimmtudaginn 29. mars kl. 9:00 - 12:00.

Dagskrá:

**Starfsumhverfi Landsnets: Tekjurammi og hlutverk Landsnets í framtíðarskipan orkumála.**
Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets.

**Rekstrarumhverfi Landsnets: Þróun gjaldskrár og framkvæmdir.**
Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

**Þróun flutningskerfis Landsnets: Þjóðhagslegur ávinningur.**
Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

**Flutningskerfið og umhverfið: Háspennulínur og strengir.**
Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets.

*Fundarstjóri:*
Þorgeir J. Andrésson, skrifstofustjóri Landsnets.

Skráning á kynningarfundinn fer fram á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is.

Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:30.

**Allir velkomnir!**

LANDSNET
www.landsnet.is


Plöntuvistfræðingur telur líklegt að kerfill breiðist yfir lúpínusvæði á næstu árum:

# Skógarkerfill sækir í sig veðrið

**NÁTTÚRA** Skógarkerfill hefur lagt undir sig lúpínubreiður í Hrísey á undanörnum árum. Gróska kerfilsbreiða hefur nú verið rannsökuð í fyrsta sinn og því er hægt að fá vísbendingar um hvers er að vænta í landi sem skógarkerfill leggur undir sig.

Að sögn Borgþórs Magnússonar, plöntuvistfræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, sækir kerfillinn helst í frjósamt land og gömul tún sem hætt er að rækta.

„Skógarkerfillinn er nýr leikmaður í spilinu,“ segir Borgþór. „Það er líklegt að hann eigi eftir að láta að sér kveða víða.“ Skógarkerfillinn fylgir kjörlendi lúpínunnar og segir Borgþór að nánast ekkert þrífist undir honum.



**HVÍTAR BREIÐUR** Hér sést hvernig skógarkerfill hefur dreift sér á Mógilsá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Plöntunnar hefur nú orðið vart við Húsavík og Reykjavík. „Ef menn eru ekki á varðbergi er alveg hægt að eiga von á því að hann leggist yfir lyngmóa, sem er ekki ákjósanlegt að margra dómi.“

Borgþór segir niðurstöður rannsókna á lúpínu í fyrrasumar sýna að vöxtur og útbreiðsla hennar sé mjög misjafn eftir landshlutum og aðstæðum. Hann kynnir niðurstöðurnar í erindi hjá Náttúrufræðistofnun í dag. **- sv**




# Fyrirmyndar-fjölskylda!

Í 10–11 finnurðu frábært vöruúrval. Þú færð súpurnar, kraftinn, kryddin og alla hina í Knorr-fjölskyldunni í næstu 10–11 verslun.




10 11

...alltaf opið!

Fíton ehf./SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða Afríkuríki sigraði Macky Sall nýlega í forsetakjöri?*
2. *Hver er forstjóri WOW Air?*
3. *Hver er framkvæmdastjóri LÍÚ?*

**SVÖR:**

1. Senegal, 2. Baldur Oddur Baldursson 3. Friðrik J. Arngrímsson.

Gasleki í Norðursjó:

## Rýma þurfti þrjá borpalla

**BRETLAND, AP Nokkur hundruð starfsmanna olíufyrirtækjanna Shell og Total hafa forðað sér frá þremur olíuborpöllum í Norðursjó vegna gasleka neðansjávar, sem fyrst varð vart um síðustu helgi í einum borpallanna.**

**Þá hefur öll umferð skipa og flugvéla um svæðið verið bönnuð vegna eldhættu. Ýmis viðbrögð eru til skoðunar, en líklegast þykir að beðið verði í nokkrar vikur á meðan gasið er að tæmast úr borholunni.**

**„Gasið er eldfimt, en slökkt hefur verið á rafmagni á pallinum til að draga sem mest úr hættunni,“ sagði David Hainsworth, öryggisfulltrúi franska fyrirtækisins Total sem rekur borpallinn Elgin þar sem lekinn er. - gb**

# Búlandsvirkjun hefur mikil áhrif á náttúru og byggð

**Búlandsvirkjun var í hópi virkjana sem taldar voru hafa hvað neikvæðust umhverfisáhrif í rammaáætlun. Náttúruverðmæti á heimsvísu á áhrifasvæðinu. Virkjun reiðarslag fyrir búskap og ferðamennsku, segir bóndi.**

**VIRKJANIR** Ástæður þess að Búlandsvirkjun er sett í biðflokk í frumvarpi um rammaáætlun eru að veruleg óvissa ríkir um umhverfisáhrifin en á vatnasviði Skaftár og á áhrifasvæði virkjunarinnar eru náttúruverðmæti á heimsvísu. Þetta kemur fram hjá Þóru Ellen Þórhallsdóttur sem var formaður faghóps I og í verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar.

Virkjunin er rétt austan Eldgjár, á svæði með einstakar jarðminjar, sérstakt lífríki og fjölbreytt og fagurt landslag. Faghópurinn taldi að vatnasvið Skaftár væri á heildina litið fimmta verðmætasta svæðið af þeim 30 sem metin voru í 2. áfanga rammaáætlunar, og Búlandsvirkjun var í hópi þeirra tíu vatnsaflsvirkjana sem faghópurinn taldi að myndu hafa hvað neikvæðust áhrif á umhverfi.

Virkjunin hefur áhrif á þrjár ár, Skaftá, Syðri-Ófæru og Tungufljót, og felur m.a. í sér að farvegur Skaftár verður nær þurr á allt að 15 km kafla neðan Hólaskjóls.

Þóra Ellen segir að þessari virkjun fylgi meiri óvissa um umhverfisáhrif heldur en mörgum öðrum sem metnar voru í rammaáætlun, meðal annars vegna þess að gert er ráð fyrir að í Skaftárhlaupum verði stíflan felld niður á kafla þannig að hlaupvatn fari ekki í miðlunarlónið heldur niður upprunalegan farveg Skaftár.

Óvissa ríkir um setsöfnun ofan stíflunnar, og fok úr farveginum í kjölfar hlaupa og frá miðlunarlóninu sem á að vera í grunnum og grónum dal. Þá segir Þóra óvissu ríkja um áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og lindir í byggð, en við Botna í Eldhrauninu sunnan Skaftár er einn mesta lindasvæði á landinu og í Grenlæk og Tungulæk eru mikil verðmæti í sjóbirtingi.

Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði mikil á mjög verðmætt svæði. kolbeinn@frettabladid.is



**BÚLANDSVIRKJUN** Suðurorka vinnur að undirbúningi Búlandsvirkjunar. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að umhverfismat gæti verið tilbúið um mitt næsta ár og gagnrýnir að virkjunina eigi að setja í biðflokk.

## Ógnar búskap

Búlandsvirkjun hefði í för með sér margvísleg áhrif á byggð í Skaftárhreppi að mati Heiðu Guðnýjar Ásgeirsdóttur, bónda á Ljótarstöðum. Hún segir að rennslið í Tungufljóti mundi minnka um helming, en það er bergvatnsá. Í henni er góð veiði. Heiða segir fátt verðmætara en vatn nú um mundir og áin sé kennileiti í sveitinni. „Það á að stífla Skaftá við Ráðsgljúfur og veita í lón á Þorvaldseyrum. Rennslið í Tungufljóti minnkar allavega um helming og fiskgegnd verður helmingi minni. Það kemur yfirfall úr lóninu og með því jökulframburður í Tungufljót.“



**HEIÐA GUÐNÝ ÁSGEIRSDÓTTIR**

Heiða segir virkjunina í besta falli vera umhverfisslys og hún yrði reiðarslag fyrir sauðfjárbúskap og ferðamennsku. „Sveitarfélagið byggir á landbúnaði og ferðaþjónustu og hér er veiðiá. Þetta er úr takti við nútíma byggðastefnu. Það hlýtur að mega framleiða rafmagn á landi þar sem er ekki stunduð matvælaframleiðsla,“ segir Heiða, sem er ekki í vafa um áhrifin fyrir Ljótarstaði: „Þetta kippir fótunum undan búskap á þessari jörð.“



*Í boði fyrir 3GB-30GB pakka. Gildir meðan birgðir endast.

GOTT VERÐ
2.499kr/stk




# ÚRVAL AF LÍFRÆNUM VÖRUM
## Í NÆSTU HAGKAUPSBÚÐ

### KONFEKTMOLAR
*með marsipanfyllingu*

**Súkkulaðið:**
- ½ dl kaldpr. kókosolía
- ½ dl kakósmjör
- ½ dl hreint kakóduft
- ½ dl agavesíróp
- 1-2 msk lucuma
- smá vanilla
- smá salt

**Marsipan:**
- 75 g heslihnetur, fínmalaðar
- 1/8 tsk salt
- ¼ dl agavesíróp
- ½ tsk vanilludropar eða duft
- ¼ dl kókosolía eða kakósmjör
- 3-4 möndludropar

**Súkkulaðið:** Setjið kókosolíudósina stutta stund í heitt vatn (40°C er passlegt) til að gera hana fljótandi. Bræðið kakósmjörið yfir vatnsbaði. Hrærið restinni af hráefnunum saman í skál.

**Heimatilbúið marsipan:** Setjið allt nema kókosolíu/kakósmjör í matvinnsluvélina og blandið mjög vel saman. Bætið kókosolíu/kakósmjöri út í og klárið að blanda. Hægt að setja fyllinguna inn í kæli/frysti í 10–15 mín. svo hún verði stíf.

**Aðferð:** Setjið konfektformin inn í frysti í a.m.k. 30–60 mín. Hellið fljótandi súkkulaði í formin og veltið því upp eftir börmunum. Setjið síðan fyllinguna í formin og endið á að setja súkkulaði til að loka molanum.

**LUCUMADUFT**
Æðislegt í sjeika og ís til að gefa sætt og gott bragð, stundum kallað gull Inkanna.

**MACA**
er rótargrænmeti og sögð auka einbeitingu, úthald, orku og frjósemi – aðalega notað í sjeika, konfekt og súkkulaði.






pukka
*lífræn jurtate*



*bókhveitiflögur og 3 korna glúteinlaust mjöl*




**BEE POLLEN**
Blómafrjókorn eru einstaklega næringarrík afurð sem hefur margs konar heilsubætandi áhrif á líkamann. T.d. út í drykki, grauta, boost eða taka eintómt. 1 tsk á dag er hæfilegur skammtur.



**HVEITIKÍMOLÍA**
Rík af E-vítamíni, sem hefur græðandi áhrif á erfiða húðkvilla. Einnig öflug til varnar hættulegum sindurefnum sem er jafnfram forvörn gegn krabbameini. Gott er að taka inn eða bera á húð.







**LÍFRÆNAR HRÁFÆÐISKÖKUR**
Alvöru hollusta. Innihalda m.a. góð prótein, góð og flókin kolvetni, hollar olíur, einómettaðar fitusýrur, trefjar, kalk, magnesium og andoxunarefni.





*úrval af fræjum og baunum*



**GEO LÍFRÆN FRÆ**
Fræ til að láta spíra heima við.




**KNUDSEN SAFAR**
Lífrænir safar - stútfullir af næringarefnum.



*lífræn krydd í úrvali!*

Santa Maria




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 1. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**MÁTAÐI MEXÍKÓAHATT** Benedikt páfi setti Mexíkóahatt á höfuðið í heimsókn sinni til Kúbu. Hann hvatti stjórnvöld þar til að gera umbætur en fékk dræm viðbrögð. NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingum og Færeyingum kennt um ofveiði úr sameiginlegum makrílstofni:

# Makrílútgerð svipt umhverfisvottun

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðir í Norður-Evrópu sem stunda makrílveiðar verða um mánaðamótin sviptar heimild til að merkja afurðir sínar með umhverfisvottun Marine Stewardship Council. Að sögn breska blaðsins The Guardian er ástæðan ofveiði Íslendinga og Færeyinga sem geri að verkum að makrílstofninn sé ekki lengur sjálfbær.

The Guardian segir ákvörðun Marine Stewardship Council (MSC) snerta um 1.400 vöruteg-undir sem framleiddar eru úr makríl. Upphafið að málinu megi rekja til ársins 2010 þegar Íslendingar og Færeyingar hafi stórauk-ið makrílveiði sína. Heildarveiðin sé nú komin í um 900 þúsund tonn sem sé um 260 þúsund tonnum umfram efri mörk sem sérfræðingar mæli með. Vegna þessa sé mikil hætta á ofveiði úr makrílstofninum.

Richard Lochhead, hjá samtökum skoskra útgerðarmanna, segir við The Guardian að það sé mikið áhyggjuefni að makríliðnaðurinn missi vottun MSC. „Það er mjög mikilvægt og í þágu hagsmuna allra að tryggja að makrílstofninn sé sjálfbær og fái viðurkenningu frá alþjóðlegum aðilum á borð við MSC,“ segir Lochhead við The Guardian. - gar



**MAKRÍLVEIÐISKIP** Ísland og Færeyjar telja sig eiga aukið tilkall til makrílsins.

Fyrsta flug Easyjet var í gær:

# Íslendingur var við stjórnvölinn

**SAMGÖNGUR** Fyrsta flugvél Easyjet frá Luton í Englandi lenti á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun klukkan 8.31, níu mínútum á undan áætlun. Við stjórnvölinn sat íslenskur flugmaður, Davíð Ásgeirsson, og var að vonum ánægður með að hafa fengið þann heiður að hefja flugið.

Til að byrja með flýgur Easyjet hingað til lands þrisvar í viku, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Stefnt er að flugi hingað til lands allt árið um kring. - áas


# Ársfundur

## VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

**fimmtudag 12. apríl 2012, kl. 8.00 – 12.00**
**í salnum Norðurljós, á annarri hæð í Hörpu**



## Dagskrá

### Morgunverðarfundur með fyrirlestrum

8:00 – 8:15 Morgunverður

8:15 – 8:30 Ávarp: Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra

8:30 – 9:30 VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður: Staðan og framtíðin
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar

9:30 – 10:30 Kulnun og síþreyta á vinnustöðum, forvarnir og starfsendurhæfing
Ingibjörg H. Jónsdóttir prófessor við Institute of Stress Medicine í Gautaborg fjallar um reynslu og niðurstöður nýjustu rannsókna varðandi forvarnir og starfsendurhæfingu vegna kulnunar og síþreytu

10:30 – 11:00 Kaffi

### Hefðbundin ársfundarstörf

11:00 – 12:00 Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagsskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur liðins árs
- Tilkynning um skipan stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál

Kl. 12:00 Fundarlok

Ársfundurinn er öllum opinn

Mögulegt er að taka einungis þátt í fyrri hlutanum þar sem boðið er upp á fræðandi erindi

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu VIRK **www.virk.is**
Bein slóð á skráningarsíðu er: **http://virk.is/arsfundur**

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ATARNA

**www.virk.is**




**FÓLK** Sé miðað við verðbólgumarkmið Seðlabankans með vikmörkum væru verðtryggð lán Íbúðalánasjóðs tæpum 17% lægri en raunstaða höfuðstóls þeirra er nú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gætu sótt 95 milljarða í sparnaðinn

**Það gæti skilað 94,8 milljörðum að leysa inn skatttekjur af séreignarsparnaði. Möguleikar á leiðréttingu verðtryggðra lána kannaðir fyrir nefndarformann.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkið á inni á bilinu 76,6 til 94,8 milljarða króna í skatti á séreignarsparnað. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, vill skoða hvort ríkið eigi að leysa þann skatt til sín strax til að koma til móts við þá sem tóku verðtryggð lán hjá Íbúðalánasjóði. Í dag er skattlagt við útgreiðslur úr sjóðnum.

Endurskoðunarfyrirtækið KPMG kannaði málið fyrir Helga. Upphæðin fer eftir því hvort miðað er við lægsta skattþrep, 37,35%, eða það hæsta, 46,24%.

Sveitarfélögin eiga sinn hluta af tekjunum og sé miðað við hámarksútsvar nemur hann 29,7 milljörðum króna. KPMG gekk út frá því að hlutur sveitarfélaganna rynni ekki til þeirra án skilyrða eða takmarkana.

Í því skyni koma þrjár leiðir til greina. Hægt væri að greiða útsvarið til sveitarfélaganna í formi skuldabréfs frá ríkissjóði sem ekki yrði byrjað að greiða af fyrr en eftir 2014. Þá er hægt að greiða útsvarið samhliða því sem lífeyrisþegar taka sparnað sinn út, en það þykir flókið í framkvæmd.

Alþingi gæti einnig sett lög um að heildarfjárhæðin rynni í ríkissjóð og tæki þannig hluta sveitarfélaganna. Kanna þarf hvort það stenst lög og hvort bæta þurfi sveitarfélögunum það upp með einhverjum hætti.



**HELGI HJÖRVAR**

KPMG kannaði stöðu lána Íbúðalánasjóðs sem veitt voru á tímabilinu 2002 til 2008. Þau hafa verið uppreiknuð miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Heildarfjöldi þeirra er rúmlega 39.200 og staða þeirra var 402,5 milljarðar í árslok 2011. Til samanburðar voru lánin reiknuð miðað við verðbólgumarkmið Seðlabankans og vikmörk þess, eða 4%.

Staða lánanna miðað við þær forsendur hefði verið 335,3 milljarðar um áramótin, eða 67,2 milljörðum krónum lægri. Það þýðir 16,75 lækkun frá raunstöðu höfuðstóls.

Helgi segir skýrsluna unna fyrir sig sjálfan og vera innlegg í umræðu um almennar afskriftir. „Ég hef lagt til að þessi leið verði farin, en er líka opinn fyrir öðrum útfærslum, bæði á tekjuöflun verkefnisins og líka fyrir því hvernig eigi að koma til móts við fólk með verðtryggð lán. Ég er tilbúinn að styðja allar góðar tillögur í þeim efnum.“

kolbeinn@frettabladid.is

Mottumars senn að ljúka:

# Vantar tæpar 13 milljónir

**SAMFÉLAGSMÁL** Um 22,2 milljónir króna hafa safnast í Mottumars, en takmarkið er um 35 milljónir. Um 12,8 milljónir króna vantar því upp á til að ná takmarkinu.

Kristján Björn Tryggvason, eða Kiddi í Krafti, trónir á toppnum í einstaklingskeppninni og vantar hann um fjögur prósent til að hann nái takmarki sínu, 800 þúsund krónur. Í liðakeppninni er Arion í efsta sæti.

Tveir dagar eru eftir af átakinu sem lýkur eins og gefur að skilja 31. mars. - sv

ÁTVR hagnaðist um 1,2 milljarða þrátt fyrir samdrátt í sölu:

# Áfengi og tóbak fyrir 25 milljarða

**VIÐSKIPTI** Heildartekjur ÁTVR á síðasta ári voru 25,4 milljarðar. Þar af voru tekjur af sölu áfengis 17 milljarðar og tekjur af sölu tóbaks 8,4 milljarðar.

Hagnaður ÁTVR á síðasta ári var rúmlega 1,2 milljarðar króna. Samdráttur í sölu áfengis var 2,7% og samdráttur í sölu tóbaks var 4,9%. Þrátt fyrir samdráttinn er afkoman með því besta frá árinu 2002 en þá var innheimtu tóbaksgjalds breytt og gjaldið ekki lengur hluti af hagnaði fyrirtækisins.

Síðastliðið ár er þriðja samdráttarárið í röð. Árið 2008 þegar salan í lítrum fór hæst voru seldir 20.387.345 lítrar. Árið 2011 voru seldir 18.437.968 lítrar. Samtals nemur samdrátturinn á þessum þremur árum tæpum tveimur milljónum lítra eða um 10%. Er það verulegur samdráttur og verður að fara aftur til ársins 2006 til þess að finna sambærilega sölu.

Tóbakssalan hefur dregist enn meira saman. Heildarsamdrátturinn í sölu vindlinga á síðustu þremur árum nemur um 47.607 þúsund stykkjum eða um 15,7%. Á sama tíma hefur ársverkum hjá ÁTVR fækkað um 45. - jhh



**VERSLUN ÁTVR Í KRINGLUNNI** Þrátt fyrir samdrátt í sölu hefur hagnaður ÁTVR ekki verið meiri síðan árið 2002.

SÍBS skorar á þingið:

# Vilja umræðu um líffæragjöf

**HEILSA** **SÍBS og fleiri samtök skora á forsætisnefnd Alþingis að beita sér fyrir því að þingið taki sem allra fyrst til umræðu þingsályktunartillögu um ætlað samþykki til líffæragjafa.**

**Í bréfi til nefndarinnar er hvatt til þess að tillagan verði afgreidd á yfirstandandi þingi.**

**SÍBS hefur frá síðasta hausti haldið utan um samstarfsverkefnið „Annað líf“ sem gengur út á að auka veg líffæragjafa á Íslandi. Málþing um málið var haldið fyrr í þessum mánuði.** - áas



**EAMON GILMORE** Utanríkisráðherra Írlands boðar upplýsingaherferð. NORDICPHOTOS/AFP

Írska ríkisstjórnin:

# Fjármálareglur í þjóðaratkvæði

**ÍRLAND** **Írska stjórnin hefur ákveðið að efna til kosninga 31. maí um fjármálabandalag Evrópusambandsins. Írland er eina aðildarríkið sem ber þessar breytingar á Evrópusáttmálanum undir þjóðina.**

**„Stjórnin ætlar að vera með umfangsmikla upplýsingaherferð til að tryggja að kjósendur séu upplýstir um inntak sáttmálans,“ segir Eamon Gilmore utanríkisráðherra.**

**Fjármálabandalagið, sem flest aðildarríki evrusvæðisins hafa undirritað, herðir kröfur um aðhald í ríkisfjármálum og veitir heimildir til að refsa þeim ríkjum, sem standast ekki kröfurnar.** - gb

Hettuklædds manns leitað:

# Rændi 10-11 með rörbút

**LÖGREGLUMÁL** Hettuklæddur maður, vopnaður rörbút með hníf á endanum, rændi verslun 10-11 í Kaupangi á Akureyri um hálfþrjúleytið í fyrrinótt.

Maðurinn ógnaði afgreiðslumanni og krafði hann um peninga. Afgreiðslumaðurinn lét hann hafa það lítilræði sem í kassanum var og hafði ræninginn sig þá á brott án þess að vinna starfsmanninum mein.

Hnífurinn fannst skammt frá, en ræningjans var enn leitað í gær. Hann huldi andlit sitt með hettu og því var ekki hægt að greina hver hann var í upptökum úr öryggismyndavél. - sh

300 milljóna hlutafjáraukning:

# ORF lauk hlutafjáraukningu

**VIÐSKIPTI** **ORF Líftækni hefur lokið við 300 milljóna króna hlutafjáraukningu. Fjórtán innlendir og erlendir fjárfestar tóku þátt í hlutafjáraukningunni sem Arctica Finance sá um. Í tilkynningu frá ORF kemur fram að umframáskrift að hlutafjáraukningunni hafi verið 13,7%. Eftir hana eru hluthafar um 80 talsins.**

**Þá segir í tilkynningunni að ORF hyggist nýta fjármagnið til áframhaldandi uppbyggingar á framleiðslu fyrirtækisins og til aukins markaðsstarfs erlendis.**

**Hjá ORF starfa um 40 manns en fyrirtækið hefur sérhæft sig í framleiðslu sérvirkra prótína fyrir læknisrannsóknir, húðvörur og líftækniiðnað.** - mþl


Gefðu sparnað í fermingargjöf

Fermingarkortið er inneignarkort sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Fermingarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

**FRÉTTASKÝRING:** Frumvarp um fiskveiðistjórnun

# Auðlindarenta og leigupottur

**Nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi tekur gildi á næsta fiskveiðiári, fái ríkisstjórnin einhverju um það ráðið. Gjaldtaka af útgerðinni verður tengd afkomu hennar og komið verður á fót leigupotti sem allir geta sótt í. Sjávarauðlindir verða lögbundin þjóðareign.**



**STRANDVEIÐAR** Aflaheimildir til strandveiða verða óbreyttar samkvæmt frumvarpinu, 6.665 þorskígildistonn. Byggðakvóti verður hins vegar minnkaður um helming og komið upp kvótaþingi sem sér um leigukvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðbrögð útgerðarinnar við nýju kvótafrumvarpi gefa ekki til kynna að sú sátt sem forystumenn ríkisstjórnarinnar vonuðu að það skapaði sé í augsýn. Reynslan sýnir líka að útgerðarmenn hafa ekki tekið vel í tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnun.

Frumvarpið sem Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir kynntu í gær hefur nú verið lagt fram og verður tekið til umræðu á þingi. Gangi hugmyndir stjórnvalda eftir verður nýja kerfið komið á þegar nýtt kvótaár gengur í garð, 1. september.

Kvótinn hefur lengi verið bitbein og fjölmargar kosningar síðustu ár hafa að mestu snúist um hann; breytingar á kerfinu eða varðstöðu um stöðugleika þess. Síðustu árin hefur áherslan á fiskveiðimálin þó farið minnkandi í stjórnmálum.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að ríkisstjórnin leggi breytingarnar fram. Yfirlýst markmið hennar um þær er að finna í stjórnarsáttmálanum og frumvarpið nú er það þriðja í röðinni sem lítur dagsins ljós, ef frumvarpsdrög eru talin með.

Jón Bjarnason lagði fram tvö frumvörp um fiskveiðistjórnun, það stærra og það minna, vorið 2011. Hið minna varð að lögum en því stærra var vísað í nefnd. Þegar leið á haustið bárust fregnir af því að starfshópur á vegum Jóns væri langt kominn með smíði nýs frumvarps. Innihald þess var samherjum Jóns ekki að skapi og var ekki síst vísað til vinnubragða í þessum málum þegar Jón vék úr ríkisstjórn.

Fréttablaðið leit á þær tillögur sem þróast hafa hjá stjórnarmeirihlutanum á þessu kjörtímabili. Ýmislegt er sammerkt með þeim, en segja má að stærstu breytinguna sé að finna í gjaldtöku annars vegar og leigupotti hins vegar.

Frumvarp Steingríms gerir ráð fyrir að veiðigjald verði óbreytt, en ofan á það bætist auðlindarenta sem tengd verður afkomu. Hún getur því farið úr 0 krónum í slæmu árferði og í nokkuð háar upphæðir í góðu árferði, um 20 milljarða miðað við stöðuna nú.

Þá er komið á fót leigupotti sem opinn er útgerðum að sækja í. Um leið er dregið úr byggðakvóta.




Hluti aukningar fiskveiðiheimilda fer í þennan pott og þannig á að byggja hann fljótt upp.

Hér að neðan má sjá hvernig nýja frumvarpið er í samanburði við þær tvær tillögur sem unnar voru undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Flokksbróðir hans, Steingrímur J. Sigfússon, heggur sumstaðar í sama knérunn, en víða kveður við nýjan tón.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

## Breytingar á hugmyndum um fiskveiðikerfi

| Málefni | Frumvarp vor 2011 | Drög starfshóps haust 2011 | Frumvarpið nú |
|---|---|---|---|
| Nýtingartími | 15 ár með möguleika á 8 ára framlengingu | 20 ár með möguleika á 15 ára framlengingu | 20 ár með möguleika á framlengingu eitt ár í senn |
| Aflamagn í strandveiðar | 6.000 tonn af þorski + möguleiki á allt að 2.400 tonnum með öðrum leiðum | 6.800 tonn af þorski + 1.800 tonn af ufsa 6.665 þorskígildistonn í þorski og ufsa | |
| Ráðstöfun viðbótarafla | Fari heildarþorskafli umfram 160.000 tonn fer um helmingur til ráðstöfunar ríkisins | Fari heildarþorskafli umfram 202.000 tonn fer helmingur til ráðstöfunar ríkisins | Fari heildarþorskafli umfram 202 þúsund tonn fara 40% til ráðstöfunar ríkisins |
| Línuívilnun | 3.350 tonn af þorski, ekki tekið fram varðandi aðrar tegundir | 3.400 tonn af þorski, 2.100 tonn af ýsu og 900 tonn af steinbít | 4.655 þorskígildistonn, lækkar á næstu árum |
| Veiðigjald | 19% af framlegð sjávarútvegsfyrirtækja | Óbreytt frá núgildandi lögum (9,5%) en ráðherranefnd er að skoða málið | Óbreytt frá núgildandi lögum. Við bætist auðlindarenta sem er tengd afkomu fyrirtækja |
| Veðsetning aflaheimilda | Bönnuð | Ekki tekið fram | Bönnuð |
| Hámarksþorskaflahlutdeild félaga | 12% | 8% | 12% |

**Stærstu breytingarnar í nýja frumvarpinu eru afkomutengd auðlindarenta og leigupottur sem byggður er upp af hlutdeild í aflaaukningu.**






ÍSLENSKA SIA.IS ICE 59120 03/12

**Við fögnum 75 ára afmælinu með íslenskri hönnun**

Icelandair hefur opnað nýja betri stofu, Saga Lounge í Leifsstöð. Stofan er á sama stað og áður en hún hefur tekið gagngerum breytingum, er rýmri, opnari og bjartari.

Innréttingar og skreytingar endurspegla þá áherslu sem Icelandair leggur á að kynna Ísland sem áfangastað fyrir erlenda ferðamenn, íslenska náttúru, sögu og menningu, og í tilefni af afmælisárinu verða settar upp ljósmyndir frá merkisviðburðum í sögu félagsins.

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt kvótafrumvarp er ekki til mikilla bóta:

## Gullgæs í lífshættu


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Forysta ríkisstjórnarinnar kynnti í fyrradag nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða, sem sagt er vera „efniviður í sáttargjörð um sjávarútvegsmál sem allir eigi að geta unað vel við". Draga verður í efa að nokkur sátt geti náðst um þetta plagg fremur en fyrri frumvörp og frumvarpsdrög á vegum ríkisstjórnarinnar, svo meingallað er það.

Sáttagrundvöllurinn, bæði gagnvart sjávarútveginum og á hinum pólitíska vettvangi, er vissulega í frumvarpinu; ákvæði um ævarandi sameign þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni og nýtingarrétt útgerðarinnar, sem hún greiði fyrir veiðigjald. Um þetta er hægt að ná saman.

Um upphæð veiðigjaldsins má svo deila. Gjaldið má ekki verða svo hátt að það gangi af útgerðarfyrirtækjum dauðum. Það þarf líka að vera í samræmi við auðlindagjald sem innheimt er í öðrum greinum sem nýta náttúruauðlindir, til dæmis orkuvinnslu.

Stóri ljóðurinn á nýja frumvarpinu, rétt eins og fyrsta frumvarpi Jóns Bjarnasonar, er hins vegar hvernig krukkað er með margvíslegum hætti í fiskveiðistjórnunarkerfi, sem hefur verið skilvirkt og stuðlað að hagræðingu og stöðugleika í greininni.

Eins og sumir muna kannski var frumvarpi Jóns hent fyrir borð eftir að nefnd hagfræðinga, sem sjávarútvegsráðherrann valdi sjálfur, reif það kerfisbundið niður. Hagfræðingar OECD sigldu í kjölfarið með sambærilega gagnrýni.

Í nýja frumvarpinu er lítið komið til móts við flestar athugasemdir hagfræðinganna, nema helzt hvað varðar nýtingartíma útgerðarinnar á kvótanum. Áfram eru takmarkanir á framsali veiðiheimilda, bann við veðsetningu þeirra og gert ráð fyrir kvótaleigu til eins árs. Allt þetta taldi hagfræðingahópurinn koma niður á hagræðingu og hagkvæmni í sjávarútveginum.

Sama má segja um strandveiði- og byggðapotta, sem færa aflaheimildir frá fólki sem veiðir fisk með hagkvæmustum hætti og aftur til fólks sem hefur misst hann frá sér af því að það varð undir í samkeppninni, sem einkennir frjálst markaðshagkerfi. Þegar ríkisstjórnin segir að eitt markmið frumvarpsins sé að „treysta atvinnu og byggð í landinu" er í raun átt við að treysta eigi atvinnu og byggð á ákveðnum stöðum, á kostnað annarra staða þar sem eru fyrirtækin sem veiða og vinna fisk með hagkvæmustum hætti. Þessar tilfærslur koma hins vegar niður á heildarhagkvæmni greinarinnar og heildarhagsæld þjóðarinnar – ekki sízt íbúa landsbyggðarinnar.

Áður en Alþingi tekur afstöðu til frumvarps sjávarútvegsráðherra hlýtur að þurfa aðra hagfræðilega úttekt á áhrifum þess á afkomu greinarinnar, í stað þess að útgerðarmenn og stjórnmálamenn hrópist áfram á. Meðal annars þarf að meta hvort veiðigjaldið er hæfilegt eða hvort niðurstaðan verður sú sama og hjá fyrri hagfræðingahópnum; að skoðað í samhengi við önnur ákvæði frumvarpsins sé það of hátt. Hagfræðingarnir sem rýndu frumvarp Jóns Bjarnasonar bentu á að væri vegið að möguleikum sjávarútvegsins til hagræðingar og langtímahagkvæmni skerti það afraksturinn af auðlindinni og þar með getu greinarinnar til að standa undir gjaldtökunni.

Enginn á að þurfa að vorkenna útgerðinni að borga fyrir aðganginn að sameiginlegri auðlind. En það er auðvelt að drepa gullgæsina, eins og dæmin sanna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðvar maður

Eyjapeyinn Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn hefur löngum fengið hrós fyrir yfirvegun í starfi og þótti oftar en ekki sýna stillingu og hófsemi. Nú er hann hins vegar kominn í pólitík og hann tapaði nýverið kosningum um 2. varaformann Sjálfstæðisflokksins. Vel þekkt er að fólk breytist við að fara í pólitík, en hvort það hefur haft áhrif á orðaval hans skal ósagt látið. Geir Jón tjáði sig á Facebook um nýtt kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar og áhrif þess á Vestmannaeyjar. „Þetta eru skelfilegustu hamfarir sem yfir okkur hefur dunið er þó af nægu að taka." Kannski Geir Jón sé að undirbúa framboð?

### Verstu hamfarirnar

Vel má vera að frumvarpið hafi slæm áhrif á byggðarlagið í Vestmannaeyjum, fyrir því verður þá að færa rök og taka dæmi. En verstu hamfarirnar? Er það? Frumvarp Steingríms er í huga hins orðvara Geirs Jóns verra en gosið í Heimaey og Tyrkjaránið. Hann mætti muna að upphrópanir og gífuryrði eru ekki endilega góður grunnur fyrir stjórnmálaferil.



### Langur fattari



Valgerður Bjarnadóttir mælti fyrir frumvarpi um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs um stjórnarskrá. Meirihlutinn vill að þjóðin fái að kjósa í heild um tillögur ráðsins. „Í tillögunum er heildstæð hugsun frá upphafi til enda að nútímalegri stjórnarskrá og við leggjum til að fólk fái tækifæri til að segja hug sinn um hana," sagði hún í ræðu í gær. Eftir stendur spurningin af hverju þetta var þá ekki gert fyrr? Stjórnin er næstum fallin á tíma með málið og varla tók langan tíma að áframsenda tillögur stjórnlagaráðs til þjóðarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Sparað til tjóns


Vegaframkvæmdir



Sigþór Sigurðsson
formaður Mannvirkis


Stjórnvöld eru að valda stórkostlegu tjóni á vegakerfi landsins með fáheyrðum niðurskurði sem á sér ekki sinn líka síðan farið var að leggja vegi hér á landi. Framlög til viðhalds eru nú komin niður fyrir helming af því sem eðlilegt var talið um áratuga skeið. Framlög til vetrarþjónustu hafa verið skert svo hastarlega að minnka þarf þjónustu og loka vegum svo öryggi vegfarenda sé ekki stefnt í hættu.

Reiknuð fjárþörf til viðhalds bundinna slitlaga á þjóðvegum landsins er um 8.500 milljónir króna árið 2012 til að vega upp niðurskurð síðustu þriggja ára og að meðaltali um 5.000 m.kr. á ári næstu fimm árin eftir það, en fjárheimildir eru einungis 40% af reiknaðri meðalþörf á þessu tímabili. Það vantar 15 milljarða aukalega næstu fimm árin til að koma í veg fyrir stórtjón á eign okkar í þjóðvegum.

Nú þegar hefur verið sparað svo hastarlega í þrjú ár og uppsöfnuð viðhaldsþörf orðin slík að vegakerfið er víða að hruni komið. Hér er um svokallaðan excel-sparnað að ræða sem stundaður er af ábyrgðarlausum stjórnmálamönnum og ráðuneytisfólki. Þegar sparað hefur

**Fjárlög, fjárveitingar til sumarþjónustu - í m. kr. á verðlagi 2011**




verið til tjóns koma í bakið á mönnum miklu hærri útgjöld seinna meir þegar endurbyggja þarf vegi upp á nýtt, frá grunni.

En það er kannski á öðru kjörtímabili og kemur núverandi samgönguráðherra ekki við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til upplýstrar umræðu – Neðri-Þjórsá

Orkumál



**Orri Vigfússon**
formaður NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna

Við hjá NASF, Verndarsjóði villtra laxastofna, erum andvíg virkjunum í Neðri-Þjórsá. Við viljum vernda sjóbirtinginn og stærsta, villta, sjálfbæra laxastofninn á Íslandi. Virkjanir í Neðri-Þjórsá myndu gjörbylta lífríki og umhverfi árinnar. Við mat á afföllum vegna virkjana verður að taka á öllum lífríkisþáttum allan líftíma fiskstofnanna, á öllum búsvæðum vatnasviðsins.

Vistkerfið mun skaðast varanlega. Breyting á vatnsrennsli og lónmyndun veldur súrefnisleysi í árvatninu. Þar með verður dreifing næringarefna önnur og frumframleiðsla raskast, hitastig breytist, neikvæðar sveiflur aukast og lífsskilyrði skordýra versna; bitmý þrífst ekki í uppistöðulónum.

Allt að 97% breytingar verða á vatnsrennsli þar sem lífríki árinnar er blómlegast. Um 90% af fiskgengum búsvæðum eru skammt ofan við Urriðafoss þar sem áhrifin af uppistöðulónunum verða mest. Seiði eru nokkur ár í ánni og skert rennsli og rennslistruflanir minnka lífslíkur þeirra.

Stór hluti seiðanna mun aldrei finna „tilbúna" niðurgönguleið um seiðaveitur sem verkfræðingar hafa búið þeim. Flest þeirra sem ekki finna leiðina, á þeim skamma tíma sem lífseðli þeirra kveikir í þeim niðurgönguhvöt og segir þeim að þau séu tilbúin að ganga til sjávar, eru því meira og minna dauðadæmd vegna afráns og hrakfara. Frá náttúrunnar hendi eru fæst þeirra þroskuð til að bíða niðurgöngu til næsta árs.

Úttektin sem Veiðimálastofnun gerði á lífríki Þjórsár árið 2001 og sem Landsvirkjun byggir á var unnin á nokkrum vikum og er vægast sagt ekki traustur grunnur til að meta afföll. Ennfremur hafa verkfræðingar Landsvirkjunar viðurkennt að alls óvíst sé um árangur af verkfræðilausnum sem þeir eru að vinna að með Veiðimálastofnun.

Landsvirkjun metur seiðaskaða sem hlýst af framkvæmdunum aðeins 5% og vitnar til reynslu af ánum Columbia og Snake í Bandaríkjunum. Bandarískir sérfræðingar, sem í áraraðir hafa stundað rannsóknir á áhrifum virkjana á seiði og göngufiska í framangreindum ám, hafa komist að allt annarri niðurstöðu. Þeir segja að heildarafföll muni verða 81-89%, sbr. fyrirlestur líffræðingsins dr. Margaret Filardo á vegum Háskóla Íslands, Stofnunar Sæmundar fróða og NASF í byrjun nóvember sl.

Rannsóknir sýna að afföll seiða í virkjuðum ám eru mikil og viðvarandi. Verkfræðileg tækniþróun hefur litlu breytt. Niðurgönguseiði lemstrast í seiðaveitum og bíða varanlegt tjón af – sem dregur þau til dauða áður en þau ná til sjávar. Í sjónum bíða seiðanna náttúrulegar hættur og afföll eru mikil.

Eftir að hafa hlustað á og lesið álit sérfræðinga Fish Passage Center í Bandaríkjunum tel ég ekki leika nokkurn vafa á því að sjóbirtingsstofninn í Þjórsá muni hverfa með öllu á nokkrum árum. Arðsemi af laxveiðum, þrátt fyrir fyrirætlanir um kaup á netaveiðiréttindum, mun skerðast um 80-90% á fáum árum ef virkjað verður. Vistkerfi árinnar skreppur einfaldlega saman og búsvæði laxa og sjóbirtinga verður ekki nema svipur hjá sjón.

Verði virkjunarhugmyndir í Þjórsá ekki slegnar af strax ber að fá óháða sérfræðinga með viðurkennda þekkingu á búsvæðum og kunnáttu í verkfræðilausnum viðfangsefnisins til að gera ítarlega úttekt á öllum helstu umhverfisþáttum á virkjunarsvæðinu. Hingað til hefur Landsvirkjun ekki lagt fram raunhæfar áætlanir um gönguleiðir laxfiska um eða framhjá stíflumannvirkjunum en telur sig vera að vinna að tilraunum þar að lútandi. Allar tillögur Landsvirkjunar skulu metnar af óháðum þar til bærum sérfræðingum með reynslu af fiskvegagerð á virkjanasvæðum.

> Lög og alþjóðasamningar skuldbinda Íslendinga til að vernda villtu sjóbirtings- og laxastofnana í Þjórsá.

Vegna áforma Landsvirkjunar hefur uppbygging í landbúnaði verið í biðstöðu árum saman. Málið hefur vakið úlfúð og sundrungu meðal íbúa og hvorki Landsvirkjun né ríkisvaldið hafa rætt við Veiðifélag Þjórsár sem er lögvarinn gæsluaðili veiðiréttar við ána. Ég óttast að með virkjunum munu margar jarðir verða lágt verðmetnar á þessu svæði. Grunnvatnsstaða á bökkum Þjórsár gjörbreytist, vatnsþurrð neðan stíflugarða yrði vandamál, svo og heilsuspillandi fok úr efnishaugum og þurrum árfarvegi.

Áhætta af hamfaraflóðum og jarðskjálftum er vanmetin. Fyrirhuguð lón eru ofan á einu virkasta jarðskjálftasvæði landsins. Upptök sumra stóru skjálftanna árin 1896 og 2000 eru á sjálfum virkjanasvæðunum.

Fólkið í byggðarlögunum meðfram Þjórsá lifir á fjölbreyttum landbúnaði og ferðaþjónustu en forsenda þessara atvinnugreina er óspillt náttúra. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár myndu kollvarpa framtíðaráformum íbúanna um hágæðaímynd og spilla allri markaðsstarfsemi í héraðinu á fáum árum.

Landsvirkjun getur ekki þverbrotið lög og reglugerðir og fengið undanþágur frá lax- og silungsveiðilögum. Hún getur ekki farið fram á afslátt af lífríkinu og vikið sér undan að hlíta ákvæðum um meðferð og nýtingu vatnsfalla, vatnalaga, laga um stjórn vatnamála, náttúruverndarlaga, alþjóðasamninga um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins.

Lög og alþjóðasamningar skuldbinda Íslendinga til að vernda villtu sjóbirtings- og laxastofnana í Þjórsá. Vonandi tekst það en ef einnig mætti styrkja lífríkið væri spennandi að byggja stofnana upp og auðga þannig byggðirnar á bökkum Þjórsár með því að veita heimafólki umhverfisvæna atvinnu til framtíðar.

## AF NETINU

### Stjórnin sveik þjóðina

Þegar ríkisstjórnin var mynduð, skildi ég hana svo, að hún ætlaði að fyrna fiskkvótann um ótiltekna prósentu á hverju ári. Hún fékk töluvert fylgi í síðustu kosningum, meðal annars út á loforð af þessu tagi. Eftir kosningar þótti henni ekki eins brýnt að sættast við þjóðina um auðlindir hennar. Hún fór í staðinn að reyna að sættast við kvótagreifana. Jón Bjarnason böðlaðist í því og Steingrímur J. Sigfússon hélt því áfram eftir brottrekstur Jóns. Frumvarp Steingríms felur í sér ónýta tilraun til að sættast við bófa, sem ekki vilja sættast. Stjórnin hefði fremur átt að efna loforðið við þjóðina.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

### Viðræðuslit eftir kosningar?

Utanríkisráðherra hefur loks viðurkennt það sem mönnum hefur þótt blasa við, að viðræðum við Evrópusambandið verði ekki lokið fyrir þingkosningar 2013. Draumur helsta ESB flokksins, Samfylkingarinnar, hafði verið að kjósa um málið fyrir þingkosningarnar eða á svipuðum tíma og þær fara fram. Það hefði getað verið gott fyrir flokkinn og sérstöðu hans – en raunsæismenn gera sér grein fyrir að næsta vonlaust er að fá þjóðina til að fallast á aðild eins og ástandið er í Evrópu.

Það er vel hugsanlegt að kosningarnar bindi enda á málið. ESB verður örugglega stórt mál, jafnvel eitt af stærstu kosningamálunum, það gæti vel orðið raunin að niðurstaða kosninganna yrðu einfaldlega viðræðuslit.

http://silfuregils.eyjan.is/

**Egill Helgason**



MEÐALRÁÐSTÖFUNARTEKJUR Í TEKJUFIMMTUNGUM Á VERÐLAGI ÁRSINS 2010 MIÐAÐ VIÐ VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS




# Jöfnuður eykst

Efnahagsmál



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra

Nú liggur fyrir með skýrum hætti að tekjujöfnuður á Íslandi hefur aukist umtalsvert í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ný skýrsla frá Hagstofunni um tekjudreifingu landsmanna sýnir þetta greinilega. Mæling Hagstofunnar sýnir hvernig tekjur Íslendinga dreifðust á árinu 2011 en þessar tekjumælingar hófust árið 2004.

Tekjudreifingin á árinu 2011 var jafnari en hún hefur verið frá árinu 2004. Tekjuhæsti fimmtungur landsmanna hafði á árinu 2011 um 3,3 sinnum hærri tekjur en sá lægsti. Til samanburðar var þetta hlutfall 4,2 árið 2009. Gini-stuðullinn svokallaði, sem er annar mælikvarði á tekjudreifingu, var 23,6 á nýliðnu ári en fór hæst í 29,6 í lok valdatíma Sjálfstæðisflokksins 2009.

Þessi þróun er afar jákvæð að mínu mati. Ísland er komið aftur heim, heim í hóp norrænna jafnaðarsamfélaga.

Hagstofutölurnar ættu ekki að koma á óvart. Ofurlaun í fjármálatengdum greinum hafa að mestu horfið enda reyndust heldur betur fúnar undirstöður undir þeim. Tekjudreifingin nú er heilbrigðari en hún var á góðæristímanum. Staðan í dag er orðin mun líkari því sem áður sást á Íslandi. Nú eru skipstjórar og yfirmenn á fengsælustu fiskiskipunum í hópi þeirra tekjuhæstu, sú var hins vegar ekki raunin á góðæristímanum svokallaða.

Í skýrslu Hagstofunnar kemur jafnframt fram að árið 2011 voru 13,6% Íslendinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Árið 2010 var Ísland með lægsta hlutfallið meðal þeirra Evrópulanda sem standa að þessari tegund af mælingu. Ekki svo slæmt að eiga Evrópumet af því tagi í landi sem er að koma út úr mestu kreppu sögu sinnar sem sjálfstæðs ríkis.

Þessar tölur undirstrika að stefna stjórnvalda um að jafna kjörin á erfiðum tímum er nú að ganga eftir. Þetta hefur náðst fram með margvíslegum aðgerðum, m.a. með hækkuðum vaxtabótum, því að hafa hlíft velferðarkerfinu eins og kostur er fyrir niðurskurði, en einkum og sér í lagi þó skattkerfisbreytingum. Þrepaskiptur tekjuskattur sem hefur varið hina tekjulægstu fyrir skattahækkunum, frítekjumark í fjármagnstekjuskatti sem hlífir venjulegum sparnaði og margt fleira á allt þátt í þeirri tekjujöfnun sem niðurstöður Hagstofunnar staðfesta. Skylt er að nefna líka útfærslu undangenginna kjarasamninga sem hafa lyft lægstu launum umfram almennar hækkanir. Með öllu þessu höfum við náð að verja velferðarsamfélagið okkar á erfiðum tímum. Með auknum hagvexti og minnkandi atvinnuleysi á næstu árum munum við vonandi geta aukið kaupmátt og lækkað enn frekar hlutfall þeirra sem lenda undir ofangreindum lágtekjumörkum eða eru í hættu á félagslegri einangrun.

**Sálfræðiþjónusta**
Hef flutt sálfræðistofu mína á Suðurlandsbraut 32.
Tímapantanir í síma 553-6090 eða í gegnum vefsíðuna www.salel.is

**Sálfræðiþjónusta Eiríks Líndal**
Eiríkur Líndal dr.phil.
Sérfræðingur í klínískri sálfræði

PÁSKAVERÐ*
Miele
Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900
Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900
* á meðan byrgðir endast



EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Þjóðareign og ríkiseign í tillögum stjórnlagaráðs

Ný stjórnarskrá



Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ

Í stjórnlaganefnd, sem hafði m.a. það hlutverk að leggja fram hugmyndir að nýrri stjórnarskrá til stjórnlagaþings, var samstaða um að í fyrsta kafla stjórnarskrárinnar („Undirstöður“) kæmi fram ákvæði um að auðlindir í náttúru Íslands væru þjóðareign sem nýta bæri á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Í ákvæðinu var jafnframt kveðið á um skyldu ríkisins til auðlindastýringar og tekin af tvímæli um að heimilt væri að heimta gjald fyrir nýtingarheimildir. Þá var því slegið föstu að nýtingarheimildir yfir náttúruauðlindum, sem ekki væru háðar einkaeignarrétti, skyldu aldrei leiða til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis einkaaðila yfir þeim.

Í ákvæði stjórnlaganefndar felst að „þjóðareign“ vísar ekki til eignarréttar í lagalegum skilningi – hvorki ríkiseignar né sérstaks (nýs) eignarforms. Þvert á móti vísar hugtakið til þeirrar hugmyndar að náttúruauðlindir Íslands séu gæði sem þjóðin öll hefur ríka hagsmuni af (ekki ósvipað því að við, þjóðin, „eigum“ tungu, bókmenntir, landslið í handbolta, o.s.frv.). Af þessu leiðir að auðlindir í þjóðareign geta lagalega verið háðar eignarrétti einkaaðila, eign ríkisins eða verið eigendalausar.

Í tillögum stjórnlagaráðs, þar sem gert er ráð fyrir því að auðlindaákvæði sé komið fyrir í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, er farin önnur leið við afmörkun hugtaksins „þjóðareign“. Þar er hugtakið látið vísa til og skapa beinan eignarrétt ríkisins í lagalegum skilningi. Í ákvæði stjórnlagaráðs er svo að finna nánari reglur um meðferð og stjórn hinna nýju ríkiseigna. Í raun eru það því þessar reglur sem greina þessa ríkiseign frá öðrum eignum ríkisins.

Sú nálgun sem stjórnlagaráð leggur til grundvallar (og er sambærileg þeirri sem fram kom í skýrslu auðlindanefndar árið 2000) er í fyrsta lagi því marki brennd að hún tekur ekki til auðlinda í einkaeigu. Stjórnlaganefnd taldi hins vegar fulla ástæðu til að árétta að allar auðlindir – hvort sem þær væru í einkaeigu, ríkiseigu eða eigendalausar – bæri að nýta með sjálfbærum hætti til hagsbóta landsmönnum öllum. Í annan stað veldur nálgun stjórnlagaráðs vafa gagnvart eigendalausum auðlindum, t.d. vindorku, sólarorku og hreyfingum sjávarfalla. Hvernig hefur stjórnlagaráð séð fyrir sér að ríkið verði beinn eigandi þessara auðlinda og með hvaða réttaráhrifum?

Því miður eru nytjastofnarnir, sem taldir eru sérstaklega upp sem þjóðareign í ákvæði stjórnlagaráðs, ekki undanskildir þeim vafa sem hér um ræðir. Það leiðir af eðli eignarréttarins að villt dýr, s.s. fiskur, geta ekki verið „eign“ manns (nema þau séu fönguð). Þegar um slíkar auðlindir er að ræða er það því veiði- eða nýtingarrétturinn sem er andlag eignarréttar. Væntanlega ber að skilja tillögu stjórnlagaráðs á þá leið að hvers kyns nýtingarréttur að nytjastofnum innan íslenskrar lögsögu sé lýstur ríkiseign. Tillagan er þó tæplega skýr um þetta eða hvaða beinu þýðingu þessari ríkiseign er ætlað að hafa við hagnýtingu auðlindarinnar.

Halda má því fram að eignarréttarleg skilgreining á auðlindum sé aukaatriði samanborið við þær reglur sem gilda um stjórn og nýtingu auðlinda, þ.á m. veitingu nýtingarheimilda til einkaaðila og lagalega stöðu þeirra heimilda. Álitamál um þessi umdeildu atriði verða hins vegar ekki leidd til lykta með þeim einfalda hætti að lýsa hvers kyns auðlindir eignir ríkisins, allra síst þegar slíkt ríkiseignarhugtak og þýðing þess fyrir auðlindanýtingu hefur ekki verið hugsað til enda.

# Að virkja meira og meira, meira í dag en í gær?

Orkumál



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri Landverndar

Með staðfestingu Árósasamningsins hafa Íslendingar skuldbundið sig til þess að auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Það þýðir m.a. að ef drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlun) færu óbreytt inn til þingsins, væri með engu verið að taka tillit til þeirra 225 umsagna sem um þau komu, og þar með gengið á rétt almennings. Þrettán náttúruverndarsamtök skiluðu sameiginlegri umsögn um þessi drög með ítarlegum rökstuðningi fyrir því að fækka svæðum í orkunýtingarflokki. Nokkrar almennar ástæður þess eru tíundaðar hér, en rökstuðning fyrir flutningi hverrar og einnar virkjunarhugmyndar á milli flokka má finna í umsögninni sjálfri.

### Náttúra Íslands hefur hátt verndargildi

Rannsóknir sýna að yfir 80% erlendra ferðamanna nefna náttúru Íslands sem ástæðu Íslandsfarar. Þrátt fyrir að víðerni hafi minnkað hratt á síðustu áratugum er hér að finna stærstu lítt snortnu víðerni í Evrópu og einstakar landslagsheildir sem eiga fáa sína líka. Eldvirkni er hér ein sú mesta í heiminum, jarðvarmi mikill, fjölbreytt vistkerfi hitakærra örvera, fossar fleiri og tilkomumeiri en víða annars staðar, hraunbreiður sem fágætar eru á heimsvísu, sífreravistkerfi á hálendinu, stór óröskuð vatnasvið, hreint og tært lindarvatn og svona mætti lengi telja – í heild sinni hefur náttúra Íslands afar mikla sérstöðu. En umfram allt er hér að finna víðáttu og kyrrð, hvort tveggja eru hverfandi auðlindir í sífellt þéttsetnari heimi, ekki síst á evrópskum mælikvarða.

Þetta eru gríðarleg verðmæti, bæði efnisleg og andleg, og möguleikarnir eru margir fái þessi svæði verðskuldaða vernd. Þetta á við um mörg svæðanna sem umrædd þingsályktunartillaga tekur fyrir, svo sem inni á hálendinu, í Skaftárhreppi, á Reykjanesskaganum sem og heilu vatnsföllin eins og Jökulsárnar í Skagafirði og Jökulsá á Fjöllum, svo eitthvað sé nefnt. Áhugi landsmanna á vernd íslenskrar náttúru er mikill, t.d. reyndist meirihluti þjóðarinnar (56%) vera hlynntur stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands í skoðanakönnun Capacent Gallup frá október 2011.

### Hvar liggur sáttalínan?

Eitt af markmiðum rammaáætlunar var að leita sátta milli þeirra sem vilja framkvæma stórfelld virkjunaráform hérlendis og þeirra sem vilja auka veg verndunar og fara hægar í sakirnar. Margir virðast hins vegar líta á stöðuna í dag óháð þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið ráðist í á síðustu áratugum og draga sáttalínuna eins og um upphafsstöðu sé að ræða núna. Því skal hér mótmælt. Ef vikið er að tjóni á náttúru Íslands vegna þess sem þegar hefur verið virkjað, þá er ljóst að það er bæði mikið og að stórum hluta óafturkræft. Stefán Arnórsson, prófessor við HÍ, skrifar í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar í júní 2011 að búið sé að raska um helmingi af sýnilegum háhitasvæðum á landinu (9 af 19). Þá er ónefndur fjöldinn allur af vatnsaflsvirkjunum sem hefur verið reistur eða er í byggingu, ekki síst á hálendinu eða í jaðri þess. Þar með er þó ekki öll sagan sögð, því þær vatnsaflsvirkjanir sem eftir eru í virkjanapottinum eru flestar litlar og mun óhagkvæmari í byggingu og/eða rekstri en þær sem þegar hafa verið reistar og umhverfisáhrif þeirra oft meiri. Í umræðu um sátt verður að taka tillit til þeirra staðreynda sem hér hafa verið raktar.

### Í hvað á að nota orkuna?

Í hvað á að nota alla þá orku sem fæst úr virkjunarhugmyndum í orkunýtingarflokki? Í skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar frá júní 2011 kemur fram að árleg þörf á raforkuframleiðslu til almennrar notkunar, en það er sú notkun sem ekki er hjá stórnotendum (stóriðju), nemur aðeins rúmlega 50 GWh, eða um 7-8 MW. Þær 22 hugmyndir sem eru í orkunýtingarflokki í þingsályktunardrögunum samsvara tæpum 1.500 MW (rúmlega tveimur Kárahnjúkavirkjunum). Það er því erfitt að skilja hvers vegna það liggur svo mikið á að fá öll þessi svæði í orkunýtingarflokk, nema nota eigi orkuna til frekari stóriðju. Benda má á að nú þegar fara um 80% af framleiddri orku í landinu til stóriðju, sérílagi álbræðslu og óskynsamlegt að fjárfesta meira í þeim bransa, á meðan aðeins 5% notkunarinnar er á heimilum landsmanna. Þörf til almennrar notkunar má vel mæta með auknum orkusparnaði, betri nýtingu núverandi vatnsaflsvirkjana vegna aukins rennslis í jökulám, eða jafnvel með öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum. Niðurstaðan er því sú að við þurfum alls ekki á allri þessari orku að halda.

### Breyttir tímar

Sé litið til þingsályktunartillögunnar óbreyttrar frá drögunum og miðað við hugmyndir Landsvirkjunar um nær tvöföldun á raforkuframleiðslu fram til ársins 2025 er ljóst að mikill áhugi er á því að ráðast í bróðurpart þessarar orkunýtingar á afar skömmum tíma. Ef ég eignaðist barn á morgun þá væri ég sennilega að ferma það um svipað leyti og búið væri að ráðast í flestar hugmyndirnar. Það er því ekki ofsögum sagt að með þeim fjölda sem nú er í orkunýtingarflokki er verið að ganga freklega á rétt komandi kynslóða til þátttöku í ákvörðunum um ráðstöfun þessarar auðlindar og stórra landssvæða. Í ljósi þeirra ástæðna sem tíundaðar hafa verið í þessari grein er því afskaplega eðlileg krafa að fleiri virkjunarhugmyndir færist úr orkunýtingarflokki í bið- og verndarflokka.

Domino's Pizza

Sími 58-12345 www.dominos.is

# LOKUM Í KVÖLD KL. 18.00

Við á Domino's ætlum að gera okkur glaðan dag, fagna góðu gengi og skunda á árshátíð.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 18 í kvöld, en að sjálfsögðu verðum við mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun.

Sjáumst

# Hin falska Þorláksbúð

Fornleifar
Dr. Bjarni F. Einarsson
framkvæmdastjóri Fornleifafræðistofunnar



Þann 6. janúar síðastliðinn boðaði Fornleifavernd ríkisins til upplýsingafundar um endurgerð, viðhald og varðveislu fornleifa. Nokkuð víst var að fundurinn myndi snúast að miklu leyti um Þorláksbúðarmálið svokallaða, og sú varð raunin.

Um miðjan sjötta áratug síðustu aldar fóru fram viðamiklar rannsóknir í Skálholti og þá var Þorláksbúð könnuð lítillega, þó ekkert hafi birst um það opinberlega.

Til eru handbækur norsks fræðimanns og þar koma fram sömu upplýsingar um Þorláksbúð og aflað var við fornleifarannsóknir 2009. Undir búðinni eru grafir og ógreinanlegt rústabrot sem ekkert meira er vitað um. Samkvæmt seinni rannsókninni 2009 voru 0,4 m niður á grafirnar og jafnvel enn minna rétt utan við búðina. Aðeins hluti Þorláksbúðar var rannsakaður í bæði skiptin þannig að við vitum ekki hvernig hún leit nákvæmlega út og sú teikning sem birtist í skýrslunni 2009 sýnir nútíma endurhleðslu ofan á hinni eiginlegu rúst.

Ég gagnrýni harðlega að veitt skuli leyfi yfirleitt til þessara framkvæmda með ekki umfangsmeiri kröfur um rannsóknir en þær sem þó fóru fram. Að sjálfsögðu hefði átt að rannsaka alla rústina, hið óræða rústabrot undir henni og allar grafirnar sem þarna eru undir. Skálholt er sögufrægur staður og sumir telja að Gissur hvíti, faðir Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta biskups yfir landinu, hafi byggt sér kirkju á staðnum um 1000. Engar vísbendingar um slíka kirkju hafa nokkurn tímann komið fram við framkvæmdir eða rannsóknir á staðnum og enginn getur útilokað að áðurnefnt rústabrot kunni að hafa verið tengt kirkju hans.

Einnig er talið að Gissur sé grafinn í Skálholti, elsta kirkjugarðinum sem við vitum næsta lítið um. Þessar hugmyndir hefðu átt að kalla á fullnaðarrannsókn. Fornleifaverndin heldur því fram að vegna þess að settur var púði yfir hinar eiginlegu fornleifar hafi verið gengið svo frá hnútunum að þær séu vel varðar. Þetta er býsna vafasamt skjól, jafnvel skálkaskjól. Þegar búið er að raska jarðlögum þarna fer ýmislegt af stað svo sem grunnvatn og leiðir þær sem það fer um jarðveginn breytast.

Þorláksbúð var aldrei rannsökuð til fulls. Á slíkum niðurstöðum er ekki hægt að byggja tilgátuhús. Þá vill svo sérkennilega til að þeir aðilar sem að húsbyggingunni standa virðast halda að um tilgátuhús sé að ræða, en á fundinum kom skýrlega fram að Fornleifaverndin telur ekki svo vera, heldur sé um að ræða eins konar yfirbyggingu líkt og á Stöng í Þjórsárdal. Í umræðunni í fjölmiðlum hafa heitin endurbygging, endurreisn, uppbygging, endurhlaða, eftirlíking og tilgátuhús verið nefnd. Í ljós kom á fundinum að fyrirmynd Þorláksbúðar var sótt í skálann á Keldum á Rangárvöllum, en hann er talinn að stofni til vera frá því um 1200. Þarna er talsvert ósamræmi í málunum. Ekki má gleyma því að Þorláksbúð var upphaflega reist sem skemma, en ekki eins og híbýli fyrirmanna á stórbýli á 13. öld, eins og nú er ýjað að. Þetta myndi vera kallað sögufölsun í minni sveit.

Að Fornleifavernd ríkisins hafi ekki gert meiri kröfur til fornleifarannsókna en raun bar vitni og bítur svo höfuðið af skömminni með því að leyfa byggingu einhvers húss sem í þessu tilviki á að vera einhvers konar endurgerð á Þorláksbúð frá 16. öld en varð að einhvers konar stælingu á skála frá allt öðrum tíma í allt annarri sveit. Bera menn ekki meiri virðingu fyrir menningararfinum en svo að það sé allt í lagi að byggja hvað sem er ofan á órannsökuðum fornleifum sem forverar okkar hafa friðlýst og væntanlega treyst því að ströngustu kröfur yrðu gerðar ef raska þyrfti þeim.

Í þessu tilviki átti Fornleifaverndin að segja NEI. Er kirkjunni ekki meira annt um sinn eigin arf og okkar allra að henni finnist allt í lagi að smávægileg sögufölsun helgi einhvern tilgang sem felur í sér einhverja hagsmuni fyrir hana. Við Disneyvæðum menningararfinn af því að við höldum að við græðum á því peninga! Halda menn virkilega að ferðamenn og aðrir sjái ekki í gegnum slíkt?

Að lokum er mér það hulin ráðgáta hvers vegna þessir einkaaðilar eða hagsmunaaðilar leituðu svo stíft eftir því að reisa húsið einmitt ofan á Þorláksbúð. Á fundinum heyrðist sú skýring að presti þætti oft vera svo mikill erill í kirkjunni að það hafi verið nauðsynlegt að byggja nýtt hús nálægt henni svo hann fengi vinnufrið. Þetta hlýtur að hafa verið sagt í gríni.

Lesa má greinina í lengri útgáfu á Vísi.

# Hótelherbergi með ókunnugum?

Nýr Landspítali
Már Kristjánsson
yfirlæknir



Stefanía Arnardóttir
deildarstjóri á smitsjúkdómadeild Landspítala



Ef þú værir á leið til útlanda og hygðist dvelja á hóteli meðan á ferðinni stæði, myndir þú kjósa að deila herbergi með ókunnugum? Líklega svara flestir spurningunni neitandi. Staðreyndin er hins vegar sú að margt fólk sem leggst inn á sjúkrahús stendur frammi fyrir einmitt þessu – að deila herbergi með einstaklingum sem það þekkir engin deili á. Þetta gerir fólk á sama tíma og það tekst á við meðferð vegna veikinda eða slysa.

Smitsjúkdómadeild Landspítala í Fossvogi er engin undantekning frá þessu. Þetta er eina sérútbúna smitsjúkdómadeild landsins en á henni eru rúm fyrir 22 sjúklinga. Á smitsjúkdómadeild liggja einstaklingar á öllum aldri með mismunandi sjúkdóma s.s liðsýkingar, hjartaþelsbólgur, heilahimnubólgur, lungnabólgur, þvagfærasýkingar, berkla og ýmsar sýkingar af völdum ónæmra baktería. Meðallegutími þessara sjúklinga er 6-7 dagar en stundum þarf fólk að liggja vikum saman á deildinni. Einungis fimm einangrunarrými eru á smitsjúkdómadeild, sem er allsendis óviðunandi. Á þessum herbergjum liggja þeir sjúklingar sem veikastir eru eða með sýkingar sem eru smitandi. Aðrir sjúklingar dveljast á fjölbýlum. Enginn þarf að efast um hve óþægilegt það getur verið fyrir fólk að deila herbergi með manneskju sem það þekkir ekki.

Vegna skorts á einangrunarrýmum þarf oft að flytja einstaklinga á milli herbergja og í mörgum tilfellum þarf að flytja fólk á gang við mjög svo óásættanlegar aðstæður þar sem önnur herbergi á deildinni eru upptekin.

Mikil þrengsli eru á stofunum og ef flytja þarf til sjúkling sem innar liggur á stofu þarf fyrst að flytja þann sem framar liggur út af stofunni. Þetta er til óþæginda fyrir alla. Salernisaðstaða sjúklinga er líka langt í frá fullnægjandi. Á flestum fjölbýlunum eru salernin lítil og ekki hægt að komast inn með hjólastóla eða önnur hjálpartæki sem margir sjúklingar þurfa að nota. Þó aðstaða á smitsjúkdómadeild sé einna best hvað salernis- og sturtuaðstöðu viðkemur á spítalanum öllum þá bera tíðir faraldrar spítalasýkinga þess vitni að ástandið sé ófullnægjandi.

Ljóst má vera að sú staða sem lýst er að ofan sæmir ekki á nútíma sjúkrahúsi. Brotið er gegn friðhelgi einkalífs sjúklinga og þeir fá ekki þá þjónustu sem þeir ættu að fá. Á deild eins og smitsjúkdómadeild ættu allir sjúklingar að hafa einbýli með góðri salernis- og sturtuaðstöðu, en sú er staðan því miður ekki nú.

Enginn þarf að efast um hve óþægilegt það getur verið fyrir fólk að deila herbergi með manneskju sem það þekkir ekki.

Starfsfólk smitsjúkdómadeildar vinnur ótrúlegt starf við að láta hlutina ganga vel þótt aðstaða sé ekki eins og óskandi væri. Þess má þó jafnframt geta að vinnuaðstaða starfsmanna er mjög lítil og þröng og ekki í takt við þarfir nútímans. Í dag er öll skráning sjúklinga orðin rafræn en aðstöðueysi og skortur á tölvubúnaði verður til þess að ýmissi nauðsynlegri vinnu starfsfólks seinkar, t.d. útskrift sjúklinga.

Undanfarið hefur nokkuð verið rætt um fyrirhugaða stækkun Landspítala við Hringbraut. Sitt hefur hverjum sýnst og einhverjir virðast telja að nægur tími sé framundan til að ræða áfram um atriði eins og hvar eigi að byggja spítalann.

Að okkar mati er það ekki svo enda langt um liðið frá því ákveðið var að Landspítali framtíðarinnar rísi við Hringbraut. Það er afar mikilvægt og löngu tímabært að sjúklingar og starfsfólk Landspítala fái aðstöðu sem hæfir nútímanum. Það tekst ekki nema með byggingu nýs spítala. Við þurfum strax að hefjast handa.

# Til varnar forsætisráðherra

Stjórnmál
Auður Guðjónsdóttir
hjúkrunarfræðingur



Þó ég hafi sjálf aldrei hætt mér út á hinn pólitíska vígvöll hef ég fylgst með stjórnmálum frá því ég hafði þroska til. Svo langt man ég þegar Jóhanna Sigurðardóttir bauð sig fram til þings í fyrsta sinn, full réttlætis til jöfnunar í þjóðfélaginu. Allar götur síðan hef ég fylgst með störfum Jóhönnu og tel að hún hafi aldrei misst sjónar af hugsjón sinni. Því fannst mér sárt að heyra í fréttum að hún nyti aðeins trausts átján prósenta þjóðarinnar.

Jóhanna var kosin til að varða veg þjóðarinnar eftir mikið áfall. Hvort allar hennar ákvarðanir hafa verið réttar get ég ekki dæmt um. Hins vegar er ég sannfærð um að þær hafa verið teknar samkvæmt bestu samvisku, miðað við aðstæður. Löng reynsla hefur sýnt að Jóhanna selur ekki sálu sína né heldur lætur hún fals eða fagurgala villa sér sýn.

Allir þeir sem staðið hafa andspænis persónulegum harmleik í lífi sínu vita að það tekur ár, áratugi eða jafnvel allt lífið að vinna sig frá áfallinu. Hrunið var stórt áfall fyrir þjóðina og spillingin sem því olli er þjóðarböl sem þarf að uppræta. Það er einmitt sú sýn sem Jóhanna hefur að leiðarljósi þó misjafnlega hafi gengið. Eftir þann tryllta dans sem stiginn var skal enginn efa að tíma muni taka að komast á réttan kjöl og að ýmsir munu bera sár sem seint eða aldrei gróa.

Ef við ætlum að rísa upp sem ærleg þjóð skulum við styðja þann leiðtoga sem valinn var til að varða veginn í stað þess að rakka störf hans niður við hvert tækifæri. Það hljóta að vera sameiginlegir hagsmunir okkar allra að land rísi sama hvar í flokki við stöndum. Ef við bregðumst í samstöðunni munum við öll tapa. Það viljum við ekki að gerist.

RAFMÖGNUÐU FERMINGARGJAFIRNAR Í VERSLUNUM N1



Vnr. 1257 TP106
SPJALDTÖLVA
16GB Android 4.0 spjaldtölva með WiFi og 9,7" fjölsnertiskjá. 1,2GHz örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 2mp myndavél og vefmyndavél
49.900 KR.

Vnr. 1741 027 668
HLÍFÐARTASKA FYRIR SPJALDTÖLVU
Vatns-og rykþétt Aquapac hlífðartaska fyrir spjaldtölvu. Passar m.a. fyrir iPad.
3.990 KR.

Stórverslun Bíldshöfða 9 | Akureyri | Egilsstaðir | WWW. N1.IS

# Spilavandi Íslendinga kallar á raunsæjar lausnir

Spilavandi

Bjarki Gunnlaugsson
fjárfestir

Arnar Gunnlaugsson
fjárfestir

Magnea Þórey Hjálmarsdóttir
framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

Ný skýrsla um spilahegðun og algengi spilavanda fullorðinna Íslendinga er sú þriðja á sjö árum. Nýja skýrslan sýnir að spilavandi þjóðarinnar hefur aukist síðan árið 2007 sem bendir til þess að við séum ekki að ná almennilega utan um þann hörmulega vanda sem spilafíkn er.

Fyrir rúmlega sjö árum veltu undirrituð upp þeim möguleika að opna „kasínó“ á Íslandi, byggt að danskri fyrirmynd. Strax þá bentum við á að á Íslandi væri fjárhættuspil stundað á óábyrgan hátt og nær eftirlitslaust. Versta dæmið um það eru spilakassar, aðgengilegir öllum sem eiga leið í næstu sjoppu – og allir líta undan vegna þess að afraksturinn fer í góðgerðamál (Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörg o.fl.).

Við sögðum líka að ekki væri raunsætt að banna fjárhættuspil á Íslandi og því yrði að finna leiðir til þess að auka eftirlit og forvarnir. Það myndi óhjákvæmilega leiða til fækkunar spilafíkla. Setja þyrfti upp kerfi sem virkar gagnvart öllum, bæði gagnvart þeim sem stunda fjárhættuspil án vandræða og þeim sem eiga við spilavandamál að stríða, auk annarra sem málið snertir.

Við teljum lausnina ekki vera að setja frekari boð og bönn á slíka starfsemi – þau leiða alltaf til neðanjarðarstarfsemi með nýjum vandamálum, feluleik og eymd. Ljóst er að Íslendingar eins og aðrar þjóðir munu stunda fjárhættuspil hvort sem þau eru leyfð eða ekki. Allir sem hugsa málið af yfirvegun hljóta að gera sér grein fyrir þessu.

Síðustu sjö ár hefur reglulega komið upp umræða um spilavanda Íslendinga, á fundum og í fjölmiðlum. En enginn leggur fram lausn, vandinn bara eykst og umræðan deyr þar til í næstu lotu … og nú er enn ein slík hafin með tilkomu nýjustu skýrslunnar um spilavanda Íslendinga!

Með frekar einfaldri aðgerð er hægt að hafa veruleg áhrif á skaðlegustu spilafíknina með því að banna spilakassa í sjoppum og koma þeim í staðinn fyrir í húsnæði þar sem skylt yrði að sýna skilríki við inngöngu, húsnæði þar sem alvöru eftirlit yrði og forvörnum væri sinnt. Þetta myndi draga úr hömlulausri spilamennsku því nú þyrfti að að gera sér sérstaka ferð til að spila. Ekki væri nóg að fara út í næstu sjoppu, en af þeim er nóg hér á landi. Slík aðgerð myndi þó væntanlega einnig þýða minni tekjur vegna þess að börn og unglingar gætu ekki lengur spilað eins og hingað til hefur verið raunin.

Til að vega upp á móti tekjutapi góðgerðasamtaka höfum við einnig lagt til að heimilt verði að setja kasínó á fót hér á landi. Öll lönd í Evrópu (fyrir utan Noreg) leyfa slíka starfsemi. Kasínórekstur er undir miklu eftirliti hins opinbera, allir sem heimsækja kasínó verða til dæmis að sýna skilríki og allar heimsóknir eru skráðar svo auðvelt er að fylgjast með tíðni heimsókna einstaklinga. Þannig er hægt að bregðast við ef grunur leikur á að einstaklingur sem stundar kasínó oftar en góðu hófi gegnir eigi við spilavandamál að stríða. Forvarnarbæklingar myndu vera á sýnilegum stöðum og auðvelt væri t.d. fyrir SÁÁ eða SÁS (Samtök áhugafólks um spilafíkn) að vera með aðstöðu í sama húsi og kasínó til að bæta enn frekar aðgengi fólks að sérfræðingum.

> Það hefur nefnilega alltof oft gerst að umræða um fjárhættuspil og spilafíkn hefur verið á mjög lágu plani

Annar kostur við það að beina fjárhættuspili inn í kasínó er að þótt góðgerðasamtök fái minni tekjur af spilaglöðum Íslendingum (þar á meðal börnum og unglingum) fá þau í staðinn tekjur af ferðamönnum og erlendum ráðstefnugestum. Víðast hvar erlendis er litið á heimsókn í kasínó sömu augum og hverja aðra skemmtun á borð við að fara í leikhús – fólk lítur á kasínó sem afþreyingu.

Árið 1990 var kasínórekstur leiddur í lög í Danmörku og hafa þau verið starfrækt þar síðan í sátt og samlyndi við danskt samfélag. Meginrök Dana fyrir lögleiðingu á kasínóum voru að þeir vildu auka hlut ferðaþjónustunnar í Danmörku, tryggja samkeppnishæfi Kaupmannahafnar gagnvart öðrum helstu borgum Evrópu og uppræta ólöglega spilastarfsemi. Tíðni spilafíknar í Danmörku er í dag með því lægsta í Evrópu, mun lægra en t.d. á Íslandi. Dönsk kasínó skila þar að auki miklum skatttekjum.

Undirrituð hafa undanfarin sjö ár kynnt ofangreinda lausn á spilavanda Íslendinga fyrir fjölda stjórnmálamanna, aðilum frá ferðaþjónustunni, aðilum frá Reykjavíkurborg og samtökum um spilafíkn. Skemmst er frá því að segja að enginn þessara aðila hefur mótmælt okkar hugmyndum – flestir hafa fagnað henni.

Við viljum í þessari umræðulotu sjá faglega umfjöllun um þetta mál. Það hefur nefnilega alltof oft gerst að umræða um fjárhættuspil og spilafíkn hefur verið á mjög lágu plani og skortur á haldbærum rökum verið áberandi.

Því viljum við leggja til að stofnuð verði nefnd á vegum Alþingis til að kortleggja spilamarkaðinn á Íslandi og koma með alvöru lausnir á vandanum. Þessi nefnd þyrfti að kynna sér hvað önnur lönd eru að gera í kringum okkur – margt er hægt að læra af öðrum þjóðum, sérstaklega þeim sem hafa náð umtalsvert betri árangri en við í að styrkja ferðaþjónustuna og á sama tíma hafa náð miklum árangri í baráttunni við spilafíkn í þjóðfélaginu.

www.pwc.is/gengislan

**Nýjasti gengislánadómurinn og útreikningar kynntir**

Morgunverðarfundur
fimmtudaginn 29. mars
kl. 8.30-10 að Skógarhlíð 12

Skráningar fara fram á www.pwc.is/gengislan

pwc

*Bankar og fjármálastofnanir búa sig nú undir að endurgreiða ranglega innheimtar greiðslur af gengistryggðum lánum. Ljóst er að fyrirtæki og rekstraraðilar þurfa að gæta hagsmuna sinni vandlega og fylgja eftir réttmætum kröfum sínum. PwC Legal hefur sérhæft sig í slíkri hagsmunagæslu.*

**Fundarstjóri:**
Elín Árnadóttir, hdl, partner á skatta- og lögfræðisviði PwC

**Umfjöllun um gengislánadóm nr. 600/2011:**
Elísabet Guðbjörnsdóttir, hdl, framkvæmdastjóri PwC Legal

**Endurrreikningur gengislána kynntur:**
Kristján Markús Bragason, partner í fyrirtækjaráðgjöf PwC

PwC á Íslandi er framsækið og taust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Vnr. 1257 MD325
iPHONE 4S
Ólæstur, 16GB með WiFi og 3G, svartur og hvítur.
128.900 KR.



11.458 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN. M.V. VAXTAL. LÁN BORGUNAR. ALLS 137.496 KR.

KAUPAUKI: NOTKUN HJÁ NOVA
1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mán. hjá Nova fylgir iPhone 4S keyptum hjá N1. Tilboðið gildir á meðan síminn er í notkun í farsímakerfi NOVA. Gildir með 0 kr. Nova í Nova og eitt verð í alla, áskrift og frelsi

Haier



9.819 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN. M.V. VAXTAL. LÁN BORGUNAR. ALLS 117.828 KR.

6.800 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN. M.V. VAXTAL. LÁN BORGUNAR. ALLS 81.600 KR.

Vnr. 6020 LET32T900
32" LED
Haier 32" sjónvarp. HD Ready, USB upptaka og afspilun, 1366x768p.
74.900 KR.

Vnr. 6020 LET40T900
40" LED
Haier 40" sjónvarp. Full HD, USB upptaka og afspilun, 1920x1080p.
109.900 KR.

Vnr. 1731 CX0310SGXEU
GPS TÆKI
Ný lína af GPS útivistartækjum frá Magellan; handhæg og hlaðin nýjustu tækni. Einnig er komið út nýtt útivistarkort fyrir Magellan GPS tækin. Útivistarkortið er selt aukalega, ekki innifalið í verði.
VERÐ FRÁ 39.900 KR.



N1
Meira í leiðinni

# Landsnet greiðir fyrir risa-stjóriðju á kostnað almennings

Orkumál



**Magnús Rannver Rafnsson**
lektor í verkfræði við HiST University College í Þrándheimi

Í svargrein sinni við gagnrýni undirritaðs velur Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, að misnota aðstöðu sína í tilraun til þess afvegaleiða lesendur.

Enginn misskilningur er til staðar af hálfu undirritaðs og ágæt þekking á hlutverki Landsnets fyrir hendi, þótt eflaust sé hún meiri hjá forstjóra fyrirtækisins, eðli málsins samkvæmt. Eftir frekari skoðun er þó ljóst að staðan er verri en ég upphaflega ætlaði.

Landsnet hefur skv. lögum skyldum að gegna gagnvart þjóðfélaginu öllu en sinnir þeim ekki með samfélagslega hagsmuni að leiðarljósi. Stóriðjuvæðing af gamla skólanum er leiðarljósið. Fyrirtækið getur ekki eingöngu séð til þess að almenningur borgi fyrir raforkuflutningskerfi stóriðjuvera – í stað þess að arðsemi stóriðjurekstursins geri það – heldur eru kostnaðarútreikningar beintengdir stórri kostnaðarbreytu sem fyrirtækið skilgreinir sjálft á forsendum sérhagsmuna, í samráði við ráðgjafana sem forstjórinn treystir svo vel (raforkulög 65/2003, sbr. breytingu á 12. gr. með lögum 19/2011). Þótt kveðið sé á um þjóðhagslega hagkvæmni og umhverfissjónarmið virðist enga skilgreinda hvata að finna í þá veru. Þvert á útúrsnúninga forstjóra fyrirtækisins þá getur Landsnet einmitt hámarkað hagnað sinn á kostnað samfélagsins, innan ramma laganna.

Undirritaður hefur ekki misskilið skoðun sína, þrátt fyrir tilraunir forstjóra Landsnets til þess að halda öðru fram. Táknmynd liðinna tíma endurspeglast ekki síst í aðferðafræði Landsnets sem vinnur ötullega að því að fá sífellt fleiri í samfélaginu upp á móti sér. Sú aðferðafræði við greiningu á gæðum gegn hagkvæmni – svo ekki sé talað um sjónræn áhrif – er sömuleiðis endurspeglun úreltra forsendna og einkennist af skammtímasjónarmiðum um arðsemi en ekki samfélagslegri hagkvæmni til langs tíma. Ef Landsnet vill fræðast um þróun nýrra lausna verður fyrirtækið að opna vettvang fyrir það en ekki loka sig af með ráðgjöfum sínum.

Það er e.t.v. mat forstjóra Landsnets að möstrin sem ráðgert er að reisa hafi lítil umhverfisáhrif. Í matsskýrslu kemur hinsvegar fram að þessi nýju möstur eru helmingi hærri en þau sem þar eru fyrir og þau munu standa í tvöfaldri til þrefaldri röð í þeirri hæð og þekja 110m til 140m breitt svæði yfir marga tugi kílómetra. Nýr háspennuskógur á Reykjanesskaga verður að veruleika! Þá liggja engar upplýsingar fyrir um sjónræn áhrif tengivirkis á Njarðvíkurheiði með tilheyrandi víravirki ásamt stórri 18m hárri 4.000m2 byggingu – beint við bæjardyr Reykjanesbæjar. E.t.v. er það mat forstjórans að allt þetta hafi lítil áhrif á umhverfið. Í reynd er um alvarleg neikvæð umhverfisáhrif að ræða (matsskýrsla bls.28 og 60).

Myndir á vefsvæðinu www.sudvesturlinur.is eru ósannfærandi og sjónarhornin virðast valin með það í huga að gera sem minnst úr sjónrænum áhrifum nýju mastranna. Þar eru t.a.m. nokkrar myndir þar sem ekkert sést – hvorki fyrir né eftir breytingu. Eru þetta þá ósýnileg möstur? Er það nútímaverkfræðin sem forstjóri Landsnets vísar til? Reynt er að því er virðist að fela þá neikvæðu birtingarmynd sem mun blasa við Suðurnesjafólki sem öllum ferðamönnum sem sækja Ísland heim um flugstöðina.

Sérhagsmunagæsla Landsnets felst m.a. í skilgreiningunni á hagkvæmni. Neikvæðu afleiðingarnar sem felast í hönnunarvinnu Landsnets og ráðgjafanna traustu eru hreinlega af allt annarri stærðargráðu en mögulega afleiddar breytingar á hinu skilgreinda „flutningsgjaldi“ sem vísað er í.

Um er að ræða neikvæða ímynd svæðisins í heild í marga áratugi, lækkun fasteignaverðs, verri skilyrði til uppbyggingar ferðamennsku og minnkun gæða rýmisins sem íbúar svæðisins búa við. Víðtæk efnahagsleg neikvæð áhrif eru það sem hlýst af sérhagsmunagæslunni, sem og slæm fyrstu kynni erlendra gesta af landinu.

Það sorglega er auðvitað að til eru umhverfisvænni sem og hagkvæmari lausnir – um það eru dæmi víða sem ekki er rými fyrir hér. Landsnet hefur þær ekki. Vill fyrirtækið fá nýjar lausnir í hendur í gegnum fjölmiðla? Málið er flóknara en svo.

> Táknmynd liðinna tíma endurspeglast ekki síst í aðferðafræði Landsnets sem vinnur ötullega að því að fá sífellt fleiri í samfélaginu upp á móti sér.

E.t.v. er háspennulínan sem liggur niður í Reyðarfjörð dæmi um nýsköpunina sem forstjórinn er að tala um. Eða vinningstillagan í arkitektasamkeppninni 2008 – hreinræktað stálgrindarmastur. Er ástandið á Hellisheiði að mati forstjórans merki um framsýnina sem hann telur Landsnet framfylgja? Ryðguð stálgrindarmöstur í umvörpum – bæði ný og gömul. Þetta er það sem Landsnet getur státað sig af – í reynd afrakstur fákeppni og hvergi merki um framsýni að finna. Suðvesturlínur er enn eitt dæmið um úrelda hugsun og fullkominn skort á framsýni.

Hvernig getur forstjóri Landsnets fullyrt svona stoltur að hann sé með hagkvæmustu lausnina? Á hverju byggir það? Útreikningar undirritaðs sýna allt annað.

# Aðför borgaryfirvalda að Laugaveginum

Viðskipti



**Björn Jón Bragason**
talsmaður hóps kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg

Hinn 7. mars síðastliðinn voru borgarstjóra afhentir listar með nöfnum 48 eigenda rótgróinna verslana og verslunarhúsnæðis við Laugaveginn í Reykjavík sem mótmæla öllum frekari áformum borgaryfirvalda um lokun götunnar fyrir bílaumferð.

Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir til að loka Laugavegi fyrir bílaumferð, en mjög hefur dregið úr verslun þá daga sem götunni er lokað. Flestir viðskiptavinir verslana á þessu svæði koma líka gangandi til að versla í tilteknum búðum. Ef aðgengi að verslunum er skert hefur það óhjákvæmilega í för með sér að stór hluti viðskiptavina leitar annað. Þá er lokun götunnar aðför að ferðafrelsi aldraðra, öryrkja og annarra þeirra sem eiga erfitt með gang.

Stuðningsmenn lokunar benda á að víða erlendis þrífist göngugötur vel sem verslunargötur, en slíkt hefur ekki gefið góða raun hér á landi og eru ástæður þess vafalaust margar, svo sem óblíð veðrátta og mikil notkun fjölskyldubílsins. Austurstræti var án efa glæsilegasta verslunargata bæjarins framan af síðustu öld, en lokun götunnar drap svo að segja endanlega verslun við Austurstræti og nálægar götur, en fjöldi búða var áður í Hafnarstræti, Aðalstræti og fleiri götum þar í kring. Þetta ætti að vera mönnum víti til varnaðar.

Borgaryfirvöld kynntu nýverið áform sín um stórhækkun bílastæðagjalda, en gert er ráð fyrir hækkunum um 67 til 88 prósent, auk þess sem til stendur að lengja mjög þann tíma sem skylt verður að greiða í gjaldmæla í miðborginni. Svo virðist sem ástæða þess að borgaryfirvöld ráðast nú í stórhækkun á bílastæðagjöldum sé almenn andúð þeirra á einkabílnum og markmiðið sé að fæla fólk frá því að koma á bílum í miðborgina. Slíkar aðgerðir geta ekki leitt til annars en minni verslunar. Viðskiptavinir vilja koma á sínum bíl og leggja honum nærri versluninni, ella fara þeir annað.

Á tímum almenns samdráttar í smásöluverslun væri rétt að borgaryfirvöld tækju höndum saman með kaupmönnum á svæðinu og stuðluðu að aukinni verslun. Liður í því gæti verið lækkun bílastæðagjalda og fjölgun stæða. Að sama skapi myndi það auðvelda aðgengi að búðum að fella niður gjaldskyldu á svæðum nærri Laugavegi. Verslun við aðalverslunargötur borga og bæja Bretlands hefur átt mjög undir högg að sækja síðustu ár og misseri. Þar í landi hefur mikið verið rætt um leiðir til að auðvelda fólki að komast á bílum sínum í miðborgirnar, meðal annars með lækkun bílastæðagjalda og niðurfellingu gjaldskyldu í nágrenni aðalverslunargatna.

Með lokunum gatna og hækkun bílastæðagjalda er beinlínis vegið að lífsviðurværi hundraða verslunarmanna, kaupmanna, annarra rekstraraðila og starfsmanna fyrirtækja þeirra, auk þess sem virði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á svæðinu er stórlega skert.

Eftir því sem verslunum fækkar í miðborginni fjölgar öldurhúsum, en vera kann að borgaryfirvöld stefni að því að eingöngu slík starfsemi fái þrifist í miðborg Reykjavíkur. Líklega eru þó fleiri þeirrar skoðunar að í miðborg Reykjavíkur eigi að geta þrifist verslun og til þess að svo megi verða til frambúðar verða borgaryfirvöld að láta af áformum sínum um lokun gatna og hætta öðrum skemmdarverkum gegn versluninni. Án blómlegra verslunarfyrirtækja er engin miðborg.

# Íslenskt vísindasamfélag, rannsóknir og efling samkeppnissjóða

Vísindi

**Eiríkur Steingrímsson**

**Hannes Jónsson**

**Magnús Karl Magnússon**

**Þórólfur Þórlindsson**

prófessorar við Háskóla Íslands

Undanfarna áratugi hafa orðið stórstígar framfarir með tilliti til gæða og árangurs í íslensku vísindastarfi. Mikil uppbygging hefur átt sér stað; nýjar fræðigreinar hafa rutt sér til rúms, og þverfaglegar rannsóknir hafa dafnað. Þessu samhliða hefur námsframboð á háskólastigi aukist og rannsóknartengdu framhaldsnámi verið hleypt af stokkunum – doktorsnámi. Á sama tíma hafa orðið til öflugar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki sem ráða til sín vel þjálfað starfsfólk. Samheiti alls þessa er íslenskt vísindasamfélag.

Ísland á marga öfluga vísindamenn en forsenda fyrir samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi eru tækifæri og fjármagn sem gera þeim kleift að stunda rannsóknir hér á landi. Undanfarin ár hafa rannsóknarhópar á ýmsum sviðum eflst og sótt rannsóknarfé til útlanda, oft í samstarfi við erlenda vísindamenn. Uppbygging slíkra hópa hefst hér heima og því er nauðsynlegt að búa íslenskum vísindamönnum hagstæð skilyrði, bæði með tilliti til eflingar rannsókna en þó ekki síst nýliðunar, til að tryggja eðlileg kynslóðaskipti.

Rannsóknartengt framhaldsnám á sér stutta hefð á Íslandi. Aðeins rúmur áratugur er síðan farið var að mennta doktora á Íslandi með formlegum hætti en fyrir þann tíma luku flestir Íslendingar slíku prófi erlendis. Það er eðlileg þróun að bjóða upp á rannsóknartengt framhaldsnám hér á landi en þar þarf að standa vörð um gæði.

Áhrif hrunsins á bæði háskóla og vísindasamfélag eru kunn. Það er hins vegar vert að benda á að jafnvel fyrir hrun voru framlög í opinbera samkeppnissjóði langtum lægri hér á landi en meðal annarra þjóða sem við berum okkur saman við. Undanfarin þrjú ár hefur árangurshlutfall í Rannsóknasjóði – eina opna samkeppnissjóði landsins á sviði rannsókna – verið á bilinu 14-17%. Það þýðir að á sama tímabili hefur um 83-86% umsókna verið hafnað. Allar götur frá stofnun sjóðsins (2004) hefur þörfin fyrir hann aukist, enda hækkar sífellt sú upphæð sem sótt er um. Á sama tíma hefur styrkjum hins vegar fækkað en sjóðurinn hefur veitt um 37-47 nýja styrki á ári undanfarin þrjú ár. Umsóknir eru vel á þriðja hundrað.

Nú er svo komið að sjóðurinn hefur jafnvel ekki ráð á að styrkja umsóknir sem lenda í efsta gæðaflokki. Þetta er afleit þróun enda öðru rannsóknarfé í opinni samkeppni vart til að dreifa. Og jafnvel þótt Rannsóknasjóður veiti hæstu styrki sem veittir eru til rannsókna hér á landi eru þessir styrkir ekki nema hálfdrættingur á við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og brot af því sem gerist í Bandaríkjunum. Loks er þess að geta að af því fé sem ríkið leggur í rannsóknir og þróun fara einungis um 15% sem í opna samkeppni; leitun er að lægra hlutfalli.

Rannsóknasjóður veitir styrki annars vegar á grundvelli almennra áherslna Vísinda- og tækniráðs og hins vegar að undangengnu faglegu mati. Sjóðurinn er opinn samkeppnissjóður sem þýðir að vísindamenn koma sjálfir með hugmyndir að rannsóknum sem svo eru settar í dóm annarra vísindamanna í svonefndu jafningjamati (peer review). Auðvitað eru umsækjendur missáttir þegar niðurstöður styrkveitinga eru birtar ár hvert – annað væri óeðlilegt – en þegar úthlutunarhlutfall er langt innan við 20% og jafnvel umsóknir sem raðast í efsta gæðaflokk fá synjun um styrk er úr vöndu að ráða.

Matskerfi Rannsóknasjóðs hefur tekið miklum breytingum undanfarin fimm ár; nú eru til að mynda allar umsóknir metnar erlendis áður en fagráð taka þær til umfjöllunar og raða endanlega fyrir stjórn. Í hverju af fjórum fagráðum Rannsóknasjóðs eiga sæti sjö sérfræðingar og eru fimm þeirra Íslendingar en tveir erlendir sérfræðingar. Mikið hefur verið gert til að bæta matsferlið og efla tiltrú umsækjenda (og vísindasamfélagsins alls) á úthlutunum. Hætt er þó við að lágt úthlutunarhlutfall bregði skugga á allt það óeigingjarna starf sem ytri sérfræðingar og fagráðsmenn auk stjórnar sjóðsins leggja á sig til að tryggja faglega afgreiðslu. Jafningjamat er ekki gallalaust kerfi en er það skásta sem við höfum.

> Nú er svo komið að sjóðurinn hefur jafnvel ekki ráð á að styrkja umsóknir sem lenda í efsta gæðaflokki. Þetta er afleit þróun enda öðru rannsóknarfé í opinni samkeppni vart til að dreifa.

Ef Íslendingar hyggjast áfram ná árangri á sviði rannsókna er bara eitt til ráða: efling samkeppnissjóða. Sanngjarnari leið til þess að efla rannsóknir er ekki til. Ýmislegt hefur verið reynt en hvergi hefur raunverulegur árangur náðst þar sem vísindamenn hafa ekki tækifæri til þess að leggja verk sín í dóm jafninga og fjármagna rannsóknir sínar í gegnum samkeppnissjóði. Rannsóknarstyrkir eru auk þess undirstaða rannsóknarnáms; þeir eru nýttir til að þjálfa nemendur og greiða laun þeirra. Rannsóknir eru forsenda fyrir öflugri nýsköpun og mikilvæg leið til raunverulegrar uppbyggingar á nútíma samfélagi.

Við skorum hér með á stjórnvöld að efla Rannsóknasjóð og gera honum kleift að stuðla að raunverulegri uppbyggingu á rannsóknum á Íslandi. Framtíð rannsókna og nýsköpunar á Íslandi er í húfi.


4BLS BÆKLINGUR
PÁSKA TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Til páska fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
1 STK Á MANN
AÐEINS 100 STK Í BOÐI
2TB FLAKKARI
WESTERN DIGITAL ELEMENTS FLAKKARI
19.900
28.mars 2012 - Tilboð gilda til páska eða meðan birgðir endast
NR2 PÁSKAEGG
FREYJU PÁSKAEGG NR.2 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
KINDLE LESTÖLVA
KINDLE LESTÖLVAN FRÁ AMAZON VAR AÐ LENDA
24.900
ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
NR4 PÁSKAEGG
FREYJU PÁSKAEGG NR.4 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
PlayTab 2PRO
Glæsileg multimedia 7" spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 2.3 stýrikerfi
16.900
NR40 RISA PÁSKAEGG
HEPPINN FACEBOOK VINUR VINNUR RISA PÁSKAEGG NÚMER 40 FYRIR PÁSKA
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri

# PÁSKAT

## STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓ




SB004

# TS11

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva og nýjasta og einn öflugasta skjákjarna í heimi

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

FÆST Í 3 LITUM




# 5250

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**89.900**

ACER Á ÓTRÚLEGU VERÐI




S3

# ULTRABOOK

- Intel Core i5-2467M 2.3GHz Turbo HT
- 320GB diskur og 4GB DDR3 minni
- 2 sekúndur úr dvala með 20GB SSD
- Rafhlaða endist 50 daga í svefnham
- 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Fislétt aðeins 1.4KG og örþunn
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

ÞETTA ER SKÓLATÖLVAN 2012




HR688

# TS11

## SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð fartölva með Sandy Bridge og því nýjasta og einu öflugasta sem í boði er ásamt 2GB ofur öflugu leikjaskjákorti

- Intel Core i5-2450M 3.1GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Nvidia 3D Optimus orkusparandi tækni
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**154.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG




1015BX

# ASUS

- AMD Dual Core C-50 1.0GHz 1MB
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 512MB ATI HD6250 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7.5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**59.900**

FÆST HVÍT EÐA SVÖRT




E325

# EDGE

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 13.3" HD LED Glossy 1366x768
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 1.3MP HD 1280x800 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

ÖRÞUNN OG AÐEINS 1.7KG




28W

# C660

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD TruBrite 1366x768 skjár
- 512MB GeForce G315M skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**89.900**

TOSHIBA Á FRÁBÆRU TILBOÐI

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## NETIÐ Í FRÍINU

**Talið er að 57% Norðmanna noti snjallsíma og taki þá með í fríið til að skoða netið. Margir taka einnig með sér far- eða spjaldtölvur. Flestum finnst nauðsynlegt að skoða fréttir að heiman eða tölvupóstinn í fríinu. Í stað póstkortanna eru nú sendar myndir í gegnum símann.**

**Hugsaðu vel um fæturna**
Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Florida. Verð: 12.885,-
Misty skor
Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Margir litir
Stærðir: 36 – 42
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

**Gólfhitakerfi**
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



# FÉKK MÓTOR Á GAMLA REIÐHJÓLIÐ

**Í FORMI** *Eftir að Guðný Björk Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur fór að finna fyrir einkennum vefjagigtar átti hún erfiðara með að hjóla á venjulegu reiðhjóli. Hún skoðaði málið og fékk mótor á hjólið til að minnka álagið.*

Ég hef hjólað í vinnuna mjög lengi, líklegast í meira en tíu ár. Ég hjólaði alltaf á venjulegu reiðhjóli frá Kópavogi þar sem ég bý og á Landspítalann þar sem ég starfaði,“ segir Guðný. „Síðan sá ég rafhjól og fannst það mjög spennandi, sérstaklega þar sem ég veiktist af vefjagigt og var orðin máttminni af þeim sökum. Ég átti orðið erfitt með að fara upp brekkur.“

Guðný skoðaði allar upplýsingar um reiðhjólamótora vel og ítarlega á netinu, enda margt í boði. Ég vildi nota gamla hjólið áfram en fékk ný dekk og mótorinn er festur á framhjólið. Þetta er yndislegt tæki. Ég fer um á 25 km hraða og get ráðið álaginu. Mótorinn hjálpar mér upp brekkur. Ég get líka verið löt og látið hjólið fara áfram án þess að gera neitt,“ greinir hún frá.

**FLOTT HJÓL**
Guðný Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur á rafjólinu.
MYND/STEFAN

FRAMHALD Á SÍÐU 2

*Smurstöðin Dalvegi og Bílaáttan hafa sameinast að Smiðjuvegi 30*
*Verið velkomin*
"Sá smurði gengur"
Bíla...Áttan
Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400

*Smurþjónusta og bifreiðaverkstæði*
Smiðjuvegur 30 - gul gata



NÝ SENDING AF VORVÖRUM

Allt fyrir fermingarnar og sumarfríið.

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770


## LYFTISTÖNG

**■ ÍSLENSK FARFUGLAHEIMILI HLJÓTA GÆÐAVOTTUN.** Rekstraraðilar farfuglaheimila á Akranesi, Bíldudal og Grundarfirði tóku á móti HI-Quality gæðavottun Alþjóðasamtaka Farfugla á dögunum. Vottunin er veitt fyrir innra gæðaeftirlit og gæði í aðbúnaði og þjónustu. Hingað til hefur einungis stórum farfuglaheimilum staðið til boða að starfa eftir HI-Quality gæðakerfinu en heimilin þrjú tóku þátt í að laga viðmiðin fyrir smærri heimili í samvinnu við samtökin og Farfugla á Íslandi. Sjá ferdamalastofa.is





# ÍSLAND BEST Í EVRÓPU

**Á TOPPNUM** *Ísland er heitasti áfangastaður Evrópu. Þetta er niðurstaða könnunar sem ferðaútgáfan Fodor stóð fyrir og birtir í bókinni Best of Europe.*

Hin heimsþekkta ferðaútgáfa Fodor setur Ísland í efsta sæti yfir heitustu áfangastaði Evrópu 2012. Landið er enn fremur í þriðja sæti yfir fjölskylduvæna áfangastaði, á eftir Saint Andrews í Skotlandi sem er í fyrsta sæti og Írlandi sem fylgir þar fast á eftir. Niðurstöðurnar byggja á könnun sem Fodor lét gera og birti fyrir skemmstu í bókinni Best of Europe. Hún skiptist í átján flokka þar sem þátttakendur voru meðal annars beðnir um að nefna vinalegustu áfangastaðina sem þeir höfðu heimsótt undanfarin tvö ár, þá rómantískustu og ódýrustu. Að Ísland skuli verma efsta sætið yfir heitustu áfangastaðina þykir vera mjög eftirsótt staða.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem erlendur ferðaútgáfurisi vekur athygli á Íslandi. Skemmst er að minnast þess þegar lesendur Lonely Planet völdu Ísland og Reykjavík sem áfangastað og borg ársins 2012. Áður höfðu Vestfirðir náð á topp tíu lista yfir vænlega áfangastaði 2011. ■ **rve**

**ÍSLAND HEITT** Þátttakendur í könnun Fodor telja Ísland vera heitan áfangastað. Þá er landið vænlegur áfangastaður í augum fjölskyldufólks. MYND/VILLI





John Sellars

Dáleiðslumeðferð gegn reykingum



Nikótínlyf skila innan við 10% árangri

Dáleiðsla skilar allt að 90% árangri eftir eitt skipti

Ég hef nú kennt um 80 Íslendingum dáleiðslu sem meðal annars virkar vel þegar fólk vill hætta að reykja.

Jafnframt hafa fordómar gegn dáleiðslu minnkað mikið á Íslandi og sífellt fleiri nýta sér hana sér til ánægju og heilsubótar.

Íslendingar hafa náð langt við að draga úr reykingum og nú reykja aðeins um 14% þeirra en til samanburðar reykja 24% Breta. Með því að nota dáleiðslumeðferð er hægt að draga enn frekar úr reykingum og koma í veg fyrir fjölda óþarfra dauðsfalla.

Fyrir þjálfaðan dáleiðslutækni tekur örfáar mínútur að koma fólki í dáleiðsluástand.

Flestum þykir þetta ástand mjög þægilegt. Það tekur aðeins 60 – 90 mínútur að vinna verkið.

Reykingar byggjast annars vegar á nikótínfíkn og hins vegar andlegri ánetjun og vana.

Tekið er á hvoru tveggja í dáleiðslunni. Nikótín er eitt mest ávanabindandi efni sem þekkt er en 80% nikótíns hverfur úr líkamanum á fyrstu 4 dögunum eftir að hætt er að reykja.

Restin fer á um 2 vikum. Þaulreyndar aðferðir eru notaðar til að koma í veg fyrir að viðkomandi byrji aftur að reykja.

Einnig er kveikjum (triggers) breytt. T.d. ef viðkomandi er vanur að reykja eftir matinn er þeirri kveikju breytt þannig að hún kalli t.d. eftir vatnsglasi.

Þannig er dáleiðslan notuð til að gera þeim sem er að hætta lífið léttara þannig að það verði auðvelt að hætta.

Vilt þú hætta að reykja með dáleiðslu?

Þú finnur hæfan dáleiðslutækni á http://dáleiðsla.is

Vilt þú læra dáleiðslu?

Næsta námskeið hefst 4. maí Sjá http://4.is/dt


■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

**ENDIST 25 KM**

Rafhlöður í mótorinn eru misjafnar, að sögn Guðnýjar og vanda þarf valið. „Það er mjög misjafnt hvað þessar rafhlöður endast. Ég ákvað að kaupa vandaða rafhlöðu og hún endist í 25 km sem þykir mjög gott. Ég get farið allra minna erinda á daginn og set mótorinn í hleðslu á kvöldin.“

Guðný býr og starfar um þessar mundir í Bergen í Noregi. Hún segir að þar séu margar brattar brekkur. „Ein brekkan er svipuð og Ártúnsbrekkan en ég finn ekkert fyrir því. Þótt svæðið sé erfitt yfirferðar þá er þetta engin áreynsla fyrir mig og varla nokkur svitadropi. Ég hjóla í hvernig veðri sem er og læt það ekki hafa áhrif á mig.“

**ENGINN SVITI**

Guðný segist lengi hafa barist fyrir því á Landspítalanum að heimilin væru með einn bíl. „Sá sem ekur börnunum á leikskóla eða skóla notar bílinn en hinn aðilinn hjólar. Ég heyrði oft þær afsakanir að fólk vildi ekki koma svitastorkið í vinnuna. Með því að vera með mótor sleppur maður við það,“ segir hún.

„Ég er afskaplega ánægð með þetta tæki. Það er ekkert leiðinlegt að ég, miðaldra konan, fari fram úr strákunum á mínu fjallahjóli. Mótora er hægt að fá með ýmsum stillingarmöguleikum. Það er mikil þróun í þessari tækni.


Fermingartilboð

Dúnsæng

stærð 140x200

100% dúnn

100% bómull

engin gerfiefni

ekkert fiður

790 grömm dúnfylling

áður 33.490 kr

nú 24.990 kr



Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473,
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**






Hjálmar náði að spyrna sér frá sleðanum í fallinu og lenti á brúninni fyrir ofan þar sem mennirnir standa. Aftanísleðinn lenti á Hjálmari og mölbraut á honum handlegginn. Sleðinn lenti 10 metrum neðar á botni gjárinnar.


Sleðinn stakkst niður á botn gjárinnar svo verr hefði getað farið.


Hjálmar var á milli 20 til 30 kílómetra hraða þegar hann ók fram af brúninni. Klettaveggurinn er 15,5 metra hár eða eins og fimm hæða hús. MYND/ÚR EIKNASAFNI

# Óttaðist að félagarnir kæmu niður á eftir mér

**Hjálmar Eysteinsson jarðeðlisfræðingur var við jarðhitamælingar í Gjástykki þegar hann ók á vélsleða fram af fimmtán metra hárri klettabrún.**

Ég átti ekkert að vera í þessari ferð. Ég hljóp í skarðið fyrir annan en hann hafði farið úr axlarlið þegar hann féll ofan í gjótu á fyrsta degi. Þetta gerðist allt í sömu vikunni,“ segir Hjálmar þegar hann rifjar upp slysalegan leiðangur hópsins fyrir fimm árum.

„Þetta var að morgni dags í glimrandi góðu veðri. Sólin var á móti mér og ég sá ekki skugga í landslaginu. Skyndilega húrra ég bara fram af brún, lóðrétt niður.“

Í eftirdragi var Hjálmar með 200 kíló af tækjum og tólum á sleða og að auki dró hann 600 metra langan vír á eftir sér. „GPS-tæki sýndi að ég var á um það bil 20 til 30 kílómetra hraða og ég man eftir að hafa ákveðið í loftinu að spyrna mér frá sleðanum. Ég féll 15 metra lóðrétt niður og fékk aftanísleðann yfir mig svo handleggurinn á mér mölbrotnaði. Vélsleðinn lenti hins vegar á botni gjárinnar við klettaveggin, 10 metrum neðar. Ég óttaðist mest að félagar mínir kæmu niður á eftir mér. Þeir sáu þó förin eftir sleðann minn og komu að mér stuttu seinna. Ég var helaumur en þó í furðu góðu standi og stóð upp þegar þeir höfðu náð aftanísleðanum ofan af mér, ætlaði bara að halda áfram við mælingarnar. Það gekk þó ekki og ég lagðist niður og kallað var eftir aðstoð,“ segir Hjálmar.

Björgunarsveitin frá Húsavík kom á slysstað um fjórum tímum seinna á vélsleðum.

Hjálmar segir biðina hafa verið sér bærileg. Veðrið var gott og hann var vel klæddur og eins hafði hann haft með sér verkjatöflur sem komu þó að litlu gagni við þessar aðstæður. Björgunarsveitarmenn bjuggu um Hjálmar á börum sem dregnar voru í lokuðum aftanísleða til móts við bíl sveitarinnar. Bílnum hafði áður verið snúið við til að sækja lækni þegar fréttist hvað fallið var hátt.


Hjálmar Eysteinsson jarðeðlisfræðingur slapp með skrekkinn þegar hann ók fram af klettabrún á vélsleða og fékk yfir sig 200 kílóa aftanísleða. MYND/GVA

„Læknirinn kíkti strax á handlegginn og sá að þetta var opið beinbrot og heilmikil blæðing. Sjúkrabíll beið síðan eftir mér uppi á vegi og þar fékk ég sterkari verkjalyf. Ég var svo heppinn að annar af tveimur handarsérfræðingum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri var á vakt og gerði að handleggnum,“ segir Hjálmar. Olnboginn var þó illa brotinn og er Hjálmar ekki með fullan styrk í handleggnum né fulla beygjugetu.

„Ég er allur í skrúfum og heftum þarna innan í en kemst þó skammlaust gegnum málmleitarhlið. Ég tek þó með mér mynd af þessu ef ske kynni að ég þyrfti að útskýra eitthvað fyrir öryggisvörðunum,“ segir hann glettinn.

## Fjölskyldan á ferðalagi

Útivist og ferðalög fjölskyldunnar er fastur liður á flestum heimilum. Til að ferðalagið skapi góðar minningar og heppnist sem best er mikilvægt að vera með réttan útbúnað og undirbúa ferðalagið sem best svo ekkert óvænt komi upp á. Fyrst þarf að kynna sér ferðaleiðir og þá staði sem ætlað er að heimsækja. Skyndihjálpartaska ætti að vera í öllum ökutækjum og allir farþegar eiga að vera með beltin spennt hvort sem ekið er innan bæjarmarka, á þjóðvegi eða á fjallavegi því hætturnar leynast víða.

Oft á tíðum eru tæki með í för á ferðalögum, til dæmis vélsleðar eða fjórhjól. Þá er nauðsynlegt að allir kunni að umgangast slík tæki, hvort sem þeir eru ökumenn eða farþegar. Hjálmur og réttur útbúnaður getur skipt sköpum ef slys ber að höndum. Kynnið ykkur því vel allan útbúnað og miðlið reynslu til þeirra sem eru óvanir. Það er mikilvægt að fylgjast með veðurspá og meta aðstæður áður en lagt er af stað. Á sjova.is má finna vindakort sem sýnir vindasama staði á landinu sem ber að varast í sterkum vindhviðum. Sérstaklega verður að hafa það í huga þegar ferðast er með eftirvagna, til dæmis tjaldvagna, fellihýsi eða vélsleðakerrur.

Margir staðir í náttúrunni eru varasamir og eru fjörur þar á meðal. Ef öldur eru stórar þarf að halda sig fjarri því svæði fjörunnar sem öldurnar ná upp á. Alltaf skal passa upp á börnin, þau eru fljót að taka á rás.

Þegar komið er að klettabrún eða gljúfrum þarf sérstaklega að hafa varann á og fara ekki of nálægt brúninni. Jarðlagið á brúninni getur verið laust í sér og hált, jafnt að sumri sem vetri. Mikilvægt er að halda sig í 2ja til 3ja metra fjarlægð frá klettabrúnum og gljúfrum. Ef farið er inn í gil eða gljúfur þarf að varast grjóthrun úr hlíðunum.



Forvarnarblað þetta er gefið út af Safetravel-verkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar með stuðningi frá Sjóvá. Tilgangurinn er að fræða jeppa- og vélsleðamenn um góða og örugga ferðahegðun í þeim tilgangi að minnka tjón og fækka óhöppum.

### ● FYRIRLESTRAR Í BOÐI

Safetravel.is og Sjóvá bjóða til fyrirlestra um öruggari ferðamennsku á jeppum og vélsleðum. Fyrri fyrirlesturinn fer fram í húsnæði Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, fimmtudaginn 29. mars kl. 20.00 en sveitin er staðsett rétt við smábátahöfnina vestast í bænum. Sá seinni er í húsnæði Súlna á Akureyri mánudaginn 2. apríl kl. 20.00. Farið verður yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga svo og hvað helst fer úrskeiðis.

### ● ENGA LAUSA MUNI



Alltof mörg slys má rekja til þess að laus farangur kastaðist á einstakling í bíl. Oft á tíðum er um að ræða farangur eða þungan viðgerðarbúnað. Hafa þarf í huga að þyngd farangurs margfaldast þegar hann kastast til í bílnum og jafnvel smáir hlutir eins og GSM-símar geta orðið stórhættulegir við slíkar aðstæður. Til eru net sem tryggja að farangurinn færist ekki yfir í farþegarými. Þyngri búnað er hægt að festa sérstaklega niður í öryggisskyni.

### ● SKILJIÐ EFTIR FERÐAÁÆTLUN

Að skilja eftir ferðaáætlun áður en lagt er af stað í ferðalag er ekki bara góð regla heldur líka stór þáttur í að tryggja öryggi ferðalanga. Ferðaáætlunin á að vera í höndum einhvers sem getur brugðist við ef illa fer og sé hún greinargóð getur hún nýst björgunarsveitum og öðrum viðbragðsaðilum við leit og björgun – og þannig tryggt betri árangur. Á heimasíðunni www.safetravel.is er ferðalöngum boðið upp á að skilja eftir sína ferðaáætlun – eitthvað sem allir ættu að nýta sér – alltaf.



# Vélsleðamaðurinn






Elvar Jónsson, yfirleiðbeinandi í bílamálum hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir Björgunarskólann vinna að fræðsluefni fyrir almenning þar sem farið verður yfir efni tengt jeppamennsku. MYND/STEFÁN

# Við öllu búinn

**Jeppaferðir hafa um langt skeið notið vinsælda meðal landsmanna. Að sögn Elvars Jónssonar, yfirleiðbeinanda í bílamálum hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar, er mikilvægt að leggja vel undirbúinn af stað svo ferðalagið heppnist vel.**

„Ítarlegur undirbúningur er grunnur að góðu jeppaferðalagi. Algjört lykilatriði er að útbúa ferðaáætlun og vera búinn að kynna sér vel staðarhætti og veðurspána áður en lagt er af stað. Svo er gott að skilja áætlunina eftir hjá aðstandendum og láta vita ef hún breytist. Gera þeim síðan viðvart þegar maður snýr við, kemur ofan af jökli og þar fram eftir götum," lýsir Elvar Jónsson.

Elvar er yfirleiðbeinandi bílamála hjá Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og hefur margra ára reynslu af akstri björgunarsveitarbíla. Hann segir því miður of algengt að jeppamenn leggi af stað án nægilegs undirbúnings og vanbúnir.



„Þessar festingar henta vel til að festa niður búnað sem maður er með í bílnum," segir Elvar um þess til gerðar festingar. MYND/STEFÁN

„Hefðbundinn búnaður, GPS-tæki, sími, nesti og hlý föt, er auðvitað nauðsynlegur, en einnig skiptir máli annar búnaður, bæði að hann sé meðferðis og að hann virki. Allan farangur þarf að festa vel og vandlega í bifreiðinni með þess til gerðum festingum. Öryggisbúnaður er svo nauðsynlegur ef farið er í þess háttar ferðir, til dæmis ætti aldrei að fara út úr bíl á jökli öðruvísi en með belti og línu sem fest er í bílinn, en er alltof oft gert þegar menn fara út að skoða sprungu sem þeir hafa keyrt í," tekur Elvar sem dæmi. „Mér hefur í gegnum tíðina reynst mjög vel að vera með lista yfir útbúnað sem maður yfirfer vel fyrir ferðalög," bendir hann á og bætir við að búnaði þurfi að haga í samræmi við ferðalagið hverju sinni.

## ALLT GETUR GERST

Að sögn Elvars verða menn að vera við öllu viðbúnir þegar lagt er af stað í jeppaferðalög. „Hægt er að rata í alls konar ógöngur. Veður getur breyst fyrirvaralaust, bilanir orðið eða menn lent í slysum fjarri byggð og þurft að bíða lengi eftir aðstoð. Þá er lykilatriði að halda kyrru fyrir ef þess gefst kostur enda eiga björgunarsveitarmenn yfirleitt auðveldara með að finna kyrrstæða bifreið heldur en manneskju á ferð. Menn þurfa því að búa sig undir að ferð geti tekið lengri tíma en áætlað var og taka með sér mat og búnað í samræmi við það."

Spurður hvert sé hægt að sækja frekari fróðleik um jeppaferðir, segir Elvar að Björgunarskólinn sé að vinna fræðsluefni fyrir almenning. „Það mun samanstanda af fyrirlestrarkvöldi og dagsferð þar sem farið verður yfir efni tengt jeppamennsku," segir hann og minnir að lokum á heimasíðu þar sem má afla sér ýmiss fróðleiks um jeppaferðir og öruggari ferðamennsku. Slóðin er safetravel.is.



● **LEIÐARVAL SKIPTIR MÁLI** Þegar ferðast er á jeppum að vetrarlagi skiptir leiðarval gríðarlega miklu máli. Oft má sjá ökumenn rembast við að halda sig sem næst veginum, sem þó er falinn langt undir snjónum. Þar má líka oft finna krapapytti, hvörf í veginum og annað sem flækir för. Látum landslagið velja bestu leiðina, förum eftir hryggjum eða ofan á hæðum, ökum upp fyrir ef hægt er og horfum á litinn á snjónum – hann segir okkur margt um undirlagið.

# Fyrstu skrefin



Áhuginn vaknar, vafrað er á netinu til að leita að rétta sleðanum eða rétta jeppanum, hann finnst, veskið er tæmt en brjóstkassinn fyllist af stolti og ánægju. En hvað er þá næst? Hver eru fyrstu skrefin til að læra á hvernig ferðast á um á nýju tæki?

Gott er að hafa í huga að kapp er best með forsjá og góður undirbúningur er það sem öllu máli skiptir eigi ferðalagið að lukkast. Heimasíður eins og www.f4x4.is og www.liv.is er gott að skoða og ekki síður www.safetravel.is en á þessum síðum má finna tillögur að búnaðarlistum, góð ráð og helstu atriði sem hafa ber í huga áður en lagt er af stað. Gott er að finna sér ferðahópa til að fá að fara með og læra þannig af þeim sem meiri reynslu hafa. Þar má til dæmis benda á Litlu deildina hjá 4x4, en sá hópur stendur reglulega fyrir ferðum. Að sama skapi bjóða ferðafélögin oft upp á jeppaferðir en þær ferðir eru líka gott tækifæri til að læra af þeim sem meiri reynslu hafa og ekki síður til að læra á landið.

Nokkur atriði ætti alltaf að hafa í huga þegar lagt er af stað í ferðalag, hvort sem menn eru að stíga sín fyrstu skref eða komnir lengra.

- Kannaðu alltaf veðurspá og aðstæður á svæðinu sem ferðast á um.
- Gerðu ferðaáætlun og skildu eftir hjá tengilið eða á www.safetravel.is
- Hafðu réttan útbúnað með í för
- Vertu alltaf með fjarskiptabúnað sem virkar á svæðinu; farsíma, talstöð eða gervihnattasíma
- Vertu alltaf með tæki til rötunar eins og kort, áttavita og GPS-tæki.

**Útgefandi:** Slysavarnafélagið Landsbjörg **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432. **Ábyrgðarmaður:** Jónas Guðmundsson




**Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar** og styður við samtökin bæði með fjárframlögum og verulegum afslætti af eldsneyti og öðrum vörum. Þá er einnig samstarf á öðrum sviðum samkvæmt samkomulagi hverju sinni, svo sem um nýtingu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á þjónustustöðvum Olís á útkallstímum.

Starfsfólk Olís er stolt af þessu góða samstarfi og stuðningnum við frábært starf björgunarsveitanna, sem unnið er af fórnfýsi, landsmönnum til heilla.

olís

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

PIPAR\TBWA - SÍA - 120671

# Algeng slys á ferðalögum



● **HAFÐU VARANN Á** Þegar á er þveruð skiptir reynslan við að meta aðstæður mestu máli. Að taka ranga ákvörðun eða óþarfa áhættu getur reynst dýrkeypt. Ef þú ert ekki viss um hvort þú getur ekið yfir ána skaltu vaða hana fyrst, nota til þess vöðlur og járnkarl þér til stuðnings og tryggja þig með línu við aðila í landi. Ef þú getur ekki vaðið ána er ekki skynsamlegt að aka yfir hana. Nýttu þér einnig reynslu annarra og fáðu þér vanari ökumenn til að fara yfir ána á undan.



● **EKKI AKA UTANVEGAR** Vorið nálgast – snjórinn bráðnar og upp koma aðstæður þar sem náttúran er viðkvæmari en oft áður. Utanvegaakstur er ekki eingöngu lögbrot heldur ber hann vott um dómgreindarleysi þess sem hann framkvæmir. Á þessum árstíma þarf að fara sérstaklega varlega þar sem snjór er víða farinn að taka sig upp og því auð jörð inni á milli – jafnvel á okkar akstursleið. Utanvegaakstur getur því valdið enn meiri spjöllum á þessum árstíma og dæmi er um tjón sem hefur tekið áratugi að bæta. Höfum bara okkar á hreinu – ökum aldrei utan vega.

**VÉLSLEÐAR**

Veður spilar stóran þátt þegar fjallað er um helstu orsakir slysa og tjóna á vélsleðum. Vont veður og slæmt skyggni auka líkur á að eitthvað komi upp á en einnig má benda á að mjög mörg slys á ökumönnum og tjón á vélsleðum verða þegar veður er gott. Þá er ekið á meiri hraða og oft á tíðum eru reynsluminni ökumenn á sleðunum sem ekki meta aðstæður rétt.

Þegar vélsleða er ekið þá getur verið erfitt að greina misfellur og ökumenn sjá ekki hvað er fram undan. Flest tjón á vélsleðum verða þegar ekið er á jarðfastan hlut svo sem stein, íshellu eða girðingu. Alvarlegustu slysin hjá ökumönnum vélsleða verða þegar ekið er fram af hengju. Það er einnig algengt að slys verði þegar ekið er í gjótu, skurð eða þegar sleðanum er snúið eftir akstur upp bratta brekku. Vanmat á aðstæðum eða ónógur undirbúningur eru oftar en ekki undirliggjandi þáttur slysa eða tjónsa á vélsleðum. Þegar farið er í stutta ferð á góðum degi verður ferðafólk að vera búið undir að takast á við óvæntar aðstæður.

Veðrið getur breyst skyndilega og glerhálka myndast bæði í brekkum og á jafnsléttu. Negld belti undir sleðum eru öruggur kostur við slíkar aðstæður. Notkun hlífðarbúnaðar er grundvallaratriði og þá er bæði átt við hjálm og brynju til að verja brjóstkassa og bak. Það er ökumaðurinn sjálfur sem getur haft mest áhrif á það að koma í veg fyrir tjón á sleða eða slys með því að aka eftir aðstæðum hverju sinni og í samræmi við hæfni sína og getu.



Flest tjón í jeppaferðum verða með þeim hætti að ekið er fram af hengju eða bíllinn veltur.



**JEPPAFERÐIR**

Flest tjón í jeppaferðum verða með þeim hætti að ekið er fram af hengju eða bíllinn veltur. Alvarlegustu slysin á einstaklingum í jöklaferðum verða hins vegar þegar ekið er í sprungur á jöklum. Mikilvægt er að aldrei sé ekið í blindni eftir GPS-punktum frá öðrum þar sem ökumaður veit ekki við hvaða aðstæður punktarnir voru teknir. Landslagið getur breyst á stuttum tíma, vötn sem voru frosin eða lækir, sem voru undir snjóþekju, geta verið komnir í ljós.

Þegar ökutæki er stoppað á jökli þá á ekki að fara út án þess að búið sé að kanna aðstæður til hlítar. Tryggja þarf þá sem fara út við bílinn til þess að gæta fyllsta öryggis áður en aðstæður eru kannaðar. Ef aðstæður eru í lagi þá geta farþegar farið út. Í hálendis- og jöklaferðum hafa mörg slys orðið þegar laus farangur kastast til í bílnum. Með því að skorða farangur vel eða festa hann niður með neti eða strappa má lágmarka slysahættu.



Þegar ferðast er á dýrum tækjum skipta réttar tryggingar miklu máli.

# Ertu rétt tryggð/ur?

Eitt það mikilvægasta sem fólk þarf að hafa í huga áður en lagt er af stað í ferðalag eru réttar tryggingar. Þegar ferðast er á dýrum tækjum eins og vélsleðum eða jeppum skipta réttar tryggingar enn meira máli. Mikilvægt er því að eigendur breyttra jeppa hafi samband við tryggingafélagið sitt og kanni hvort núverandi trygging sé í samræmi við verðmæti bílsins. Þetta á sérstaklega við ef í honum er mikill og dýr búnaður eða honum hefur verið breytt mikið. Eigendur að vélsleðakerrum ættu einnig að kanna hvort kerrurnar séu rétt tryggðar.

Ábyrgðartrygging ökutækis bætir í flestum tilfellum tjón sem ökumaður veldur öðrum með notkun ökutækisins. Ábyrgðartryggingin bætir að öllu jöfnu slys á ökumanni og þriðja aðila. Ökumaður sem lendir í tjóni á ökutæki sem ekki er með tryggingu í gildi eða er óskráð getur fyrirgert rétti sínum til slysabóta. Það eru aðstæður sem engin vill vera í þegar á reynir.

Ef þú lendir í tjóni er nauðsynlegt að huga að ástandi hlífðarbúnaðar og skipta út búnaði sem hefur orðið fyrir hnjaski til þess að hann virki þegar á þarf að halda. Einnig er mikilvægt að huga að því að, ef þú lendir í tjóni og ert ekki á viðurkenndum vegslóða getur það haft áhrif á rétt til bóta.

# Jeppinn, þú og ferðalagið

Hvort sem jeppinn er á litlum dekkjum eða stórum, breyttur eða óbreyttur þá gilda að mestu sömu viðmið um hvaða búnað við þurfum með okkur þegar haldið er af stað í ferðalag. Okkur hættir svolítið til að treysta á að jeppinn flytji okkur án tafa á áfangastað – og oftast er það svo. Hins vegar ættum við alltaf að hafa fjarskiptatæki með í för, hvort sem um er að ræða farsíma eða talstöð. Þá ætti að hafa eitthvað meðferðis til að rata eftir; vegakort, vegahandbók eða GPS-tæki.

Ef ferðast er utan þéttbýlis að vetri eða á hálendi, hvort sem er að vetri eða sumri, ætti ökumaður og farþegar hans alltaf að vera klæddir til útivistar eða með fatnað meðferðis. Ekki þarf nema sprungið dekk eða ófæran snjóskafl til að útiveru sé þörf. Lítið mál er fyrir flesta að hafa litla skjóðu með aukafatnaði í jeppanum að staðaldri. Við þessar sömu aðstæður á nesti alltaf að vera með í för og góð regla að hafa nokkra kexpakka eða annað í bílnum að staðaldri. Sé ferðast með börn er einnig góð regla að hafa teppi eða svefnpoka að staðaldri í bílnum.

Og talandi um börnin, tefjist ferðalagið vegna veðurs eða annarra óvæntra atvika er gott að geta gripið í sögubók, geisladisk, kvikmynd eða þrautabók. Slíkt styttir biðina og léttir lund allra í bílnum.



Sé réttur útbúnaður í bílnum er hægt að hafast þar við í nokkurn tíma ef eitthvað kemur fyrir.

Öryggisins vegna á alltaf að tryggja að farangurinn sé festur með neti eða á annan hátt svo hann fari ekki af stað og valdi slysum á þeim sem í bílnum eru. Helstu aukahluti er svo gott að hafa um borð s.s. viftureim, öryggi, olíu, verkfæri, tjakk, tappasett og loftdælu. Góð sjúkrataska á alltaf að vera í bílnum og nauðsynlegt að kanna/endurnýja innihald hennar reglulega.



Vegakort eða GPS tæki er nauðsynlegur útbúnaður.

# Páskarnir eru skemmtilegri með Stöð 2

Fullorðna fólkið á æsispennandi páskafrí í vændum á Stöð 2 með mögnuðum kvikmyndum og vönduðum þáttum. Unga kynslóðin fær hins vegar risastóran skammt af barnaefni af besta tagi.



**INHALE**
Magnþrungin spennumynd eftir Baltasar Kormák.
Páskadag kl. 21:50



**PUBLIC ENEMIES**
Johnny Depp í sannsögulegri glæpamynd.
Skírdag kl. 21:55



**VALKYRIE**
Tom Cruise í stórmynd um morðtilræði gegn Hitler.
Laugardaginn 7. apríl kl. 21:50



**GAME OF THRONES**
Serían sem heimurinn hefur beðið eftir. Þættirnir eru Evrópufrumsýndir á Stöð 2, aðeins nokkrum klukkustundum á eftir USA.
Annan í páskum kl. 20:55



**GREY'S ANATOMY**
Vinsælasti þáttur Stöðvar 2 er kominn aftur!
Hefst miðvikudaginn 11. apríl kl. 21:15



**COUPLES RETREAT**
Frábær rómantísk gamanmynd.
Laugardaginn 7. apríl kl. 20:00



**BLACK SWAN**
Áhrifamikil Óskarsverðlaunamynd með Natalie Portman.
Föstudaginn langa kl. 22:35

## SANNKÖLLUÐ VEISLA FYRIR BÖRNIN

TANGLED - Disney ævintýri eins og þau gerast best. Frumsýning í sjónvarpi: SVEPPI OG DULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ ...og frábært úrval af öðru vönduðu barnaefni á íslensku alla páskana!



**Tryggðu þér Stöð 2 um páskana í síma 512 5100 eða á stod2.is**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lifandi heim úr jöklaferðum

**Jöklaferðir njóta sívaxandi vinsælda á sama tíma og hlýnun loftslags veldur hraðri rýrnun og breytingum á yfirborði jökla. Til að bregðast við aukinni hættu sem stafað getur af sprungum í jöklaferðum hafa sprungusvæði á Vatnajökli, Langjökli, Hofsjökli, Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Snæfellsjökli verið kortlögð.**



Snævarr Guðmundsson landfræðingur segir sprungusvæðakortin gefa fleirum færi á að ferðast á jökla. MYND/GVA

„Tilgangur með kortlagningu sprungusvæða er hvorki til að skilgreina hvar og hvar ekki má ferðast né til að vekja falskt öryggi. Ferðalög á jöklum verða því alltaf á ábyrgð þeirra sem fara í þau og sprungukortin einungis til viðmiðunar,“ segir Snævarr Guðmundsson, landfræðingur og höfundur jöklakortanna sem gefin eru út af Landsbjörg. Fjölmargir hafa sýnt verkefninu velvilja: fyrirtæki, útivistarfélög, stofnanir og einstaklingar og styrkt það á ýmsan hátt.

Jöklakortin eru ætluð til hliðsjónar fyrir jöklaferðalög og gilda í takmarkaðan tíma vegna örra breytinga á jöklunum. Þau má sækja á vef Landsbjargar og prenta út, en auk kortanna eru fáanlegar sprungusvæðaþekjur sem leggjast yfir kort í GPS-tækjum.

„Kortin eru að öllum líkindum séríslenskt fyrirbæri því ekki hafa fundist nein sambærileg annars staðar. Í þeim er notaður alþjóðlegur litakóði; sá sami og allir þekkja af umferðarljósum: grænn, gulur og rauður, en auk þess táknar blár litur á kortunum sprungulaus svæði. Í þeim er ekki tekið tillit til svelgja eða vatnsrása sem einnig finnast á leysingasvæðum jökla,“ upplýsir Snævarr.

„Grænn þekur svæði þar sem einungis hafa sést smáar sprungur og þar er yfirleitt greiðfært árið um kring. Á gulum svæðum eru sprungur, en þar er fært tímabundið meðan vetrarsnjór nær enn að halda sprungum lokuðum. Gul svæði ætti ætíð fara yfir með mikilli gát, enda varhugaverð. Að síðustu eru rauðu svæðin afar varasöm enda sett þar sem jökull er á mikilli hreyfingu, sprungur stórskornar eða þverhnípt jökulstál, og því lífshættuleg árið um kring,“ útskýrir Snævarr. „Eins og í umferðinni þarf jöklafari ætíð að vera vakandi og á varðbergi; líka á bláu og grænu svæðunum.“

Sprungusvæðakortin eru tilraunaverkefni til fimm ára en fyrstu kortin komu út í sumarlok 2011.

„Að þeim tíma liðnum á verkefnið að hafa leitt í ljós hversu mikið gagn er af sprungusvæðakortum. Vitað er að sprungusvæði eru ávallt á sama stað vegna landslags sem mótar þau á yfirborði jökulsins. Breytileiki jökla er því alltaf á svipuðu svæði en verkefnið krefst vitaskuld stöðugs eftirlits og ætíð skal leita upplýsinga um uppfærð kort áður en lagt er í jöklaferð,“ ítrekar Snævarr.

Við gerð kortanna hefur Snævarr til hliðsjónar loft- og gervitunglamyndir, LiDAR-myndir frá jöklahópum Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar HÍ, hæðalínugrunn frá sömu stofnunum, skámyndir úr flugi frá liðnu sumri og reynslu jöklafólks.

„Kortin sýna einnig þekkta framhlaupsjökla, með ártölum síðustu framhlaupa. Þeir geta falið í sér ákveðna hættu umfram aðra jökla,“ útskýrir Snævarr.

Ásamt jöklakortunum eru á heimasíðu Safetravel.is einnig boðnir leiðarpunktar sem vísa á hættuminnstu leiðir yfir jökla á hverjum tíma.

„Kortin eru ómissandi í jöklaferðir, auka öryggi ferðafólks og gefa fleirum færi á að ferðast á jökla. Þau sýna hættulegustu svæðin sem forðast skal áður en lagt er af stað og vísa einnig á hættur ef fara þarf ofan af jökli í óveðrum. Ásamt því gætu jöklakortin minnkað leitarsvæði björgunarsveita um hundruð ferkílómetra, því með jöklakort í GPS-tæki getur jöklafari staðsett sig nærri þekktum leiðarpunkti og sneitt hjá hættulegum svæðum.“




Heimsókn á safetravel.is ætti ávallt að vera fyrsti áfangastaðurinn.

## Farðu fyrst á safetravel.is

Gamlar góðar klisjur lifa vegna þess að þær eiga rétt á sér. Klisjan um að undirbúningur ferðalags skipti sköpum um hversu vel heppnað það verður er ein af þeim. Þess vegna viljum við meina að heimasíðan safetravel.is eigi alltaf að vera fyrsti áfangastaðurinn. Ástæðan er einföld – á síðunni getur þú fundið mikið af hjálpartækjum til að létta þér undirbúninginn.

Á forsíðunni má alltaf finna fréttaborða þar sem fram kemur ef aðstæður á landinu er einhvers staðar þannig að sérstaka varúð þarf þegar þar er ferðast. Á síðunni má svo finna fræðslu um allt hið helst sem skiptir máli á ferðalögum um Ísland og er því skipt niður á einfaldan hátt eftir flokkum. Þar má einnig finna búnaðarlista fyrir á annan tug mismunandi ferða setta upp þannig að auðvelt er að prenta út og haka við. Góður ferðalangur útbýr ferðaáætlun og skilur eftir hjá tengilið í byggð og er hægt að fylla hana út á síðunni og verður hún þá einnig eftir hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Hér í blaðinu er sagt ítarlega frá jöklakortum þar sem búið er að merkja á sprungusvæði en þau má finna á síðunni.

Og til að létta ferðalöngum enn meira lífið hafa verið útbúin nokkur myndbönd en þau má einnig finna á síðunni.

## Þrenning vélsleðamannsins

Hin heilaga þrenning eins og hún er kölluð á að vera jafn sjálfsögð á búnaðarlista vélsleðamannsins og eldsneyti á tankinn. Þrenning samanstendur af snjóflóðaýli, snjóflóðastöng og skóflu og á í öllum tilfellum að vera búnaður sem ökumaður er með á sér.

Snjóflóðaýlir er eitt helsta öryggistæki til fjalla að vetralagi. Ýlirinn sendir frá sér merki sem aðrir ýlar nema og fari svo illa að einhver lendi í snjóflóði stilla félagar af sendingu á móttöku og geta þannig leitað að þeim grafna. Mjög fljótlegt er að leita með snjóflóðaýli og líkur á fundi nokkuð góður – sem skiptir öllu máli því mínútur skipta máli eigi að finna viðkomandi á lífi.

Með snjóflóðastöng má leita skipulega í snjóflóði finnist viðkomandi ekki með ýli. Stönginni er stungið niður með reglulegu millibili eins langt og hún nær og nokkuð auðveldlega má finna, rekist hún í manneskju. Fari svo er stöngin skilin eftir í þeim stað sem hún rakst í viðkomandi. Rétt er að benda á að leit með snjóflóðastöng er mun seinlegri en leit með ýli og því ólíklegri til góðs árangurs.

Skóflan er svo notuð þegar manneskjan sem leitað er að finnst. Gott er að hafa í huga að stundum er auðveldara að fara aðeins niður fyrir þann sem finnst og moka sig inn að honum heldur en að moka sig niður á viðkomandi. Ekki á að þurfa að fjölyrða um mikilvægi þess að allir sem halda til fjalla að vetrarlagi hafi ofangreindan búnað með í för. Falli snjóflóð skipta mínútur máli eigi að finna viðkomandi á lífi – snjóflóðaöryggisbúnaður og þekking á honum eykur líkur á því.



Snjóflóðastönginni er stungið niður með reglulegu millibili eins langt og hún nær.





Hin heilaga þrenning ætti ávallt að vera með í för.




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.** Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**



**● AÐ MARKA** „Að marka“ er hugtak sem flestir vélsleðamenn þekkja en það lýsir því þegar reynt er aka eins hátt í brekku og hægt er og snúa svo við og þeysa niður hana aftur. Þetta er þó ekki hættulaust athæfi því að skera brekku á þennan hátt er uppskrift að snjóflóði sé snjóflóðahætta fyrir hendi. Áður en „mörkun“ á sér stað skulum við því vera viss um að snjóflóðahætta sé ekki til staðar eða í lágmarki. Verum alltaf með hina heilögu þrenningu á okkur og fylgjumst vel með félaganum.



**● GEFUM GÓÐ RÁÐ** Oft er það svo að jeppa- og vélsleðamenn, eins og aðrir vanir ferðamenn, eru spurðir ráða fyrir hönd erlendra gesta sem til landsins koma. Spurt er um leiðir, staði og jafnvel hvar sé best að leigja jeppa eða bíl fyrir ferðalagið. Gefum góð ráð, mælum með því að gæði bíls og um leið öryggi ferðalangs ráði ferð umfram lágt verð. Bendum á að sé bíllinn rétt útbúinn tryggi það gott ferðalag og ánægjulega upplifun.



**● SPRUNGUR ERU VARASAMAR** Þegar ferðast er á jeppum á jökli kemur fyrir að menn missi dekk í sprungu eins og það er kallað, það er að eitt dekkið fari ofaní sprungu. Þá er gríðarlega mikilvægt að rétt sé brugðist við. Ekki má fara úr bílnum án þess að tryggja sig við bílinn með línu því annars getur viðkomandi fallið í sprungu án þess að geta nokkra björg sér veitt.

Conterra, sem framleiðir ýmiss konar fjallabúnað, kynnti nýlega skemmtilega lausn á því að festa sig við bílinn. Hann hefur útbúið prófíl með augum sem festist í dráttarprófíl bílsins. Í augun eru línur settar og þannig geta allt að fimm línur og þar af leiðandi fimm menn verið tryggðir við prófílinn hverju sinni. Það er von manna að einhver söluaðili hér á landi bjóði þessa vöru eða aðrar sambærilegar í framtíðinni.

**● GÓÐUR FRÁGANGUR KEMUR Í VEG FYRIR TJÓN** Aldrei skal skilja vélsleðakerrur lausar eftir fyrir utan húsnæði. Ef ekki er hægt að geyma þær inni þarf að festa þær við jarðfastan hlut en hægt er að kaupa sérstaka staura með „kúlu“ svo kerrur og eftirvagnar passa á þá. Staurana má svo bolta eða steypa niður. Einnig er hægt að nota keðju eða setja þá á dráttarkúluna. Látum ekki smáatriði valda tjóni – vélsleðakerrur eru dýrar. Eins er mikilvægt að huga að því hvar og hvernig þú skilur við vélsleðakerruna þegar hún er yfirgefin. Kynntu þér veðurspá og skildu við kerruna þannig að hún sé örugg og að þú getir gengið að henni án þess að þurfa að moka hana upp eða rétta hana við.






# TILBOÐ

## ÐANDI HEIT MÓDEL • OPIÐ ALLA HELGINA




10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

NR9 PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
5 TÍMAR
RAFHLAÐA ENDIST 15 TÍMA

packard bell

SB731

# TS11

### SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ofur öflug fartölva með nýjan mjög öflugan 4ra kjarna örgjörva ásamt ofur öflugu 1GB HD 7470 DUAL Graphics leikjaskjákorti

- AMD A6-3420M Quad Core 2.4GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD7470G2 DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**134.900**

MÖGNUÐ VÉL Á FRÁBÆRU VERÐI

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
9 TÍMAR
3X LENGRI LÍFTÍMI RAFHLÖÐU

HR661 V2



packard bell

4.0 Bluetooth · DOLBY HOME THEATER · 10X USB 2 USB 3

# X series

- Intel Core i5-2430M 3.0GHz Turbo
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**179.900**

ÖRÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL

ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF TOSHIBA

QOSMIO




Blu-ray · 10X USB 2 USB 3 · 3.0 Bluetooth

# F750

- Intel Core i7-2670QM 3.1GHz Turbo 6MB
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB 7200RPM Hybrid SSD diskur
- 4X BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 15.6" FULL HD LED Glasses Free 3D
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 3.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x800 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**269.900**

ÖFLUG FARTÖLVA MEÐ 3D SKJÁ

NÝTT
ANDROID 4.0 STÝRIKERFI, HRAÐARA, FLOTTARA OG STÚTFULLT AF NÝJUNGUM




NR4 PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# SPJALDTÖLVUR

### ANDROID 4.0 ICE CREAM SANDWICH

Glæsilegar og öflugar multimedia spjaldtölvur fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 4.0 stýrikerfi

- Kemur með 7", 8" eða 10" snertiskjá
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust WiFi n net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 1xHDMI mini, 2xUSB2 og MicroSD
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Android 4.0 Stýrikerfi og fjöldi forrita

7" SNERTISKJÁR **19.900**

8" SKJÁR 29.900 • 10" SKJÁR 39.900

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

G7-1345



# PAVILION

- AMD A6-3420M Quad Core 2.4GHz Turbo
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED BrightView 1600x900
- 1GB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

HP FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI!

21 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

P7510




# 10,1"TAB

- nVidia Tegra2 250 Dual Core A9 1.0GHz
- 16GB FLASH SSD geymsludiskur
- 10.1" HD LCD fjölsnertiskjár 1280x800
- GeForce 8 kjarna leikjaskjástýring
- 300Mbps Dual WiFi og Bluetooth 3.0
- Tvær vefmyndavélar 3MP og 2MP
- Rafhlaða: 9klst video/ 72klst tónlist
- Android 3.1 Honeycomb stýrikerfi
- Spjaldtölvunni fylgir fjöldi forrita

**78.900**

SAMSUNG GALAXY TAB 3G 98.900



NÝR iPAD KOMINN Í HÚS Á VERÐI FRÁ 87.900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · POINT OF VIEW · SAMSUNG · TOSHIBA

4BLS BÆKLINGUR

ONE

# 5.1 DTS

## SHOCK ONE HEYRNATÓL

Ein flottustu leikjaheyrnatólin í dag sérhönnuð til að skila hljóm frá kvikmyndum, tölvuleikjum og tónlist í ótrúlegum gæðum með djúpann og öflugan bassa ásamt kristaltærum DTS hljóm í 5.1 Virtual surround gæðum.

- 5.1 DTS Surround leikjaheyrnartól
- Öflugur Dynamic 40mm SpeakerDriver
- Enhanced Bass performance
- Tvær tegundir af eyrnapúðum fylgja
- Crystal-Clear Noise-Canceling MIC
- Vafin snúra og gullhúðað USB tengi

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÚRVALI AF HEYRNARTÓLUM

dts Surround Sensation UltraPC

Tt eSPORTS By Thermaltake

**16.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ

NR2 PÁSKAEGG FREYJU PÁSKAEGG NR.2 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

McAfee Internet Security 2012

McAfee An Intel Company

# 2012

## McAfee VÍRUSVÖRN

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Enn hraðvirkari McAfee 2012 leitarvél
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

ÖFLUG VÍRUSVÖRN

INNBYGGÐ HARÐDISKDOKKA

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

USB3 AÐ FRAMAN

NR9 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# GIGABYTE

## DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-3670K Quad Core 2.7GHz
- GIGABYTE A75M-S2V móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB Radeon HD6530D DX11 skjákjarni
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**119.900**

DELUXE LEIKJATURN Á TILBOÐI

50 STK AÐEINS 50 STK Í BOÐI

G2750

# 27"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Ótrúlegt páskatilboð meðan birgðir endast á stórglæsilegum 27"LCD skjá með Senseye 3 tækni sem tryggir enn meiri myndgæði, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 27" LCD FULL HD 1080P 16:9
- 50.000:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

BenQ

**39.900**

ÓTRÚLEGT PÁSKATILBOÐ

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF GIGABYTE MÓÐURBORÐUM

HD 7750 NÝJASTA OG EITT ÖFLUGASTA SKJÁKORTIÐ 24.900

M6880 EIN VINSÆLASTA LEIKJAMÚSIN 2.990

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

FORCE K3 GIGABYTE FORCE K3 LEIKJALYKLABORÐ 5.490

24"LED MAGNAÐUR SKJÁR Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI 29.900

1 STK Á MANN AÐEINS 50 STK Í BOÐI

CANON MP2150 PRENTARI, SKANNI OG LJÓSRITUNARVÉL 7.990

BLING DIAMANTE MÚS OG PENNI 2.990

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ALLSOP MÚSARMOTTUM

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MYNDARÖMMUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF MINNISLYKLUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. • Páskaegg fylgja meðan birgðir endast

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Mið, Fim, Föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

byggjum: múrarar málarar píparar flísalagnir alhliða viðhald
heildarlausnir í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Húsasmíðameistari Annast nýsmiði viðhald á íbúðarhúsnæði og sumarhúsum s.8631467

## Tölvur

omnis tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í tölumuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktak.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vöðva,slökunar,partanudd. Stjörnunudd. Uppl í síma 8460202 Opið 11-18

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Afhendast í apríl, með ættbók. Uppl. um gotið á www.reese8.weebly.com eða í síma 899 7500.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin
t. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

## Húsnæði í boði

Til leigu 2 hergergj. 63 fm íbúð í tvíbýlishúsi í Hamrahverfi 112 Rvk. Aðeins reyklaust fólk kemur til greina. 85.000 þ.á.mán. + hiti og rafm, gæludýr ekki leyfð. bankatrygging s: 8974704.

60fm íbúð til leigu í 105, laus frá 1 júní, langtímaleiga. Upplýsingar í síma 777 5444.

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Stúdíó-íbúðir (hótelíbúðir) til leigu til lengri eða skemmri tíma í Bæjarhrauni 16 í hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Til leigu lítil 36,5fm húsnæði,vestanlega á Grettisgötunni fyrir ýmislega atvinnu starfsemi t.d. hönnun eða skrifstofu. í 101 Rvk. Uppl. í s. 820 4947.

Stúdíóíbúð til leigu á svæði 104. Verð 65 þús. pr.mán. Laus 1. apríl. Studio apartment for rent. Price 65 thous pr.month. Available april 1st. contact number 698 3211.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 2 og 3 herb, íbúðum á höfuðb,sv fyrir viðskiptav uppls s-892 2506

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. Íslenskumælandi 20 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Vilhelm í 661-7497 eða vilhelm@tmi.is

Óska eftir harðduglegum, heiðarlegum starfskrafti á bónstöð. Umsóknir sendist á netfangið atvinna2012@gmail.com

Duglega menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Barðinn Hjólbarðaverkstæði, Skútuvogi 2. Sími 568 3080.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Útboð

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# ÚTBOÐ

## Íþróttamiðstöðin Kaplakrika
## Áfangi 4 - Frjálsíþróttahús lokun húss.

Hafnarfjarðarbær og Fimleikafélag Hafnarfjarðar óska eftir tilboðum í verkið:
**Íþróttamiðstöðin Kaplakrika – Áfangi 4 - Frjálsíþróttahús lokun húss.**

Verkið felst í að fullgera þak og gluggapanela í Frjálsíþróttahúsi vegna uppbyggingu á svæði FH í Kaplakrika. Verkframkvæmd þessi sem nú er boðin út er fjórða verkútboð verksins.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Berandi þakplötur: | 4.650 $m^2$ |
| Glerpanelar: | 700 $m^2$ |
| Þakeinangrun: | 4.720 $m^2$ |

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 22. maí 2013.

Útboðsgögn má nálgast á heimasíðu VSB verkfræðistofu ehf. www.vsb.is, án endurgjalds frá kl. 13.00 fimmtudaginn 29. mars n.k.

Tilboð skulu hafa borist Fasteignafélagi Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði, í lokuðu umslagi eigi síðar en þriðjudaginn 24. apríl 2012, kl. 11:00.

Tilboð verða opnuð á sama stað kl. 11.00.

## Tilkynningar

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

# Tillaga að deiliskipulagi, Tjarnarland urðunarstaður

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarstað á Tjarnarlandi, Fljótsdalshéraði dags. 08.03.2012 ásamt greinargerð skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu dags. 08.03.2012 samkvæmt 7.gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 21.03.2012. Skipulagssvæðið afmarkast eins og fram kemur á uppdrætti. Deiliskipulagstillagan felur í sér skipulag fyrir sorpförgun og er svæðið áfangaskipt.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni Lyngási 12 og á heimasíðu sveitarfélagsins frá 28. mars 2012 til 09. maí 2012. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með miðvikudagsins 9. maí 2012.

Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og mannvirkjanefndar á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

*Fljótsdalshéraði 28.03.2012*

*skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.*

FISKISTOFA

# Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Kaldrananeshreppur (Drangsnes)**
**Akureyri (Grímsey)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 297/2012 í Stjórnartíðindum

**Sveitarfélagið Vogar**
**Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur)**
**Árneshreppur**
**Strandabyggð (Hólmavík)**
**Blönduósbær (Blönduós)**
**Sveitarfélagið Skagaströnd**
**Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)**
**Akureyri (Hrísey)**
**Grýtubakkahreppur (Grenivík)**
**Vopnafjarðarhreppur (Vopnafjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2012.**

Fiskistofa, 27. mars 2012.

## Fasteignir

# ATVINNUHÚSNÆÐI KÁRSNESBRAUT - KÓPAVOGI







**TIL SÖLU EÐA LEIGU**
Iðnaðarhúsnæði sem er innréttað fyrir matvælaiðnað, kælar og tæki fylgja með.
Eignin er skráð 739.2 fm auk millilofts gott aðgengi og útisvæði framan og bakatil við hús.
Laust til leigu 500.8 fm á aðalhæð.
**Söluverð kr: 93.- millj**

**Uppl. Sveinn Eyland lögg. fasteignasali s: 6900.820**
**eða Þórarinn Thorarensen sölustjóri s: 7700 309**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

# Aðgengi að kynheilbrigðis-þjónustu fyrir unglinga

Samfélagsmál
Sóley S. Bender
prófessor við Hjúkrunarfræðideild HÍ



Að undanförnu hefur verið umfjöllun um frumvarp til laga um lyfjaávísanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á hormónagetnaðarvarnir. Mikilvægt er að setja þá umfjöllun í stærra samhengi.

Árið 1975 voru samþykkt á Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Í fyrsta hluta laganna er fjallað um forvarnir og þar er gerð grein fyrir því að fólk skuli eiga kost á fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra. Í kjölfar þessara laga var sett á stofn Kynfræðsludeild á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til þess að framfylgja lögunum. Þannig var Ísland í takt við önnur Norðurlönd með því að leggja áherslu á forvarnir á þessu sviði. En Svíar tóku skrefið lengra og ákváðu í kjölfar gildistöku fóstureyðingarlaga árið 1974 að fela ljósmæðrum það hlutverk að veita ungu fólki fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir ásamt heimild til að ávísa getnaðarvörnum. Víða erlendis hafa hjúkrunarfræðingar, um all nokkurt skeið, haft leyfi til að ávísa ýmsum lyfjum þar meðtalið getnaðarvörnum.

> Nauðsynlegt er að huga að forvörnum snemma og stuðla að því að unglingar fresti því að byrja að stunda kynlíf.

Örlög Kynfræðsludeildarinnar, sem einkum veitti ungum stúlkum fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir, urðu þau að henni var lokað í kringum 1993 þrátt fyrir háa tíðni þungana meðal unglingsstúlkna. Á árinu 1993 var tíðni þungana meðal unglingsstúlka hér á landi 39,2 á hverjar 1.000 stúlkur yngri en 19 ára en 21,3 í Finnlandi. Nokkrum árum síðar (1995) byrjuðu Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir með fræðslu og ráðgjöf um kynheilbrigði fyrir ungt fólk í Hinu húsinu í Reykjavík og var sú starfsemi til ársins 2000. Frá árinu 1997 hefur starfað sérstök kynheilbrigðisþjónusta á Kvennadeild Landspítalans „Ráðgjöf um getnaðarvarnir“ sem veitt hefur konum en einkum ungum stúlkum sem sótt hafa um fóstureyðingu ráðgjöf á þessu sviði.

Árið 1999 var fyrsta unglingamóttakan opnuð hér á landi innan heilsugæslustöðva. Á næstu árum voru opnaðar ýmsar unglingamóttökur á Stór-Reykjavíkursvæðinu en líftími þeirra var stuttur og liggja að baki því margar skýringar. Ljóst er af framansögðu að ýmsar leiðir hafa verið farnar til að stuðla að kynheilbrigði unglinga en ekki gengið sem skyldi. Því er það mikilvægt skref nú að stjórnvöld ætla með fyrrnefndu frumvarpi að auðvelda aðgengi að hormónagetnaðarvörnum sem er ein af mörgum leiðum til að stuðla að kynheilbrigði unglinga.

Nauðsynlegt er að huga að forvörnum snemma og stuðla að því að unglingar fresti því að byrja að stunda kynlíf. Mikil breyting á sér stað á kynhegðun unglinga á milli 13 og 14 ára aldurs. Landskannanir hér á landi hafa sýnt að árið 1996 höfðu alls 7,6% unglinga við 13 ára aldur haft kynmök en við 14 ára aldurinn voru það 25,5% en árið 2009 hafði þetta sama hlutfall lækkað í 4,6% og 17,7%. Þrátt fyrir þessa lækkun þá er tíðni fæðinga og kynsjúkdóma há og unglingar hafa mikla þörf fyrir fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði.

Þar sem unglingamóttökurnar náðu ekki fótfestu er mikilvægt að opna á Stór-Reykjavíkursvæðinu miðlæga unglingamóttöku sem tekur á þessum málum en jafnframt að ungt fólk hafi greiðan aðgang að fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði í gegnum skólana. Komið hefur fram í rannsóknum hér á landi og erlendis að unglingar vilja oft sækja sér þjónustu sem er nálæg þeim og er skólinn því heppilegur vettvangur. Þar starfa hjúkrunarfræðingar sem unglingar hafa aðgang að, þeir þekkja, treysta og geta rætt við um kynheilbrigðismál jafnt sem önnur heilbrigðismál. En sumar ungar stúlkur sem hafa leitað til skólahjúkrunarfræðinga og fengið fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir hafa síðan ekki haft sig í að leita til heimilislæknis til að fá lyfseðil á pilluna. Þetta fyrirkomulag auðveldar þeim ekki aðgengi að getnaðarvörnum.

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á margvíslegar hindranir sem unglingar standa frammi fyrir þegar þeir ætla sér að fara á kynheilbrigðisþjónustu. Það getur verið staðsetning móttökunnar, þeir óttast að trúnaðar sé ekki gætt, óttast að hitta einhvern kunnugan á móttökunni, finnst oft óþægilegt að ræða um kynlíf sitt og óttast að kynlíf þeirra sé ekki viðurkennt. Þörf er á því að vinna á faglegan hátt með þessa þætti og styðjast við leiðir til að ná til unglingsins þannig að hann taki með sér gott veganesti til að stuðla að ábyrgu kynlífi.

Með þróun faglegrar kynheilbrigðisþjónustu fyrir unglinga hér á landi þá er Ísland að framfylgja þeim Evrópu- og alþjóðlegu samþykktum sem gerðar hafa verið um kynheilbrigði unglinga.



# Mun aðgengi að opinberum vefsvæðum versna?

Upplýsingatækni

Kristinn Halldór Einarsson
formaður Blindrafélagsins



Á vegum innanríkisráðuneytisins er haldið úti vef um upplýsingatækni (www.ut.is). Þar er stefnumótun ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008–2012 gerð skil. Í stefnumótuninni segir m.a:

„Í stefnunni er fólgin sú framtíðarsýn að Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni.“

Í markmiðskafla stefnumótunarinnar segir svo:

„Gæði opinberrar þjónustu á Netinu verði aukin með því að miða hana við þarfir og ávinning netborgarans. Hugað verði að aðgengi og þörfum allra samfélagshópa, svo sem fatlaðra, innflytjenda, þeirra sem búa í dreifbýli, erlendra viðskiptaaðila, eldri borgara og yngstu borgaranna. Í boði verði valkostir í búnaði til að nálgast opinbera þjónustu. Þannig þróist netríkið miðað við þarfir netborgarans.“

Á síðasta ári var gerð úttekt á opinberum vefsvæðum á vegum innanríkisráðuneytisins, yfirskriftin var: „Hvað er spunnið í opinbera vefi 2011?“ Enn slík úttekt hefur verið framkvæmd undanfarin ár. Í frétt á UT vefnum segir um úttektina:

„Úttekt á opinberum vefjum ríkis og sveitarfélaga fór fram í fjórða skiptið 2011. Alls voru skoðaðir 267 vefir ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Metið var samkvæmt gátlista hve vel vefirnir uppfylltu kröfur um aðgengi, nytsemi, innihald og þjónustu. Var úttekin með sama sniði og áður en efnisatriði hvers þáttar voru endurskoðuð í samræmi við breyttar kröfur og tækni. Opinberu vefirnir höfðu bætt sig í öllum þáttum frá síðustu úttekt nema þjónustu en skýrist það með breyttri matsaðferð. Sé litið til þjónustu sérstaklega bera skólastofnanir af í þeim þætti. Almennt er hægt að segja að opinberir vefir séu farnir að bæta sig að nýju og eru að hækka í samanburði við fyrri kannanir.“

Hörð gagnrýni hefur verið sett fram á þá aðferðafræði sem beitt var við þessa úttekt, sem var önnur en í úttektum undanfarinna ára. Þannig segir í frétt á heimasíðu Hugsmiðjunnar (http://www.hugsmidjan.is/greinar/nr/607) sem m.a. hefur sérhæft sig í smíði á vefsvæðum sem eru aðgengileg fötluðum:

„Í fyrri úttektum var byggt á sérfræðingsmati á aðgengi hvers vefsvæðis, en í ár var matið nær eingöngu í höndum sjálfvirkra forrita sem framkvæma afskaplega frumstæðan kóðayfirlestur. Sérfræðingar í aðgengi fatlaðra komu hvorki að framkvæmdinni né vali á aðferðafræði og uppbyggingu einkunnagjafarinnar að þessu sinni. Útkoman er aðgengiseinkunn sem er nánast handahófskennd, gefur ekki lýsandi mynd af ástandi aðgengismála og er sér í lagi ekki á neinn hátt samanburðarhæf við aðgengisniðurstöður fyrri úttekta á árunum 2005, 2007 og 2009. Sem dæmi má nefna að vefur Veðurstofunnar, með 2. stigs aðgengisvottun ÖBÍ, fékk einkunnina 100% fyrir aðgengi árin 2007 og 2009, en fær nú aðeins 22% í einkunn án þess að teljandi breytingar hafi orðið á vefnum. Eins má finna dæmi um vefi sem hafa hækkað um tugi prósentustiga í einkunn, nánast óbreyttir. Mat á aðgengi veflausna er í eðli sínu flóknara en svo að það verði gert með sjálfvirkum kóðayfirlestri. Aðgengi snýst að stóru leyti um samhengi og skiljanleika – og jafnvel kóðaþátturinn er flóknari en svo að hann verði rétt dæmdur með sjálfvirkum hætti. Aðgengissérfræðingar nota vissulega stundum sjálfvirk yfirlestrartól en þá eingöngu til að leita að vísbendingum um hindranir – sem eru svo metnar sérstaklega hver fyrir sig.“

Sigrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í upplýsingaaðgengi hjá fyrirtækinu Sjá (www.sja.is), hefur einnig gagnrýnt úttektina. Sigrún segir:

„Aðalatriðið hér er auðvitað að vefirnir séu aðgengilegir öllum notendum og þá einnig þeim sem nýta sér einhver hjálpartæki eða hafa aðrar sérþarfir. Sjálfvirkar prófanir geta gefið ákveðnar vísbendingar en koma ekki í stað handvirkrar yfirferðar sem unnin er af sérfræðingum. Þróun aðgengismála undanfarin ár hefur verið með besta móti og verið samvinna hagsmunaaðila (eigenda vefjanna, vefumsjónaraðila, ÖBÍ og aðildarfélaga og notenda). Vefstjórar margir hverjir hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum eru óánægðir með sína útkomu í ár út af þessari breyttu aðferðafræði. Hætt er við að þetta hafi þau áhrif að menn fari að aðlaga vefina að þessum sjálfvirku prófum á kostnað raunverulegs aðgengileika og notendavæni.“

Aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins á upplýsingasviði, Birkir Rúnar Gunnarsson, hefur einnig gert athugasemdir við innanríkisráðuneytið vegna skorts á samráði við úttektina og óskað eftir því að framvegis verði slíkar úttektir ekki skipulagðar og unnar án aðkomu sérfræðinga í aðgengismálum fatlaðs fólks.

Það er ljóst að klaufalega hefur verið staðið að verki varðandi úttekt á opinberum vefjum 2011, allavega hvað lýtur að því að skoða þróun á aðgengi allra að opinberum vefsvæðum. Ekki virðist notast við viðurkennd og vönduð vinnubrögð eða alþjóðlega aðgengisstaðla eins og gert er í flestum okkar nágrannalöndum og gert hefur verið hér á landi fram til þessa.

Þessi úttekt er þess vegna því marki brennd að möguleiki er á að hún leiði til versnandi aðgengis fatlaðra að opinberum vefsvæðum vegna þess að hún gefur rangar upplýsingar um stöðu þeirra vefsvæða sem voru skoðuð hvað þessi atriði varðar. Slíkt er í hróplegri andstöðu við stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið þar sem kveðið er á um mikilvægi þess að það sé öllum aðgengilegt.



ENNEMM / SÍA / NM51432

STARFSEMI
SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2011

Nafnávöxtun tryggingadeildar Sameinaða lífeyrissjóðsins var 7,2% á árinu, sem jafngildir 1,9% raunávöxtun og er það svipuð niðurstaða og árið á undan. Raunávöxtun sjóðsins frá stofnun hans árið 1992 er 3,4%. Eignir tryggingadeildar voru 109,2 milljarðar króna í árslok 2011 og jukust um 8,6 milljarða króna á árinu.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða séreignardeildar sjóðsins var frá 5,3% til 14,9% á árinu 2011, sem jafngildir 0,0% til 9,2% raunávöxtun. Eignir séreignardeildar voru 5,1 milljarður króna og þrátt fyrir tímabundna rýmkun á úttektarheimildum jukust eignir deildarinnar um 324 milljónir króna á árinu.

Á árinu varð lítils háttar fækkun virkra sjóðfélaga sem gefur vísbendingar um að staða iðngreina sem hluti sjóðfélaga starfar við hafi ekki enn tekið við sér eftir bankahrunið.

Helstu tölur úr ársreikningi

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Heildariðgjöld | 4.901 millj. kr. | 4.888 millj. kr. |
| Heildarlífeyrisgreiðslur | 3.838 millj. kr. | 3.551 millj. kr. |
| Fjárfestingartekjur | 8.227 millj. kr. | 5.132 millj. kr |
| Fjárfestingargjöld | 140 millj. kr. | 133 millj. kr. |
| Rekstrarkostnaður | 225 millj. kr.* | 131 millj. kr. |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 114.341 millj. kr. | 105.415 millj. kr. |
| **Tryggingadeild:** | | |
| Nafnávöxtun | 7,2% | 4,6% |
| Raunávöxtun | 1,9% | 2,0% |
| Raunávöxtun sl. 5 ára (árlegt meðaltal) | -4,5% | -2,7% |
| Raunávöxtun frá stofnun sjóðsins 1992 (árlegt meðaltal) | 3,4% | 3,5% |
| Tryggingafræðileg staða | -6,6% | -5,9% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 9.686 | 9.886 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 5.245 | 5.073 |
| Fjöldi stöðugilda | 16 | 16 |

*Sérstakt gjald skv. lögum nr.164/2011, kr. 88.1 millj. króna, er fært sem rekstrarkostnaður árið 2011. Rekstrarkostnaður var 137 milljónir króna að því frátöldu.

Eignasamsetning tryggingadeildar í árslok 2010 og 2011




Tryggingafræðileg staða

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2011 var -6,6%, sem er innan þeirra heimilda sem lög leyfa án þess að grípa þurfi til réttindabreytinga. Mun stjórn sjóðsins ekki leggja fram tillögu til réttindabreytinga á komandi ársfundi.

Séreignardeild

Ávöxtun séreignarsparnaðar sjóðsins á síðasta ári var eins og taflan sýnir:

| | Aldursleið 1 | Aldursleið 2 | Aldursleið 3 | Aldursleið 4 | Innlánsleið |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun 2011 | 5,3% | 8,4% | 11,5% | 14,9% | 8,0% |
| Raunávöxtun 2011 | 0,0% | 3,1% | 6,0% | 9,2% | 2,7% |
| Raunávöxtun sl. 5 ár | -0,7% | 1,0% | 2,1% | 3,3% | |

Alls voru eignir séreignardeildar 5.149 millj. króna í árslok 2011 og hækkuðu um 324 milljónir króna frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur úr deildinni voru áfram miklar vegna laga um tímabundna heimild til úttektar séreignar og námu 579 milljónum króna samanborið við 437 millj. króna árið 2010. Fjöldi rétthafa í séreignardeild var 8.874 og fækkaði um 179 frá fyrra ári.

**Stjórn sjóðsins:**
Auður Hallgrímsdóttir, formaður
Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður
Georg Páll Skúlason
Gylfi Ingvarsson
Hanna Þórunn Skúladóttir
Jón Bjarni Gunnarsson

**Framkvæmdastjóri:**
Kristján Örn Sigurðsson

ÁRSFUNDUR 2012

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 24. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LADY GAGA** er 26 ára í dag

*„Sumar konur eltast við karlmenn en aðrar við drauma sína. Ef þú ert að velta því fyrir þér hvort þú átt að velja mundu þá að frami þinn á aldrei eftir að segja þér að hann elski þig ekki lengur.“*

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN V. ÓLAFSDÓTTIR**
**Skjólbraut 12, Kópavogi,**

sem lést í faðmi ástvina sinna fimmtudaginn 22. mars, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. mars kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Hreinn Hlíðar Erlendsson**
**Ólafur Már Hreinsson** — **Heiðrún Svanhvít Níelsdóttir**
**Hlíðar Þór Hreinsson** — **Drífa Margrét Guðbjörnsdóttir**
**Birkir Örn Hreinsson** — **Sólrún Svava Skúladóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN SIGURÐSSON**
**Engjaseli 52,**

lést á Líknardeild LSH í Kópavogi 24. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 2. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas.

**Ingunn Jóna Óskarsdóttir**
**Sigurður Jónsson** — **Anna Elínborg Svavarsdóttir**
**Helga Jónsdóttir** — **Laufey Fríða Hjálmarsdóttir**
**Ása Einarsdóttir** — **Birgir Ernst Gíslason**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN KARLSSON**
**Blesugróf 7, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum föstudaginn 23. mars, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 30. mars kl. 13.00
**( Athugið áður auglýstur tími er breyttur ).**
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Smári Björnsson** — **Aníta Fríða Oddsdóttir**
— **Helga Kristjánsdóttir**
**Karl Björgúlfur Björnsson**
**Baldur Árni Björnsson** — **Jónína Heiðarsdóttir**
**Kristín Björnsdóttir** — **Valur Magnússon**
**Lilja Björnsdóttir** — **Einar Jes Guðmundsson**
**Sigrún Bryndís Björnsdóttir**
**Ólöf Birna Björnsdóttir** — **Sigurður Finnsson**
**Helga Agnes Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**SÆMUNDUR ÞORSTEINSSON**
**Hamraborg 36, Kópavogi,**

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 30. mars kl. 13.00.

**Guðrún Sæmundsdóttir** — **Sigurgeir Högnason**
**Þorsteinn B. Sæmundsson** — **María Jóna Hauksdóttir**
**Sigurður B. Sæmundsson** — **Svava Bjarnadóttir**
**Jakob Sæmundsson** — **Sunneva Jörundsdóttir**
**Guðlaugur Sæmundsson** — **Fríður Brandsdóttir**
**Baldur Sæmundsson** — **Ólöf Kr. Guðjónsdóttir**
**Sigurlín S. Sæmundsdóttir** — **Magnús P. Halldórsson**
**Kristján Nói Sæmundsson** — **Sigríður Sophusdóttir**
**Hallgrímur Sæmundsson** — **Þórhildur Þorbergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS




Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 28. MARS 1909

## *Safnahúsið við Hverfisgötu vígt*



Þjóðmenningarhúsið, sem stendur við Hverfisgötu 15, var byggt fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands á árunum 1906 til 1908 og opnað almenningi 28. mars 1909. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands voru einnig í húsinu um langt árabil. Húsið varð fljótt kallað Safnahúsið, því lengi vel voru undir þaki þess allir helstu dýrgripir íslensku þjóðarinnar.

Helsti frumkvöðull að byggingu Safnahússins var Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, en það var danski arkitektinn Johannes Magdahl Nielsen sem teiknaði húsið. Eftir að söfnin fluttu eitt af öðru í nýtt og hentugra húsnæði fékk Safnahúsið annað hlutverk, eftir talsverðar endurbætur fyrir aldamótin síðustu. Það er í dag vettvangur fyrir íslenskan þjóðararf í hnotskurn, en starfsemin felst einkum í fjölbreyttu sýningarhaldi. Þjóðmenningarhúsið er þannig meðal annars sameiginlegur vettvangur íslenskra þjóðmenningarstofnana með vönduðum sýningum á úrvali merkra þjóðargersema.

---

**MARIE SCHIMPF:** SENDI VINKONU SINNI EINSTÖK BRÉF TIL ÍSLANDS

# Bréf með sál og bretónskar kræsingar í Alliance Francaise

Í dag opnar í Alliance Francaise á Tryggvagötu 8 sýningu á sendibréfum milli tveggja franskra vinkvenna, þeirra Valérie-Anne Eymard og Marie Schimpf.

Fyrir nokkrum árum bjuggu þær vinkonurnar báðar í Saint-Lunaire á Bretaníuskaga. Árið 2008, þegar sú fyrrnefnda ákvað að flytja til Reykjavíkur, byrjar Marie að skrifa henni ansi sérstök sendibréf. Þau áttu eftir að vekja lukku, ekki bara hjá móttakanda bréfanna heldur líka hjá starfsfólki Pósthússins í Austurstræti, enda listilega skreytt og langt því frá að vera sambærileg venjulegum bréfum, sem sýna bara viðtakanda, heimilisfang og póststimpil á umslaginu.

Rannveig Sigurgeirsdóttir hjá Alliance Francaise þekkir vel söguna á bak við bréfaskriftir þeirra vinkvennanna. „Þetta byrjaði þannig að Marie langaði til að vera einhvers konar fréttaveita frá heimaslóðum fyrir vinkonu sína. Hún fór að senda henni þessar litríku og skemmtilegu sögur í bréfaformi, af því sem var að gerast í Frakklandi. Svo þróaðist þetta smátt og smátt. Hún gerði líka heilmikið af klippimyndum og með sumum bréfunum fylgdu útklipptar greinar sem hún var búin að myndskreyta upp á nýtt,“ segir Rannveig. Hún segir augljóst af hverju Marie notaði ekki einfaldlega tölvupóst, eins og flestir aðrir á okkar tímum gera. „Tölvupósturinn hefur enga sál. Hver sá sem ber saman þessi bréf og tölvupóst sér að það er himinn og haf þar á milli!“

Rannveig er því alveg heilluð af bréfunum, sem eru í kringum þrjátíu talsins, af öllum stærðum og gerðum.



**MARIE OG RANNVEIG** Þær Marie Schimpf og Rannveig Sigurgeirsdóttir voru í óðaönn við að undirbúa sýningu á listrænum sendibréfum Marie í Alliance Francaise, þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef verið að fylgjast með þeim setja þetta upp hérna og ég á varla til orð. Þetta er alveg meiri háttar. Ég vona að sem flestir sjái sér fært að koma hingað og skoða.“

Sýningin verður opin í einn mánuð frá og með deginum í dag. Í opnunarveislunni í dag, á milli klukkan 17 og 19, verður boðið upp á bretónskt hlaðborð. Meðal þess sem verður á boðstólum eru cidre, beurre Bordier aux algues (smjör með þara), crêpes dentelles Gavotte, Traoumad, kouignamann og aðrir gómsætir réttir. Nöfnum þeirra þykir ekki auðvelt að snara yfir á íslensku, en réttirnir renna ljúft niður í alla maga, hverrar þjóðar sem þeir eru. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

holmfridur@frettabladid.is

---



✝

Ástkæra og fallega móðir okkar, amma, langamma og systir,

**INGA KJARTANSDÓTTIR**

lést á heimili sínu í faðmi dætra sinna þann 25. mars. Útförin fer fram föstudaginn 30. mars kl.11.00 frá Laugarneskirkju.

**Björk Guðnadóttir** — **Karen Guðnadóttir**
**Gunnar Kjartansson**
**Anna Kjartansdóttir**
**Erla Kjartansdóttir**
**Sonja Kjartansdóttir**
**Kristján Kjartansson**

---



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐLAUGUR JÓHANNESSON**
**Sléttuvegi 19, Reykjavík,**
**(áður Háaleitisbraut 56)**

sem lést 21. mars sl., verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 30. mars kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Sigrún Ellertsdóttir**
**Jóhannes Ellert Guðlaugsson** — **Rósa Ísdal**
**Birgir Guðlaugsson** — **Sonja S. Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN STELLA HELGADÓTTIR**
**Norðurgötu 30, Sandgerði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, föstudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, föstudaginn 30. mars kl. 14.00

**Þorsteinn Aðalbjörnsson**
**Jón Aðalbjörnsson** — **Sigríður Sigmundsdóttir**
**Ragna Aðalbjörnsdóttir** — **Ásgeir Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**KNÚTUR TRAUSTI HJÁLMARSSON**
**frá Þorlákshöfn**

sem lést af slysförum föstudaginn 23. mars verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju laugardaginn 31. mars kl. 14.00

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður Bjarney Hannesdóttir** — **Auðunn Þorsteinsson**
**Hjálmar Trausti Kristjánsson** — **Eygló Huld Jóhannesdóttir**
**Ása Berglind Hjálmarsdóttir** — **Hermundur Guðsteinsson**
**Smári Ragnar Hjálmarsson**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**698 KR. 6 LTR.**
COKE 4 X 1.5 LTR. = 6 LTR.

**98 KR. 5 STK**
**398 KR. 143 GR**
BÓNUS 5 FLATKÖKUR: 98 KR.
HANGIÁLEGG 143 GR: 398 KR.

KJARNAFÆÐI
**1395 KR. KG**
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

AFMÆLISTILBOÐ
BÓNUS 23 ÁRA
NÝ FRAMLEIÐSLA GAMALT VERÐ
**1998 KR. 1 KG**
1 KG.
BÓNUS PÁSKAEGG

**1295 KR. KG**
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
FRÁ SÍLD OG FISK

**2398 KR. KG**
NORÐANFISKUR
LAX REYKTUR OG GRAFINN
HEIL FLÖK OG BITAR

**1979 KR.KG**
KJÚKLINGABRINGUR

**595 KR.KG**
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR

**698 KR. KG**
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

**3598 KR. 2.9 KG**
MACKHINTOSH 2.9 KG.
1200 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
3598 KR. DS.

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**729 KR. KG**

BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ
KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR
800 GRÖMM
VÆNGIR **398 KR. BOXIÐ**
LEGGIR **598 KR. BOXIÐ**

**1995 KR. 1 KG**
NÓA KONFEKT 1 KG.

**998 KR. 1 KG**
BÓNUS KJÚKLINGAMOLAR
1 KG - FULLELDAÐIR - BARA AÐ HITA
4000 POKAR Á ÞESSU VERÐI

**1359 KR. KG**
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI

**1679 KR. KG**
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBAHRYGGUR

MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS 1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | | | | 8 |
| | | | 1 | 4 | 6 | | 9 | 7 |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| 1 | | 3 | | | 7 | 8 | | |
| | 5 | | 4 | | 9 | | 1 | |
| | | 7 | 3 | | | 6 | | 5 |
| | 1 | 6 | | | | | | |
| 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 | | | |
| 7 | | | | | | 9 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gösla, **6.** í röð, **8.** kjökur, **9.** móða, **11.** skóli, **12.** box, **14.** vökva, **16.** grískur bókstafur, **17.** hætta, **18.** sóða, **20.** tveir, **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ónæði, **3.** átt, **4.** nagdýr, **5.** fæða, **7.** brennivínstegund, **10.** fiskur, **13.** arinn, **15.** form, **16.** fálm, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösla, **6.** aá, **8.** væl, **9.** ský, **11.** ma, **12.** kassi, **14.** vatns, **16.** pí, **17.** ógn, **18.** ata, **20.** ii, **21.** tifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** sv, **4.** læmingi, **5.** ala, **7.** ákavíti, **10.** ýsa, **13.** stó, **15.** snið, **16.** pat, **19.** af.






# Marserað fram á við

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



HönnunarMars hinn fjórði fór fram um síðustu helgi. Reykjavík iðaði öll af lífi en yfir fimm hundruð hönnuðir tóku þátt og sýndu verk sín um allan bæ. Augljóslega vantar ekkert upp á sköpunarhæfileika íslenskra hönnuða. Gestir höfðu úr yfir 100 viðburðum að velja á 60 stöðum víðsvegar um borgina; tískusýningum, húsgagnasýningum, arkitektúr, vöruhönnun, matarhönnun og fyrirlestrum og svo mætti lengi telja.

**ÞAÐ** var enda langþráður vorilmur í lofti. Þó Reykvíkingar hafi reyndar ekki getað grillað úti á stuttermabol þessa helgi eins og Akureyringar, var hitinn hærri en hann hefur verið lengi. Smá rok. Smá rigning. En samt eins og vorið væri að koma og lundin því létt.

**ÉG HELD** líka að gestir HönnunarMars hafi almennt verið hrifnir. Fólk dreif sig í bæinn og þræddi sýningar. Fékk sér kaffi, smakkaði hrísgrjónaís og skyrkonfekt, nýjar landbúnaðarafurðir sem þróuðust í samstarfi íslenskra hönnuða og bænda. Heyra mátti á spjalli fólks að því fannst æðislega gaman, ótrúlega margt að sjá. Krafturinn í íslenskum hönnuðum væri einstakur, sérstaklega núna síðustu misseri. Hrunið hefði greinilega virkað eins og vítamínsprauta á skapandi fólk og nýsköpun mætti sjá á hverju strái. Fólk talaði um hvað íslenska hönnunarsenan væri ung og kraumandi, fullkomlega samkeppnishæf við erlendu senuna. Það væri eitthvað „séríslenskt" við hana, eitthvað sem ekki væri að finna annars staðar í heiminum. Gott ef ekki örlaði á léttri rembu!

**ÞVÍ** þetta er alveg satt. Það er magnað að árleg hönnunarhátíð pínulítillar þjóðar geri ekkert nema vaxa milli ára. Að erlendir blaðamenn flykkist til Reykjavíkur til að fylgjast með og fokfrægir fyrirlesarar tali fyrir fullu húsi og íslenskir hönnuðir, búsettir í útlöndum, geri sér sérstaklega far um að taka þátt í hinum íslenska HönnunarMars. En hvað svo?

**ORÐ** eins og „kraumandi" og „kraftur" og „nýsköpun" heyrðust einnig á HönnunarMars í fyrra og þar áður og þarþar áður. Og fyrir tíu árum þegar kennsla hófst í hönnunargreinum í LHÍ. En er einhver tilbúinn að veðja á íslenska hönnun? Leggja peninga í rannsóknir? Leggja peninga í vöruþróun? Fjárfesta í kraumandi nýsköpunarfyrirtækjum? Kaupa íslenska hönnun? Ráða hönnuð í vinnu?

**ÉG VONA** að gestir hafi meint hvert orð. Að HönnunarMars sé kominn til að vera og að nú verði marserað fram á við á fullu gasi. Einn, tveir, einn, tveir og ekkert staðar nem.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA!



20 bitar

## GAMLI GÓÐI

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.



20 bitar

## EÐALBAKKI

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.



30 bitar

## TORTILLA VEISLUBAKKI

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

## TORTILLA OSTABAKKI

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.

30 bitar





20 bitar

## LÚXUSBAKKI

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.

## PÍTUBAKKI

Tikka masala kjúklingur og iceberg. Reykt skinka, eggjasalat og iceberg.

24 bitar

PRÓFAÐU EITTHVAÐ NÝTT!



## ÁVAXTABAKKI

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

Fyrir 10 manns





50 bitar

## DESERTBAKKI

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kókostoppar með súkkulaði.

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.

Pantaðu í síma
**565 6000**
eða á www.somi.is
Frí heimsending*

# FERSKT & ÞÆGILEGT



**FYRIR 5 EÐA 500**

Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíið eða hvenær sem 5 eða fleiri koma saman.

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 15.30 daginn áður, alla virka daga. Pantaðu í síma **565 6000** eða á **somi.is**.

SÓMI

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

# menning

menning@frettabladid.is



**LJÁÐU MÉR EYRA**, hádegistónleikar verða í Fríkirkjunni klukkan 12.15 í dag. Eins og venjan er með þá tónleikaröð er dagskráin ekki auglýst fyrirfram en gestum og gangandi boðið að líta við og hlýða á tónlist. Gerrit Schuil er stjórnandi raðarinnar.

Bækur ★★★★☆

**Góðir grannar**

Ryan David Jahn, þýðing: Bjarni Jónsson

**Bjartur**




## Ekki benda á mig …

Bókin Góðir grannar eftir Ryan David Jahn byggir á raunverulegum atburði sem átti sér stað í Queens í New York árið 1964. Þrjátíu og átta áhorfendur horfðu á unga konu myrta án þess að hreyfa legg eða lið henni til hjálpar. Ótrúlegt en satt.

Jahn segir söguna frá sjónarhornum fórnarlambsins, morðingjans, áhorfendanna og lögreglumanns sem seint og um síðir er kallaður á staðinn og hver persóna fyrir sig er meistaralega dregin. Hér ægir saman örvæntingu, firringu, sjálfhverfu, sorg, vanmætti, ótta og spillingu og hvað eftir annað rennur lesanda kalt vatn milli skinns og hörunds. Hvernig getur svona gerst?

Persónur sögunnar eru allar skáldaðar, það er einungis morðið sjálft sem á sér stoð í verunni. Hver og ein hefur sinn djöful að draga og svo merkilega sem það kann að hljóma þá verður athafnaleysi áhorfendanna næstum skiljanlegt út frá stöðu þeirra og aðstæðum. Þetta er venjulegt fólk eins og þú og ég og óhjákvæmlegt að spyrja sig hinnar erfiðu spurningar: Hvað hefði ég gert í þessari stöðu?

Ástæður morðingjans og lögreglumannsins eru einna erfiðustu bitarnir að kyngja, en þó er ekki frá því að maður skilji þá og finni til með þeim líka, þrátt fyrir ónáttúruna sem hrjáir þá. Saga fórnarlambsins ristir hins vegar inn að beini og á köflum er á mörkunum að hægt sé að halda lestrinum áfram svo átakanleg er lýsingin. Jahn er þó slíkur fléttumeistari að nánast ógerlegt er að leggja bókina frá sér og hún heldur fyrir manni vöku lengi eftir að lestri lýkur.

Það er auðvelt að að hugsa sem svo að þarna sé firringu og ótta íbúa í slæmu hverfi stórborgar rétt lýst og að slíkt gæti aldrei gerst í „venjulegu" samfélagi. En næmur mannskilningur höfundarins dregur verulega úr þeirri sjálfsvörn. Það er manneskjan sjálf og glíma hennar við sjálfa sig sem er í forgrunni, hið sammannlega einkenni að líta á eigin vandamál sem stærri en annarra og firra sig ábyrgð á meðborgurum sínum. Sá sem ekki finnur til samkenndar með persónum sögunnar og leggst í sjálfskoðun eftir lesturinn ætti kannski að hugsa sinn gang.

Þýðing Bjarna Jónssonar rennur vel og aldrei slíku vant hljóma setningarnar eins og þær séu hugsaðar á íslensku í stað þess að vera orðrétt þýðing frumtextans. Vel gert.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Mögnuð, vel skrifuð og enn betur fléttuð saga um óhugnanlegan atburð. Persónusköpun í sérflokki.

# Undanfari framlengd

Sýning Sigurðar Guðjónssonar, Undanfari, sem nú stendur yfir í Sverrissal Hafnarborgar hefur verið framlengd til 10. apríl. Sigurður hefur skapað sér sess meðal fremstu vídeólistamanna hér á landi fyrir einstaklega vandaða útfærslu og persónulegan myndheim.

Sigurður Guðjónsson vinnur myndbandsverk þar sem mynd, hljóð og rými eru órofa heild. Hann sækir hugmyndir í sitt nánasta umhverfi, oft yfirgefna staði sem verða að umgjörð hreyfingar og hljóðs sem lúta eigin lögmálum og skapa sterkt andrúmsloft.

Verk hans hafa verið sýnd á fjölmörgum einka- og samsýningum hér á landi en auk þess hefur hann sýnt verk sín víða erlendis bæði á vettvangi myndlistar en einnig í tengslum við aðra menningarviðburði. Sigurður lauk BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2003 og stundaði framhaldsnám við Listaakademíuna í Vín 2003-2004.



**GÓÐUR SAMLEIKUR** Bjartmar Þórðarson og Bjarni Snæbjörnsson í hlutverkum sínum í Glerdýrunum.

# FALLEG LÝSING Á LITLU SVIÐI

Leikhús ★★★☆☆

**Glerdýrin**

Höfundur: Tennessee Williams

**Leikarar:** Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Bjartmar Þórðarson, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson; **Leikmynd:** Þórdís Jóhannesdóttir; **Lýsing:** Magnús Arnar Sigurðsson; **Þýðing og leikstjórn:** Heiðar Sumarliðason

**Fátæka leikhúsið sýnir í Þjóðleikhúskjallaranum**

Í Þjóðleikhúskjallaranum er verið að sýna Glerdýrin sem gerðu Tennessee Williams frægan rúmlega þrítugan að aldri. Hér er ekki um mikla atburðarrás að ræða en þó verk sem hver leikari hefur hug á að takast á við. Verkið hefur verið kallað leikverk minninganna, sagan er sögð í endurliti sonarins og byggir raunar á endurminningum skáldsins.

Leikurinn gerist á millistríðsárunum í lítilli leiguíbúð í St. Louis. Í verkinu segir frá Amöndu Wingfield og börnum hennar tveimur, Láru og Tom. Faðir þeirra yfirgaf heimilið en móðirin hefur alið önn fyrir börnum sínum og þegar verkið hefst eru þau orðin fullorðin. Amanda er yfirgangssöm, tuðar og jagast í börnum sínum milli þess sem hún lætur dæluna ganga um hversu stórkostlegu lífi hún hafi lifað í Suðurríkjunum áður en hún féll fyrir föður þeirra, vinsæl og vel stæð. Eiginmaðurinn glottir ofan af vegg og er allan tímann nærverandi þrátt fyrir að hafa horfið frá þeim fyrir sextán árum. Sonurinn Tom starfar á skólager en lætur sig dreyma um betra líf. Lára er eilítið fötluð en fyrst og fremst mjög einræn. Hún finnur sér tilgang í lífinu með því að annast glerdýrin sín sem eru táknræn fyrir hennar eigin viðkvæmni. Móðirin linnir ekki látum fyrr en sonurinn Tom fæst til þess að bjóða heim starfsfélaga sínum til þess að kynna hann fyrir Láru.

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir fer með hlutverk móðurinnar og er hér valin sú leið að lýsa hinni endalausu óánægju með spriklandi húmor og á þá strengi leikur Lilja Guðrún listavel. Sviðið er þröngt og stofan lítil, návígið mikið. Með þessari mynd er brugðið upp einskonar samblandi raunsæis og draumsýnar sem kristallast einnig í formi verksins þar sem sögumaður bregður sér til hliðar við frásögnina af og til. Bjartmar Þórðarson fer með hlutverk Toms og nær mjög góðum samleik með hinum meðan hann var ekki eins öruggur í hlutverki sögumannsins. Hinn geðþekka gest leikur Bjarni Snæbjörnsson af mikilli næmni og sá skilningur og sú ást sem brann í sófasamtali ungmennanna var hugljúf og fallega fram sett. Tinna Lind Gunnarsdóttir nær vel sérkennum Láru og ljær henni barnslegt og einlægt yfirbragð.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Enginn sem hefur áhuga á leiklist og leiklistarsögu ætti að láta þessa hugljúfu sýningu á Glerdýrunum fram hjá sér fara.

KRAFTMIKLU FERMINGARGJAFIRNAR Í VERSLUNUM N1

Vnr. 595 DYTDR904Z
RAFMAGNSVESPA
Rafmagnsvespa, 25 km/klst. Þarf ekki skráningu. Fáanleg bleik, rauð, blá, svört eða silfur.
129.900 KR.

11.544 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN. M.V. VAXTAL. LÁN BORGUNAR. ALLS 138.528 KR.



Stórverslun Bíldshöfða 9 | Akureyri | Egilsstaðir | Akranes | Reykjanesbær | WWW. N1.IS



**LÚÐRASVEITIN SVANURINN** Flytur fjölbreytta efnisskrá á tónleikum kvöldsins.

# Vortónleikar Svansins

Vortónleikar Lúðrasveitarinnar Svans verða haldnir í Norðurljósasal Hörpu í kvöld klukkan átta. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval af góðri tónlist og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Efnisskráin er vegleg og verða meðal annars flutt verk eftir Holst og Wagner.

Tvö einleiksverk eru á efnisskránni, Concertino eftir Chaminade og A Trumpeter's Lullaby eftir Leroy Anderson. Einleikari á flautu er Björg Brjánsdóttir og á flügelhorn Jón Óskar Guðlaugsson. Venju samkvæmt verða íslensk verk á dagskránni, syrpa Reykjavíkurlaga í útsetningu Ellerts Karlssonar og verkið Snærisspotti eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Þórunn samdi verkið Snæri sérstaklega fyrir Lúðrasveitina Svan og Lúðrasveit verkalýðsins á síðasta ári þar sem sveitirnar sneru saman stefjum og mynduðu Snæri. Hér verður verkið flutt í nýjum búningi fyrir eina lúðrasveit í stað tveggja, Snærisspotti.

Lúðrasveitin Svanur var stofnuð árið 1930. Hún heldur þrenna til ferna tónleika á ári auk þess að fara reglulega í tónleikaferðir til útlanda. Þar hefur sveitin ætíð flutt íslensk verk við mikinn fögnuð heimamanna hverju sinni. Um 50 manns á aldrinum 15-59 ára spila nú með sveitinni.

Stjórnandi Lúðrasveitarinnar Svans er Brjánn Ingason. Brjánn er fagottleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur verið stjórnandi Svansins frá haustinu 2010. **- sbt**

# Himnaríki hittir í mark fyrir norðan

„Himnaríki er ósvikinn gamanleikur sem hittir vel í mark og við höldum ótrauð áfram að sýna hann eitthvað fram í apríl," segir Sigríður Pálsdóttir, miðasölustjóri í Freyvangsleikhúsinu í Eyjafjarðarsveit. Tólf sýningar á leikritinu Himnaríki eftir Árna Ibsen eru þar að baki við ágæta aðsókn og þær næstu eru nú á föstudag og laugardag. „Það stefnir í mjög góða helgi miðað við pantanir," segir Sigríður „Enda hafa leikhúsgestir verið virkilega ánægðir."

Leikritið segir sögu þriggja ungra para sem dvelja saman í sumarbústaðnum Himnaríki snemma vors vel nestuð, með öllu því drama, árekstrum og uppgjörum sem slíkar aðstæður bjóða upp á. Verkið er óvenjulegt að því leyti að leikmynd sýnir sumarbústaðinn bæði innanhúss og utan og helmingur áhorfenda sér innisviðið og helmingur útisviðið með heitum potti. Svo er skipt um sali í hléi og allt byrjar upp á nýtt. Tilviljun ein ræður hvort sviðið áhorfendur sjá á undan, enda skiptir það engu máli. Verkið var frumflutt af Hafnarfjarðarleikhúsinu haustið 1995 en hefur verið staðfært af Freyvangsleikhúsinu. Um hundrað áhorfendur komast fyrir á hverri sýningu, að sögn Sigríðar, fimmtíu við hvort svið.

Sigríður tekur fram að úr miðbæ Akureyrar sé um fimmtán mínútna akstur að Freyvangi sem er austan megin í firðinum. „Sumir rata betur inn eftir sveitinni vestan megin og fara yfir Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, þá keyra þeir aðeins til baka hinum megin." útskýrir hún. **- gun**



**Á SVIÐINU Í FREYVANGI** Jóhann Axel Ingólfsson, Steingrímur Magnússon, Inga María Ellertsdóttir og Ólöf Huld Matthíasdóttir í hlutverkum sínum í Himnaríki.

MYND/GUNNLAUG FRIÐRIKSDÓTTIR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 28. mars 2012**

### ➔ Sýningar

**17.00** Sýningin Saint-Lunaire-Reykjavík: Bréf frá Bretaníu opnar í Alliance française. Um er að ræða sýningu á listalega myndskreyttum umslögum. Við opnun sýningarinnar verður boðið upp á bretónskt hlaðborð. Allir velkomnir.

### ➔ Söngskemmtun

**14.00** Söngvaka verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Helgi Seljan og Sigurður Jónsson og aðgangseyrir er kr. 600.

### ➔ Tónlist

**12.15** Tónleikaröðin Ljáðu okkur eyra heldur áfram í Fríkirkjunni. Gerrit Schuil er stjórnandi raðarinnar en dagskrá hverra tónleika er ekki auglýst fyrir fram né flytjendur. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Jarðarber heldur tónleika á Kjarvalsstöðum. Gramsað verður í dótakassanum og ýmiskonar leikföng fá algjörlega nýjan tilgang. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Óperudívurnar Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson syngja lög við texta Þorsteins Eggertssonar, sem mun segja frá tilurð texta sinna, á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Cheek Mountain Thief heldur sína fyrstu tónleika á árinu og frumsýnir myndband úr smiðju Mána M. Sigfússonar, við lagið Cheek Mountain, á Faktorý Bar. Þeim til halds og trausts er hin frábæra hljómsveit Gang Related. Miðaverð er kr. 1.000.

### ➔ Fyrirlestrar

**12.00** Auður Ösp Guðmundsdóttir vöruhönnuður heldur fyrirlestur á vegum hönnunar og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands, í Opna Listháskólanum.

**12.15** Sálfræðideild Háskóla Íslands býður alla velkomna á hádegisfyrirlestur Páls Jakobs Líndal í stofu 103 í Lögbergi. Yfirskrift fyrirlestursins er Grænt eða grátt? Um endurheimtandi umhverfi.

**20.00** Vilborg Dagbjartsdóttir mun ræða um skáldskapinn, börnin og kvennabaráttuna á bókakaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Fyrirlesturinn tengist ævisögunni Úr þagnarhyl sem hún skrifaði nýlega, ásamt Þorleifi Haukssyni.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





ATHUGIÐ TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

★★★★ Fréttatíminn ★★★★ Morgunblaðið

Gói og Baunagrasið
Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

BAUNAGRASIÐ | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið



16.641 KR.
Á MÁN. Í 12 MÁN. M.V. VAXTAL. LÁN BORGUNAR. ALLS 199.692 KR.

HAGSTÆÐ FJÁRMÖGNUN
Vaxtalaus* lán til allt að 12 mánaða, 3% lántökugjald
*Viðskiptavinir greiða enga vexti en 3% lántökugjald af upphæðinni og 340 kr. greiðslugjald við hvern gjalddaga.





Vnr. 595 50QT-15B
BENSÍNVESPA
Bensínvespa 25 km/klst. Fæst í nokkrum litum, svört, blá, rauð eða silfur. Þarfnast ekki götuskráningar.
189.000 KR.



Vnr. 595 187807
VESPUHJÁLMUR
NGJP Uno vespuhjálmur.
15.990 KR.





Vnr. 595 10511
SLEÐAHJÁLMUR
CKX hjálmur, glans. Gult sólgler.
34.890 KR.





Vnr. 595 187114
VESPUHJÁLMUR
X580-LE vespuhjálmur úr leðri.
19.990 KR.





Vnr. 595 1317S
VÉLSLEÐAJAKKI
Snowtronic vélsleðajakki fyrir dömur.
41.190 KR.




N1 Meira í leiðinni



**42** Vince Vaughn leikari er 42 ára í dag. Hann er þessa dagana við tökur á rómantísku gamanmyndinni A Case of You ásamt Brendan Fraser og Evan Rachel Wood.

## Frumsýnir myndband



Cheek Mountain Thief heldur tónleika á Faktorý í kvöld. Þar verður frumsýnt nýtt myndband við lagið Cheek Mountain sem er titillag væntanlegrar plötu hljómsveitarinnar.

Leiðtogi Cheek Mountain Thief er Mike Lindsay úr bresku hljómsveitinni Tunng. Meðal gesta á nýju plötunni eru Mugison, Sin Fang, og Kaffibarskórinn.






**KLÚÐUR** Allt stefnir í að John Carter tapi um tvö hundruð milljónum dollara, eða ríflega 25 milljörðum króna.

# Algjört kvikmyndaklúður

**Ævintýramyndin John Carter er á góðri leið með að verða mesta kvikmyndaklúður allra tíma. Hún kostaði rúma þrjátíu milljarða króna í framleiðslu.**

Allt stefnir í að ævintýramyndin John Carter verði mesta kvikmyndaklúður allra tíma. Framleiðandinn Disney býst við því að tapa um 200 milljónum dollara á myndinni, eða ríflega 25 milljörðum króna. Myndin kostaði 250 milljónir dollara í framleiðslu, rúma 30 milljarða króna, enda uppfull af rándýrum tæknibrellum.

Myndin, sem gerist á plánetunni Mars og er byggð á sögu Edgars Rice Burroughs, hefur fengið slæma dóma hjá gagnrýnendum. Engu skiptir þótt leikstjórinn sé Andrew Stanton, maðurinn á bak við teiknimyndirnar vinsælu Finding Nemo og Wall-E. Vissulega er þetta fyrsta leikna myndin sem hann leikstýrir en samt kemur á óvart að svo kunnur leikstjóri nái ekki betri árangri.

Engin örugg formúla er fyrir árangri á hvíta tjaldinu en einhverjir tala þó um að bölvun fylgi myndum sem gerast á Mars eða tengjast plánetunni á einhvern hátt. Til dæmis kostaði Disney-myndin, Mars Needs Moms sem kom út í fyrra, 150 milljónir dollara en græddi aðeins 39 milljónir í miðasölunni. Hún er fimmta mesta kvikmyndaklúður sögunnar.

Red Planet, sem gerist á Mars með Carrie-Anne Moss og Val Kilmer í aðalhlutverkum, tapaði sömuleiðis fúlgum fjár eða 82 milljónum dollara. Tvær Disney-myndir til viðbótar sem tengjast Mars, Mission to Mars og My Favourite Martian, töpuðu einnig háum fjárhæðum. Svo virðist sem yfirmenn hjá Disney hafi gert sér grein fyrir þessari mögulegu bölvun þegar þeir framleiddu John Carter, því samkvæmt vefsíðu BBC fjarlægðu þeir „Of Mars“ úr upphaflegum titli myndarinnar. Það kom fyrir ekki.

Önnur mynd sem gerist úti í geimnum er „gamanmyndin“ The Adventures of Pluto Nash með Eddie Murphy í aðalhlutverki. Hún kostaði 120 milljónir dollara, eða um fimmtán milljarða króna, en þénaði aðeins sjö.

Nefna má nokkrar myndir til viðbótar sem hafa tapað svakalegum fjárhæðum eins og The Postman og Waterworld með Kevin Costner, Battlefield Earth með John Travolta og Sahara með Matthew McConaughey og Penelope Cruz í aðalhlutverkum.

Engin hefur samt enn náð að velta sjóræningjamyndinni Cutthroat Island frá árinu 1995 úr sessi sem mesta klúður allra tíma. Hún tapaði 147 milljónum dollara og komst þar með í Heimsmetabók Guinness. Miðað við yfirlýsingu Disney um John Carter virðist ekki langt í að hún taki við þessum vafasama heiðri af Cutthroat Island.

**TÍU VERSTU KVIKMYNDAKLÚÐUR ALLRA TÍMA**

| | | millj. dollara |
|---|---|---|
| 1. | Cutthroat Island | 147 |
| 2. | The Alamo | 146,6 |
| 3. | The Adventures of Pluto Nash | 145,8 |
| 4. | Sahara | 144,8 |
| 5. | Mars Needs Moms | 140,5 |
| 6. | The 13th Warrior | 137 |
| 7. | Town & Country | 124 |
| 8. | Speed Racer | 114 |
| 9. | Heaven´s Gate | 114 |
| 10. | Stealth | 111 |

*Tap í milljónum dollara skv. Wikipedia.org*

# *Úrslitakvöldið verður fjölbreytt*

„Ég held að úrslitakvöldið á laugardaginn verði mjög skemmtilegt þar sem þetta eru rosalega fjölbreyttar hljómsveitir sem eru að keppa, það eru engar tvær hljómsveitir í sama stílnum,“ segir Einar Indra, umsjónarmaður Músíktilrauna 2012.

Fjórða og síðasta undanúrslitakvöldið var haldið síðastliðinn mánudag, og voru það hljómsveitirnar The Lovely Lion og White Signal sem komust þar áfram í úrslitin. „Undanúrslitakvöldin gengu alveg eins og í sögu, en það voru 48 bönd sem kepptu í ár,“ segir Einar. Hljómsveitirnar Þoka, Glundroði, Hindurvættir, Funk that Shit!, Retrobot og Aeterna voru komnar áfram í úrslit fyrir mánudagskvöldið. Dómnefndin fær svo svigrúm til að velja tvö bönd til viðbótar, sem verða tilkynnt á næstu dögum. Það verða því tíu bönd í það heila sem keppa til úrslita á laugardaginn.

Fjöldi verðlauna verður í boði á úrslitakvöldinu í Austurbæ, en veitt verða verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið auk þess sem salurinn velur Hljómsveit fólksins. Þar fyrir utan verða veitt verðlaun í ýmsum flokkum, þar á meðal fyrir rafheilann, sem eru ný verðlaun ætluð raftónlistargrúskurum. **- trs**



**SIGRUÐU 2011** Hljómsveitin Samaris, skipuð þeim Áslaugu Rún Magnúsdóttur, Jófríði Ákadóttur og Þórði Kára Steinþórssyni, sigraði í Músíktilraunum í fyrra.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK


9.975
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT


7.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT


9.995
5 LJÓSA
7.990
3 LJÓSA


19.995
5 LJÓSA
12.995
3 LJÓSA


7.495
5 LJÓSA
5.995
3 LJÓSA


7.495
5 LJÓSA
4.995
3 LJÓSA


18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA


19.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA


14.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT


14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST


5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST


11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST


14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16


LAGERSALA 28. mars - 1. apríl
66° NORÐUR
KRAKKAR
Pollajakkar
ÁÐUR: 3.500 kr. NÚ: 1.000 kr.
KRAKKAR
LA SPORTIVA
KEEN
Sandalar og gönguskór
ÁÐUR: 9.000 kr. - 16.000 kr.
NÚ: 3.500 kr. - 4.500 kr.
DÖMUR
ÖSKJUHLÍÐ húfa & trefill
ÁÐUR: 7.500 kr. NÚ: 2.500 kr.
DÖMUR
VÍK hálfrennd peysa
ÁÐUR: 14.800 kr. NÚ: 3.500 kr.
50-80% afsláttur
Flísteppi 4.000 kr.
Bolir 2 stk. 500 kr.
DÖMUR
S-2XL
LANGJÖKULL jakki
ÁÐUR: 43.800 kr. NÚ: 17.000 kr.
HERRAR
ARNARHÓLL jakki
ÁÐUR: 18.500 kr. NÚ: 7.500 kr.
DÖMUR/ HERRAR
GOLA léttur jakki
ÁÐUR: 11.500 kr. NÚ: 4.500 kr.
DÖMUR
GOLA létt kápa
ÁÐUR: 11.500 kr. NÚ: 4.500 kr.
Faxafen 12, 108 Reykjavík: Þri. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
Glerárgata 32, 600 Akureyri: Þri. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. lokað

# sport

sport@frettabladid.is



**SKALLAGRÍMUR** tryggði sér sæti í Iceland Express-deild karla í körfubolta á næsta tímabili með því að vinna öruggan 22 stiga sigur á nágrönnum sínum í ÍA, 89-67, í oddaleik um sæti í úrvalsdeildinni en leikurinn fór fram fyrir troðfullu húsi í Borganesi í gærkvöldi. Það verða því KFÍ og Skallagrímur sem komast upp í Iceland Express-deild karla og taka sæti Hauka og Vals sem féllu úr deildinni í vetur. Skallagrímur lék síðast í úrvalsdeild karla veturinn 2008 til 2009.



**SHANAE BAKER-BRICE** Skoraði 36 stig fyrir Njarðvík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Iceland Exp. kvenna í körfu*

**Undanúrslit 3. leikur**

**Njarðvík - Snæfell 93-85 (48-48)**

**Stig Njarðvíkur:** Shanae Baker-Brice 36, Lele Hardy 23 (24 frák.), Petrúnella Skúladóttir 11, Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Harpa Hallgrímsdóttir 6, Ína María Einarsdóttir 5, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 4.

**Stig Snæfells:** Jordan Murphree 28 (16 frák./9 stoðs./5 stolnir), Kieraah Marlow 17, Hildur Sigurðardottir 16, Alda Leif Jónsdóttir 10, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 8, Hildur Björg Kjartansdóttir 6.

**Staðan er 2-1** fyrir Njarðvík en það lið kemst í undanúrslit sem fyrr vinnur þrjá leiki.

### *1. deild karla umspil*

**Skallagrímur - ÍA 89-67 (43-29)**

**Stig Skallagríms:** Danny Sumner 26 (10 frák./4 varin), Lloyd Harrison 23 (11 frák./5 stoðs./6 stolnir), Darrell Flake 19 (10 frák./7 stoðs.), Sigmar Egilsson 11 (5 frák./7 stoðs.), Hörður Helgi Hreiðarsson 7, Davíð Guðmundsson 3.

**Stig ÍA:** Áskell Jónsson 20, Lorenzo McClelland 18 (5 frák./6 stoðs.), Terrence Watson 10 (13 frák./6 stoðs./4 varin), Dagur Þórisson 9, Hörður Kristján Nikulásson 4, Sigurður Rúnar Sigurðsson 3, Birkir Guðjónsson 3,

### *Meistaradeildin í fótbolta*

**APOEL Níkósía- Real Madrid 0-3**

0-1 Karim Benzema (74.), 0-2 Kaka (82.), 0-3 Karim Benzema (90.)

**Benfica - Chelsea 0-1**

0-1 Salomon Kalou (75.)

### *Enski bikarinn í fótbolta*

**Tottenham - Bolton 3-1**

1-0 Ryan Nelsen (74.), 2-0 Gareth Bale (76.), 2-1 Kevin Davies (90.), 3-1 Louis Saha (90.+4)

**Sunderland - Everton 0-2**

0-1 Nikica Jelavic (24.), 0-2 Sjálfsmark (57.).

**Í undanúrslitunum** mætast Tottenham-Chelsea og Liverpool-Everton. Leikið er á Wembley.



**MARK ÚR ÓVÆNTRI ÁTT** Tottenham fagnar hér marki Ryans Nelson. MYND/AP

# OFBELDI VEGUR ÞYNGRA EN NÍÐ

**Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er ekki sammála þeirri gagnrýni Leiknis að vægt hafi verið tekið á leikmanni 3. flokks KR sem beitti leikmann Leiknis kynþáttaníð. Geir segir að KSÍ hafi beitt sér fyrir því að uppræta fordóma. „Það getur enginn tekið lögin í sínar hendur í knattspyrnunni," segir formaðurinn.**

**FÓTBOLTI** Alvarlegt atvik átti sér stað í 3. flokks-leik KR og Leiknis á dögunum. Þá varð leikmaður KR uppvís að alvarlegu kynþáttaníði er hann kallaði leikmann Leiknis „helvítis negrakúk". Leiknismaðurinn brást illa við og gekk í kjölfarið í skrokk á KR-ingnum.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók málið fyrir og dæmdi KR-inginn í þriggja leikja bann en Leiknismaðurinn fékk sex leikja bann.

Það sættu Leiknismenn sig illa við. Þeim fannst eðlilegt að sinn maður hefði fengið sex leikja bann en fannst aga- og úrskurðarnefndin setja slæmt fordæmi með því að dæma KR-inginn aðeins í þriggja leikja bann fyrir kynþáttaníðið.

Fréttablaðið setti sig í samband við Geir Þorsteinsson, formann KSÍ, og spurði um hans álit á þessu máli.

„Það er alltaf verið að tala um væga refsingu en við hvað erum við eiginlega að miða? Við erum að tala um 15 ára unglinga í þessu tilviki. Ég set ekki aganefndinni reglur en stjórnin getur samt ákveðið að þyngja almenn viðurlög. Þriggja leikja bann í 8-10 leikja móti verður að teljast þung refsing," sagði Geir en margir eru á því að þessi dómur gefi engu að síður slæmt fordæmi. Að aganefndin taki kynþáttaníð ekki nógu alvarlega.

„Mér finnst það ekki. Í fyrstu lagi eru þarna ungir leikmenn sem verða að læra af gjörðum sínum. Þeir sem hafa umsjón með þeim verða að beina þeim inn á réttar brautir. Það getur enginn tekið lögin í sínar hendur í knattspyrnunni né samfélaginu. Þarna átti sér stað gróft atvik á báða kanta," sagði Geir og bætti við.

„Eru móðgandi ummæli eða níð stiginu lægra heldur en ofbeldi? Mér sýnist það vera augljóst í þessum dómi að líkamlegt ofbeldi vegur þyngra heldur en níð."

Íslenskt samfélag hefur á síðustu árum orðið meira fjölþjóðasamfélag og Geir segist gera sér grein fyrir því að það bjóði upp á að atvikum þar sem kynþáttaníð komi við sögu muni fjölga. Mun KSÍ engu að síður reyna að beita sér á einhvern hátt til þess að útrýma þessu meini úr íþróttinni?

„Við höfum verið að vinna í þessa átt og unnið að slíkum átökum undir formerkjunum: Leikur án fordóma. Við höfum verið að reyna að spyrna við fótum og þessum málum gæti vissulega fjölgað.




**ÚT MEÐ FORDÓMA** KSÍ hefur í áraraðir tekið þátt í átakinu „Leikur án fordóma". Formaður KSÍ segir að þörf sé á meiri fræðslu í þessum málum.

Við verðum því að leggja meiri áherslu á fræðslu á þessum vettvangi. Það hafa verið slík atvik í gegnum tíðina en þau hafa sem betur fer ekki verið mörg," segir Geir en þarf ekki að byrgja brunninn áður en barnið er fallið ofan í?

„Algjörlega. Við höfum gefið út bæklinga á nokkrum tungumálum til ungra iðkenda sem og forráðamanna. Öll fræðsla er nauðsynleg. Þetta mál er sífellt til umfjöllunar um allan heim. Þetta snýr samt ekki bara að fótboltanum heldur er þetta samfélagslegt verkefni. Það má samt vel vera að við þurfum að skoða okkar mál betur og bæta í."

henry@frettabladid.is

Góðir útisigrar unnust í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gærkvöldi:

# Chelsea og Real í fínum málum

**FÓTBOLTI** Chelsea og Real Madrid er í fínum málum í Meistaradeildinni eftir útisigra í fyrri leikjum sínum í átta liða úrslitum keppninnar. Real Madrid er svo gott sem komið áfram eftir 3-0 útisigur á spútnikliði APOEL Níkosíu og Chelsea vann 1-0 sigur á Benfica í Portúgal.

„Þetta er frábært og ég hefði ekki getað beðið um betri úrslit. Mér fannst við líta vel út varnarlega," sagði Roberto Di Matteo, stjóri Chelsea en liðið hefur unnið tvo fyrstu Meistaradeildarleikina undir hans stjórn.

„Við þurftum að hlaupa og tækla í 90 mínútur og ég valdi leikmenn í liðið sem höfðu orku í það. Þetta er samt ekkert búið því það eru enn eftir 90 mínútur," sagði Di Matteo. Salomon Kalou og Fernando Torres voru óvænt í byrjunarliði Roberto Di Matteo og þökkuðu traustið með því að búa til sigurmarkið fimmtán mínútum fyrir leikslok.

Chelsea hafði nokkrum sinnum heppnina með sér fram að markinu ekki síst þegar boltinn fór í hendi John Terry en eftir þessi úrslit er ljóst að róðurinn verður þungur hjá portúgalska liðinu í seinni leiknum á Stamford Bridge.

„Við spiluðum eins og lið og þá er auðveldara að vinna. Öll mörk eru mikilvæg og ég er mjög ánægður með að skora," sagði Salomon Kalou sem skoraði þetta mikilvæga sigurmark Chelsea en þetta var fyrsti útisigur liðsins í Meistaradeildinni á tímabilinu.

Brasilíumaðurinn Kaka var maðurinn á bak við 3-0 útisigur Real Madrid á kýpverska liðinu APOEL Níkosía. Kaka kom inn á sem varamaður á 63. mínútu þegar ekkert hafði gengið hjá Real að skora þrátt fyrir mikla yfirburði. Kaka lagði upp fyrsta markið fyrir Karim Benzema og skoraði annað markið síðan sjálfur.

Karim Benzema bætti síðan við þriðja markinu í blálokin og hefur því skorað sjö mörk í Meistaradeildinni í vetur. - óój



**SALOMON KALOU** Fagnar hér sigurmarki sínu í gær ásamt Torres. MYND/AP

ÞÆGILEGU FERMINGAR-GJAFIRNAR Í VERSLUNUM N1

Vr. 1118 HF367
KATE SKRIFBORÐSSTÓLL
Með svörtu micro áklæði og háu baki.
29.900 KR.



GÓÐ VINNUAÐSTAÐA
Góður stóll eykur þægindi við lærdóm og vinnu og leggur þannig grunn að framtíðinni.

KOMDU OG SKOÐAÐU
Enn fleiri stólar fást í verslunum okkar.

Stórverslun Bíldshöfða 9 | Akureyri | Egilsstaðir | WWW. N1.IS



**GUÐJÓN VALUR** Mun spila með AG gegn Barcelona. MYND/AG

Meistaradeildin í handbolta:

# AG mætir Barca

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar í handbolta og voru þrjú Íslendingalið í pottinum.

AG frá Danmörku, sem fjórir íslenskir landsliðsmenn leika með, fékk erfiðasta verkefnið enda mætir liðið Evrópumeisturum Barcelona. AG ætlar að segja met í Meistaradeildinni í heimaleik sínum. Hann verður spilaður á Parken og verður pláss fyrir rúmlega 20 þúsund manns á leiknum.

Lið Alfreðs Gíslasonar, Kiel, fær einnig verðugt verkefni en Aron Pálmarsson og félagar fá að glíma við Ivano Balic og félaga í Croatia Zagreb. Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í Füchse Berlin mæta aftur á móti spænska liðinu Ademar Leon.

Í lokaleiknum spila síðan Atletico Madrid, áður Ciudad Real, og slóvenska liðið Cimos Koper. - hbg



**VALUR VANN SÍÐAST** Valskonur unnu síðasta leik á móti Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

N1-deild kvenna í kvöld:

# Titill í boði á Hlíðarenda

**HANDBOLTI** Valur og Fram mætast í kvöld í hreinum úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn í N1 deild kvenna en leikurinn fer fram í Vodafonehöllinni á Hlíðarenda og hefst klukkan 19.30.

Fram vann fyrri deildarleik liðanna á heimavelli, er með tveggja stiga forskot á Val og nægir jafntefli. Fram hefur unnið 13 deildarleiki í röð þar á meðal 26-21 heimasigur á Val.

Valskonur hafa ekki tapað síðan í Safamýrinni í byrjun janúar og eru búnar að vinna 23 leiki í röð í Vodafone-höllinni þar af 6 þeirra á móti Fram. Fram var síðasta liðið til að vinna Val á Hlíðarenda en það var 23. apríl 2010 eða fyrir 705 dögum. - óój







> **Stöð 2 Sport kl. 18.30**
> **AC Milan – Barcelona**

***Bein útsending frá stórleik AC Milan og Barcelona á San Siro. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.***




# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR MAN SJALDAN DAGSKRÁNA

# *Framhaldsseríur án framhaldslífs*

Ég er ekki góð í að fylgjast með sjónvarpsseríum. Ég man aldrei hvaða dag og klukkan hvað seríurnar sem mig langar að sjá eru. Dett óvart inn á einn þátt en missi svo af þeim næsta. Mögulega ætti ég að glugga oftar í dagskrána hér fyrir neðan en allavega, þegar maður hefur misst af einum þætti í framhaldsseríum er til lítils að reyna að fylgjast með. Ég hef varla töluna á þeim sjónvarpseríum sem ég hef byrjað á en ekki náð að klára. Gossip Girl, Greys Anatomy og 24. Ég hefði ekki séð Friends og Sex and the City nema af því að ég fékk þá að gjöf á DVD.

Upp á síðkastið hefur slæmt veðrið hjálpað mér að vera með puttana á púlsinum hvað varðar sjónvarpsgláp.



Fyrir vikið hef ég uppgötvað nokkrar nýjar seríur. Fyrst ber að nefna spennuþáttaröðina Homeland með leikkonunni Claire Danes í aðalhlutverki. Rannsóknarlögreglukona sem glímir við innri átök verður hrifin af viðfangsefni sínu, hermanni sem er grunaður um að skipuleggja hryðjuverk. Mjög gott. Hin serían er af allt annarri tegund en það er dans- og söngvaþátturinn Smash. Þátturinn fjallar um undirbúning á söngleik byggðum á lífi Marilyn Monroe. Hljómar hrikalega en er hin fínasta afþreying, ég meina það. Ég ætla að reyna að muna hvenær þeir eru svo þessar seríur hljóti ekki sömu örlög og hinar. Áhugasömum bendi ég á lesefnið hér fyrir neðan.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Á upplýsingaöld **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Skáld í útlegð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 Skólahreysti** (e)
**16.00 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Í mat hjá mömmu** (2:6) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (54:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (25:42)
**18.30 Gló magnaða** (48:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (99:109) (Brothers and Sisters) Þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.45 Meistaradeild í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Christian Dior í nærmynd** (Christian Dior, The Man Behind the Myth) Heimildarmynd um franska tískuhönnuðinn Christian Dior. Árið 1947 kom hann fram með nýja sýn á kvenlegan þokka, lagði heiminn að fótum sér og gerði París aftur að þeirri háborg tískunnar sem hún hafði verið fyrir stríð.
**23.15 Landinn** (e)
**23.45 Kastljós** (e)
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Time Traveler's Wife**
**10.00 Just Married**
**12.00 Percy Jackson &The Olympians: The Lightning Thief**
**14.00 Time Traveler's Wife**
**16.00 Just Married**
**18.00 Percy Jackson &The Olympians: The Lightning Thief**
**20.00 Knight and Day**
**22.00 Quantum of Solace**
**00.00 Shoot ´Em Up**
**02.00 My Blueberry Nights**
**04.00 Quantum of Solace**
**06.00 Mr. Woodcock**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (121:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 The Big Bang Theory** (20:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (22:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (13:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Til Death** (4:18)
**13.25 The Deep End** (4:6)
**14.15 Ghost Whisperer** (11:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (5:22)
**19.45 Better With You** (1:22) Rómantískir gamanþættir sem fjalla um systurnar Miu og Maddie sem eru eins ólíkar og hugsast getur. Maddie hefur búið með Ben undanfarin níu ár og Mia, yngri systir hennar, hyggst giftast kærastanum Casey sem hún hefur einungis þekkt í nokkrar vikur.
**20.10 New Girl** (7:24)
**20.35 Hannað fyrir Ísland** (2:7) Glæsilegir nýir þættir þar sem íslenskir hönnuðir fá að spreyta sig og nýta reynslu sína í að hanna bestu útivistarflíkur sem völ er á.
**21.20 Mildred Pierce** (4:5) Magnaðir þættir sem fjalla um unga móður sem stendur ein á báti í kreppunni miklu.
**22.30 Gossip Girl** (9:24)
**23.15 Pushing Daisies** (8:13)
**00.00 Mið-Ísland** (1:8)
**00.30 Alcatraz** (7:13)
**01.15 NCIS: Los Angeles** (14:24)
**02.00 Rescue Me** (6:22)
**02.45 Android Apocalypse**
**04.20 Mildred Pierce** (4:5)
**05.30 New Girl** (7:24)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**14.05 Tottenham - Bolton**
**15.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin**
**17.35 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: AC Milan - Barcelona** BEINT frá leik í 8 liða úrslitum.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**21.10 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Bayern** 8 liða úrslit
**23.00 Þýski handboltinn: Kiel - Fuchse Berlin**
**00.25 Meistaradeild Evrópu: AC Milan - Barcelona** 8 liða úrslit
**02.15 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Sunderland - QPR**
**18.20 Bolton - Blackburn**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Chelsea - Tottenham**

## 2 EXTRA

**19.00 The Doctors** (79:175)
**19.40 American Dad** (12:18)
**20.05 The Cleveland Show** (4:21)
**20.30 Mið-Ísland** (1:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (17:24)
**22.15 Two and a Half Men** (5:24)
**22.45 White Collar** (4:16)
**23.30 Burn Notice** (12:20)
**00.15 Community** (25:25)
**00.35 Malcolm In the Middle** (5:22)
**01.00 Better With You** (1:22)
**01.25 American Dad** (12:18)
**01.50 The Cleveland Show** (4:21)
**02.15 The Doctors** (79:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (12:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (18:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (20:22) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt.
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (7:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (7:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (2:48) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (4:24) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (3:14) Það er komið að því að stúlkurnar fá yfirhalningu en að vanda eru ekki allar jafn ánægðar með útkomuna.
**20.55 The Firm** (5:22)
**21.45 Law & Order UK** (4:13) Lögreglumaður er myrtur og við nánari skoðun kemur í ljós að nýlega hafði hann sakað kaþólskan prest um kynferðislega misnotkun.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Prime Suspect** (10:13) (e)
**00.05 HA?** (26:27) (e)
**00.55 The Walking Dead** (8:13) (e)
**01.45 The Firm** (5:22) (e)
**02.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Arnold Palmer Invitational 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Arnold Palmer Invitational 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (12:45) **19.15** LPGA Highlights (5:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (5:25) **21.35** Inside the PGA tour (13:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (12:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.05** My Family **07.35** The Inspector Lynley Mysteries **09.05** Come Dine With Me **09.55** EastEnders **10.25** Come Dine With Me **11.15** My Family **14.45** QI **15.45** The Best of Top Gear **16.35** The Graham Norton Show **17.25** Come Dine With Me **18.15** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** QI **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** My Family **00.15** The Inspector Lynley Mysteries **01.50** QI **02.50** Peep Show **03.20** Live at the Apollo **04.05** The Weakest Link **05.35** ,Allo ,Allo!

## DR 1

**11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Dyk Olli dyk **14.15** Timmy-tid **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Dyrehospitalet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Restaurant bag tremmer **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kærligheden har to sider **22.00** Onsdags Lotto **22.10** Nye hvide verden

## NRK 1

**13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Naturens undere **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Forbrukerinspektørene **18.15** Helt patent! **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** Lindmo **21.10** Kveldsnytt **21.25** Nasjonalgalleriet **21.55** Brenner - historier fra vårt land **22.35** Brennpunkt **23.35** Humorama

## svt1

**10.45** Genialt eller galet **11.05** Anslagstavlan **11.10** Dox **12.45** Cimarron Strip 12. Nobody **14.00** Rapport **14.05** Konståkning. VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Svenska dialektmysterier **19.30** Kobra **20.00** Game of Thrones **20.55** Konståkning. VM **21.40** Tv-cirkeln. Game of thrones **21.55** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.05** Skavlan **23.05** Dox

## iNN

**20.00** Tveggja manna tal **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## MORGUNMATURINN



*„Það er nú einfalt svar við því, ég fæ mér ekkert í morgunmat. Ég er bara aldrei orðinn svangur fyrr en í hádeginu. Stundum fæ ég mér þó djúsglas.“*

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður.

# Bera virðingu fyrir líkamanum

„Markmið samtakana er að stuðla að jákvæðum breytingum á viðhorfum sem tengjast holdafari og útliti fólks,“ segir Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og formaður nýstofnaðra íslenskra baráttusamtaka um líkamsvirðingu.

Sigrún byrjaði fyrst að vekja samfélagið til umhugsunar um þessa hluti árið 2006 þegar hún kom með megrunarlausa daginn hingað til lands.

Árið 2009 byrjaði hún svo að blogga um ýmislegt tengt heilsu og holdafari og þá fór boltinn að rúlla, og í dag eru þær fjórar sem skrifa á síðuna. Samtök um líkamsvirðingu voru svo formlega stofnuð þann 13. mars síðastliðinn og situr þar fimm manna stjórn, auk þess sem hópur fólks styður baráttuna á ýmsan hátt. Sigrún segir fólk oft misskilja það hver barátta þeirra sé og að samtökin hvetji fólk ekki til ólifnaðar heldur almenns heilbrigðis, óháð holdafari og útliti. Það sé þó staðreynd að átraskanir, slæmar þyngdastjórnunarleiðir og óhófleg áhersla á útlit séu alvarleg og raunveruleg vandamál í samfélaginu. „Líkamsvirðing felst í því að bera virðingu fyrir líkama sínum og hugsa vel um hann. Í stað þess að stjórna líkamanum með harðri hendi og þvinga hann til að vera og gera það sem við viljum,“ segir Sigrún í einni færslu sinni á bloggsíðu.

Samtök um líkamsvirðingu koma til með að standa fyrir átakinu „Fyrir hvað stendur þú“ í tengslum við megrunarlausa daginn í maí. Allir geta tekið þátt með því að senda inn mynd af sér með slagorði. Nánar má lesa um átakið og baráttuna á síðunni blog.eyjan.is/likamsvirding. - trs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SAMTÖK UM LÍKAMSVIRÐINGU** Sigrún Daníelsdóttir og Elva Björk Ágústsdóttir sitja í stjórn Samtaka um líkamsvirðingu, sem stuðlar að breyttum samfélagsviðhorfum varðandi útlit, heilsu og holdafar.






SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR: VIRKILEGA GAMAN AÐ HITTA HANA

# Hannaði skó úr vistvænum hráefnum fyrir Rossellini

„Hún var hæstánægð með skóna og það var virkilega gaman að hitta hana,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hönnuður Gyðju Collection, en hún sérhannaði skópar fyrir fyrirsætuna Elettru Rossellini Wiedemann.

Rossellini, sem er þekkt fyrirsæta og dóttir leikkonunnar Isabellu Rossellini, kom hingað til lands í síðustu viku til að opna pop-up veitingastað sinn Goodness. Sigrún Lilja hitti fyrirsætuna þar og afhenti henni skóna. „Ég er mikill aðdáandi Elettru en skórnir eru búnir að vera í vinnslu frá því í janúar. Ég vann þetta áfram og var svo í sambandi við hennar teymi. Skórnir handa henni eru sérhannaðir úr vistvænum hráefnum,“ segir Sigrún en veitingastaðurinn Goodness vinnur einungis með vistvæn hráefni.

Skóparið ber vinnuheitið Inspired by Elettra og er handgert úr leðri og íslensku laxaroði. Sigrún segist hafa hannað þá með stíl fyrirsætunnar og glæsileika í huga. Rossellini var himinlifandi yfir skónum og skrifaði strax þakkarkveðju á Twittersíðu sína „Ég elska þá, takk kærlega fyrir! Gaman að hitta þig.“ Sigrún segist bera mikla virðingu fyrir Rossellini og var hún mjög ánægð með veitingastaðinn. „Maturinn var dásamlegur og það var reglulega gaman að hlusta á fyrirlestrana hennar þar sem hún sagði frá lífi sínu og hvernig hún hefur byggt upp sitt eigið fyrirtæki. Hún er sjálfstæð kona og góð fyrirmynd,“ segir Sigrún sem hefur fengið það jákvæð viðbrögð við skónum að þeir verða fáanlegir í útvöldum verslunum með vorinu ásamt nýjustu línu Gyðju.

Martha Eiríksdóttir, sem aðstoðaði Rossellini er hún dvaldi hér á landi, segir að um eitt þúsund manns hafi heimsótt veitingastaðinn. „Við gáfum henni smá svigrúm á sunnudaginn til að skoða sig aðeins um. Þau fóru í Bláa lónið í brjáluðu veðri og fannst það æðislegt,“ segir Martha en kærasti Rossellini var með í för. „Þau eru bæði hugfangin af Íslandi og töluðu um hvað þetta væri áhugaverður staður, sérstaklega fyrir fólk frá New York. Hingað væri ekkert langt að fara og á Íslandi væri að finna góða hvíld frá ys og þys New Yorkborgar.“



**ÁNÆGÐ MEÐ SKÓNA** Elettra Rossellini Wiedemann var hæstánægð með sérhönnuðu skóna frá Sigrúnu Lilju Guðjónsdóttur og Gyðju Collection sem hún fékk þegar hún var stödd hér á landi í síðustu viku í tengslum við opnun pop-up veitingastaðarins Goodness en um eitt þúsund manns heimsóttu staðinn yfir helgina.

MYND/EGGERT JÓHANNESSON

alfrun@frettabladid.is
tinnaros@frettabladid.is






# Hörð barátta um bestu mottuna

Tom Selleck-mottukeppni fer fram á skemmtistaðnum Boston í kvöld þar sem karlmenn munu keppa um titilinn Flottasta motta landsins. Keppnin er haldin í tengslum við Mottumars Krabbameinsfélagsins og hefur átt miklum vinsældum að fagna undanfarin ár.

Ragnar Páll Steinsson, eða Raggi leðja eins og hann er betur þekktur, skipuleggur keppnina og er einnig fyrrum keppandi. „Það eru miklu fleiri karlmenn sem bera mottur og skegg í dag en þegar við byrjuðum með keppnina fyrir nokkrum árum síðan, þá þótti þetta bara asnalegt.“

Um tíu manns hafa þegar skráð sig til leiks en skráning er enn opin fyrir þá óákveðnustu. Páll Óskar Hjálmtýsson situr í dómnefnd í ár ásamt fjölmiðlamanninum Andra Frey Viðarssyni og verður Dóri DNA kynnir kvöldsins.

Ragnar segir allt stefna í harða keppni enda skarta keppendurnir allir voldugum mottum. „Ég á eiginlega ekki til orð, þetta eru svo flottar mottur. Ég vil þó taka fram að þetta er engin fegurðarsamkeppni og því mega menn ekki vera tregir við að skrá sig til þátttöku. Það er einfaldlega verið að fagna því að menn fái hár á efri vörina.“

Veitt eru verðlaun fyrir þrjár fallegustu motturnar en einnig hlýtur vinsælasti keppandinn verðlaun. Að lokum verður besti hýjungurinn verðlaunaður sem og flottasta Thule-mottan. Keppnin hefst klukkan 21 á Boston í kvöld. - sm





**FLOTTASTA MOTTAN Í FYRRA** Friðrik Ingvar Ingimundarson þótti vera með fallegustu mottuna í fyrra. Allt stefnir í harða keppni aftur í ár að sögn Ragnars Páls Steinssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# STÓR LAGERSALA

## Á ÚTIVISTAR & GOLFFATNAÐI



Verð áður kr. 22.990
Verð nú kr. 14.900

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Mikið úrval af golffatnaði, útivistarfatnaði, barnafatnaði og mörgu fleiru.



Verð áður kr. 14.990
Verð nú kr. 8.900

### OPNUNARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 28. mars | kl. 12-20 |
| Fimmtudagur | 29. mars | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 30. mars | kl. 12-20 |
| Laugardagur | 31. mars | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 1.apríl | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 2.apríl | kl. 12-20 |

**Lagersala - Nýbýlavegi 18**
(Dalbrekkumegin) - Kópavogi



Verð áður kr. 18.990
Verð nú kr. 9.900

ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinirnir blekktu Jóa

Leikarinn **Jóhannes Haukur Jóhannesson** var steggjaður í fyrradag. Hann vaknaði árla morguns og hélt út í Leifsstöð. Ferðinni var heitið til London, þar sem honum hafði verið sagt að hann væri að fara í framhaldsprufu fyrir væntanlega kvikmynd Baltasars Kormáks, 2 Guns – í þetta sinnið með Denzel Washington. Þegar í vélina var komið mættu vinir hans á staðinn og kom þá í ljós að um glens var að ræða. Félagarnir héldu til London, gæddu sér þar á mat og drykk og sungu í karókí. Meðal ferðalanganna voru leikararnir Guðjón Davíð Karlsson, eða Gói, Atli Þór Albertsson, Jóhann G. Jóhannsson og Orri Huginn Ágústsson og trommarinn Egill Örn Rafnsson. Jói gengur að eiga heitkonu sína, Rósu Björk Sveinsdóttur, í apríl.



### Vinsæl í Þýskalandi

Þýska tískutímaritið Tush tók nýverið viðtal við meðlimi danssveitarinnar **Steed Lord.** Í viðtalinu er nafn sveitarinnar meðal annars útskýrt fyrir blaðamanni Tush auk þess sem væntanleg plata Steed Lord er rædd. Brot úr viðtalinu er birt á vefsíðu blaðsins www.tushmagazine.com og einnig má hlusta á lagið 1 2 3 If You Want Me og horfa á myndbandið við lagið. Svo virðist sem tónlist Steed Lord falli vel í kramið hjá Þjóðverjum því stutt er síðan blaðamaður þýska tónlistartímaritsins Honk Magazine tilnefndi lagið Bed Of Needles sem besta lag ársins 2011.



- sh, sm

## Mest lesið vísir

1. Súkkulaðiát heldur fólki grönnu
2. Húsleit hjá Samherja í Reykjavík og á Akureyri
3. Ákærðir fyrir flókin og stórfelld fjársvik
4. Fær miskabætur vegna rannsóknar á nauðgun


Hver hremmir bráðina?




www.forlagid.is





VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Helgi og Hildur reka garðyrkjustöðina Gufuhlíð í Reykholti og rækta þar agúrkur. Gufuhlíð er fjölskyldufyrirtæki. Áður höfðu foreldrar Helga stundað garðyrkju á staðnum frá árinu 1965. Ræktunin í Gufuhlíð er vistvæn, gúrkurnar eru ræktaðar í vikri og er lífrænum vörnum beitt á plönturnar. Gróðurhúsin eru hituð upp með hveravatni.

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 10/10 - Ljósmyndir: Hari

